# FRÉTTABLAÐIÐ

200. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 25. ÁGÚST 2016




Að minnsta kosti 120 létu lífið í jarðskjálfta á Ítalíu í gær. Margra er enn saknað og óttast er að tala látinna eigi eftir að hækka. Flestir hinna látnu voru í bæjunum Amatrice og Accumoli, en fyrrnefndi bærinn jafnaðist nánast við jörðu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Málfríður Kolbeinsdóttir skrifar um pizzupartí ríkisins. 24

**SPORT** Ragnar vildi finna fótboltagleðina aftur. 30

**LÍFIÐ** Reykjavíkurdætur með samnefnda sýningu í Borgarleikhúsinu. 50

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









# Undrast ákvörðun menntamálaráðherra

**Rektor Háskóla Íslands og forstöðumaður mennta- og starfsþróunarsviðs lögreglunnar undrast að ekki sé farið eftir mati nefndar um hvert lögreglunámið ætti að fara. Lögreglan muni hins vegar vinna náið með HA að þróun námsins.**

**MENNTAMÁL** Ólafur Örn Bragason, forstöðumaður mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar, undrast að menntamálaráðherra hafi ekki farið eftir niðurstöðu matsnefndarinnar sem hann setti á laggirnar um nýtt lögreglunám á háskólastigi. Ólafur Örn var einn þeirra sem sátu í téðri matsnefnd.

„Þessi ákvörðun ráðherra kom mér á óvart. Ég hefði haldið að ráðherra myndi fara eftir niðurstöðum matsnefndar. Matsnefndin var skipuð þann 20. júlí og við kláruðum okkar miklu vinnu þann 8. ágúst síðastliðinn,“ segir Ólafur. „Matsnefndin gerði ekkert annað en að meta skólana eftir því verklagi sem ákveðið var í menntamálaráðuneytinu.“

> **Ég hefði haldið að ráðherra myndi fara eftir niðurstöðum matsnefndar.**
>
> Ólafur Örn Bragason, forstöðumaður mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar



Matsnefndin komst að þeirri niðurstöðu að þrír skólar væru hæfir til að taka að sér lögreglunám á háskólastigi. Háskóli Íslands var talinn hæfastur. Matsnefndin skilaði þeim niðurstöðum inn til Ríkiskaupa og sú stofnun sendi svo menntamálaráðuneytinu niðurstöðurnar með þeim orðum að Ríkiskaup teldu það skynsamlegast að fara að niðurstöðum matsnefndarinnar.

Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, segir þá miklu vinnu sem skólinn lagði í umsóknina hafa verið unna til einskis. „Mér þykir leitt að við höfum ekki fengið námið þar sem við vorum talin hæfust til þess,“ segir Jón Atli.

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, telur að með því að flytja námið til Akureyrar opnist möguleikar, en hann hefði samt viljað sjá námið í HÍ. **– sa**



Fjölmargir ætla að taka á því í ræktinni á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Reglur fyrir fólkið í ræktinni

**LÍFIÐ** Haustið nálgast og þá taka líkamsræktarstöðvarnar að fyllast af nýliðum jafnt sem vanara fólki. Þetta vill valda árekstrum enda eru ekki allir nýliðar, eðli málsins samkvæmt, kunnugir öllum þeim óskrifuðu reglum sem ríkja innan veggja líkamsræktarstöðvanna. Vana fólkið er stundum lítið skárra og sniðgengur þessar reglur enda bókstaflega þjakað af reynslu í lyftingabransanum og þarf engu að hlýða – að því er því finnst. Við ákváðum þess vegna að taka saman nokkrar góðar reglur til að gera haustið í ræktinni sem auðveldast fyrir alla. **– sþh /** **sjá síðu 46**




## Veður




Hæg norðlæg átt og skúrir, einkum síðdegis, en norðaustanstrekkingur og rigning með suðaustur- og austurströndinni. Hiti 10 til 17 stig, hlýjast vestan til.
SJÁ SÍÐU 36



Ylströndin í Nauthólsvík og gestir þar.

## Ylströndin verði opin lengur

**REYKJAVÍKURBORG** „Mikil eftirspurn er eftir lengri opnun á björtum sumarkvöldum,“ segir íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur sem leggur til að Ylströndin verði opin klukkutíma lengur á daginn á næsta ári.

Ráðið segir mikið um að fólk sem vinni til klukkan 17 og börn á námskeiðum fram eftir degi geti ekki nýtt sér bað- og strandferð snemma kvölds þar sem Ylströndinni sé lokað klukkan 19 á kvöldin.

ÍTR vill því að kannað verði hvort hægt sé að framlengja opnunartímann um eina klukkustund. – **gar**

## Áhugi á flugi til Japans

**UTANRÍKISMÁL** Vinna við gerð tvísköttunarsamnings, samstarf á sviði auðlinda- og orkumála og áhugi á gerð loftferðasamnings var meðal þess sem Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra ræddi í dag við hóp japanskra þingmanna sem staddir eru hér á landi. Tilefni heimsóknarinnar er 60 ára afmæli stjórnmálasambands milli Japans og Íslands.

Á fundinum var einnig rætt um samskipti landanna og samstarf á sviði alþjóðamála, viðskipta og menningar. Áhugi er á að auka samskiptin enn frekar, segir á vef utanríkisráðuneytisins. Mikill áhugi er til dæmis fyrir því að koma á beinu áætlunarflugi milli landanna, en bæði íslensku millilandaflugfélögin búa yfir flugvélum sem gætu flogið til Japans án millilendingar. – **jhh**

## Ein söngkona í níu hlutverkum



Kanadíska elektró-pönkdrottningin Peaches flutti söngleikinn Jesus Christ Superstar á Stóra sviði Borgarleikhússins í gær. Sýningin ber heitið Peaches Christ Superstar og söng Peaches öll níu aðalhlutverkin. Ljósmyndari Fréttablaðsins leit inn á æfingu seinnipartinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Samið verði við Heilsustofnun

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það getur ekki kallast góð pólitík að skera endalaust niður hjá stofnun sem sparað hefur ríkinu stórar fjárhæðir í gegnum tíðina,“ skrifar Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis, á bloggsíðu sína.

Kveðst Aldís að undanförnu hafa vakið athygli ráðherra og þingmanna á að samningur Heilsustofnunar NLFÍ sé „enn eina ferðina laus“. Hún geti ekki nógsamlega ítrekað mikilvægi þess að gerður verði langur samningur. Halda þurfi húsakosti og tækjum við til að hægt sé að tryggja góðan rekstur til framtíðar.

„Heilsustofnun hefur fyrir löngu sannað að sjúklingar og dvalargestir hafa stórbætt heilsu sína og líðan með dvöl þar og þannig hafa sparast gríðarleg fjárútlát fyrir hið opinbera sem annars þyrfti að sinna fjölda fólks með miklu dýrari úrræðum,“ undirstrikar bæjarstjórinn. – **gar**




# Bændur sem fara illa með dýr missi styrki

**Dýraverndunarsamband Íslands gagnrýnir harðlega nýja búvörusamninga og vill sjá breytingar á þeim. Núna er ekki hægt að svipta þá bændur greiðslu sem uppvísir verða að illri meðferð á dýrum. Dæmi eru til um mikinn hrottaskap.**

**DÝRAVELFERÐ** Dýraverndunarsamband Íslands vill að Matvælastofnun fái úrræði til að fella niður opinberar greiðslur í landbúnaði vegna brota á lögum og reglugerðum um velferð dýra.

Ákvæði þessa efnis var tekið út úr samningunum árið 2013. Ástæðan var sú að Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda lögðust gegn ákvæðinu.

Nú er komið annað hljóð í strokkinn og hefur formaður Bændasamtakanna sem og stjórn Landssambands kúabænda verið jákvæð í garð þess að slíkt ákvæði verði sett aftur inn í samningana.

Í harðorðri umsögn Dýraverndunarsambands Íslands um búvörusamninga segir félagið það ótækt með öllu að ríkið styrki fjárhagslega í gegnum búvörusamninga aðila sem uppvísir eru að lögbrotum eins og alvarlegu dýraníði. Skorar það á Alþingi að sjá til þess að heimild til að fella niður opinbera styrki vegna alvarlegs eða ítrekaðs dýraníðs verði felld inn í nýja búvörusamninga og búvörulög.

„Ég fæ ekki betur séð en að hið opinbera veiti ekki nægt fé til eftirlits með dýraníði hér á landi. Íslenskir neytendur vilja ekki að skattfé renni til einstaklinga sem uppvísir eru að því þarf Matvælastofnun að búa yfir úrræði til að stöðva svoleiðis voðaverk,“ segir Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndunarsambands Íslands, í samtali við Fréttablaðið.

„Enda hafa engir stigið fram í þeirri umræðu og lýst yfir stuðningi við að einstaklingar sem uppvísir eru að illri meðferð á skepnum njóti



Langstærstur hluti bænda fer vel með dýr sín en taka þarf hart á svörtum sauðum að mati DÍS. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Íslenskir neytendur vilja ekki að skattfé renni til einstaklinga sem uppvísir eru að hrottalegu dýraníði og því þarf Matvælastofnun að búa yfir úrræði til að stöðva svoleiðis voðaverk.



Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndunarsambands Íslands

styrkja,“ bætir Hallgerður við.

Dæmi eru um hrottalega meðferð bænda á gripum sínum. Í fyrra kom til að mynda upp mál þar sem bóndi á Norðurlandi batt kvígu í sinni eigu aftan í jeppa og dró hana eftir götunni. Var sú meðferð gagnrýnd harðlega en kvígan drapst af því að vera dregin eftir götunni.

Hallgerður segir það skipta máli að hægt sé að taka á verknaði sem þessum. „Til að mynda fær bóndi sem bindur kú sína aftan í bíl og dregur hana til dauða aðeins þrjú til fjögur hundruð þúsund krónur í stjórnvaldssekt en hann má enn halda skepnur. MAST þarf úrræði til að stöðva svoleiðis menn,“ segir Hallgerður.

**sveinn@frettabladid.is**


Hann er kominn!
IKEA
8.750,-
Nýr vörulisti
- allt verð lækkar
© Inter IKEA Systems B.V. 2016
18.950,-
BUSUNGE fataskápur
IKEA 365+ skálar
1.090,-/stk.
Ø22cm
89.900,-
MÖCKELBY borð
URBAN barnastóll 7.950,-
7.750,-/stk.
LEIFARNE stólar
JAFNLAUNA-
VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA

# Ekki mikil fækkun en fleiri leikskólar rifa þó seglin

**FÉLAGSMÁL** Leikskólinn Miðborg í miðbæ Reykjavíkur, þar sem þremur deildum af átta hefur verið lokað vegna fækkunar umsókna, er ekki sá eini í borginni sem dregur nú saman seglin.

„Í leikskólanum Holti í Fellahverfi hefur börnum fækkað og þar hefur einni deild verið lokað,“ segir Sigrún Björnsdóttir hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

„Þá stendur til að fjarlægja laus hús af skólalóð leikskólanna Maríuborgar og Geislabaugs í Grafarholti þar sem þeirra er ekki lengur þörf eftir stóru barnaárgangana,“ heldur Sigrún áfram.

Árgangarnir sem Sigrún vísar til eru börn fædd árin 2009 og 2010. „Einnig verður fjarlægð ein færanleg kennslustofa við leikskólann Laugasól, og ein slík hefur verið fjarlægð af lóð Grandaborgar,“ segir hún.

**5.797**

**börn höfðu verið innrituð í leikskóla Reykjavíkurborgar fyrir einni viku.**

Aðspurð segir Sigrún erfitt að bera saman innritunartölur á milli ára því verið sé að innrita börn fram eftir hausti og þá tveggja ára börn og yngri. Þó sé hægt að skoða tölur um fjölda leikskólabarna frá og með 1. október á milli ára. Þann 1. október í fyrra hafi börnin í borgarreknu leikskólunum verið 5.879 og 1. október 2014 voru þau 6.003.

„Nýjustu tölur miðað við 18. ágúst 2016 eru að 5.797 börn eru innrituð í borgarreknu leikskólana en þeim á eftir að fjölga eitthvað fram til 1. október,“ segir Sigrún. Fækkun barna í leikskólum borgarinnar er því almennt ekki hlutfallslega mikil, eða rúm 3 prósent frá 2014. Í Miðborg hefur innrituðum börnum hins vegar fækkað um 14 prósent á sama tíma. – gar

## Hagnaður Landsvirkjunar dregst saman

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Landsvirkjunar á fyrstu sex mánuðum ársins nam 34,8 milljónum dollara, jafnvirði 4,2 milljarða króna, samanborið við 63,9 milljónir dollara, 7,5 milljarða króna (á núverandi gengi) á sama tímabili árið áður.

Rekstrartekjur námu 206,9 milljónum dollara, 25,2 milljörðum króna og lækkuðu um 4,1 prósent frá sama tímabili árið áður. Tekjur lækka aðallega vegna lækkandi álverðs.



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

EBITDA nam 155,2 milljónum dollara, 18,9 milljörðum króna, á tímabilinu. EBITDA-hlutfall er 75 prósent af tekjum, en var 78,5 prósent á sama tímabili í fyrra.

Nettó skuldir lækkuðu um 39,4 milljónir dollara (4,8 milljarða króna) frá áramótum og voru í lok júní 1.946 milljónir dollara, 237,4 milljarðar króna. – sg

## Innkaupalisti á 1,7 milljónir

**SKÓLAMÁL** Fræðslu- og frístundanefnd Fjallabyggðar hvetur bæjaryfirvöld til að skoða hvort setja megi fé í ritfangakaup grunnskólabarna.

Fræðslunefndi vísar í erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga um kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfanga og annarra gagna vegna skólagöngu og í hvatningu frá Velferðarvaktinni um sama mál.

„Miðað við innkaupalista sem Grunnskóli Fjallabyggðar gefur út og verð á ritföngum sem Heimkaup birta á sinni heimasíðu og að því gefnu að allir nemendur kaupi allt sem er á innkaupalistanum yrði kostnaður sveitarfélagsins rúmar 1,7 milljónir króna,“ bendir fræðslunefndin á. – gar

# Segir útlendinga kaupa sér aðgang að íslenskum fjörðum

**Laxeldisfyrirtækið Arctic Fish er í 97,5 prósenta eigu fyrirtækja í Noregi og á Kýpur. Fyrirtæki með neikvætt eigið fé er metið á 7,4 milljarða. „Augljóst að verið sé að selja aðgang að íslenskum fjörðum,“ segir Orri Vigfússon, formaður NASF. Hann vill að umræða verði tekin um erlent eignarhald á fiskeldisfyrirtækjum.**

**IÐNAÐUR** Helmingur laxeldisfyrirtækisins Arctic Fish á Vestfjörðum er nú í eigu norska laxeldisrisans NRS eftir hlutafjáraukningu í fyrirtækinu. Kemur norska fyrirtækið inn með um 3,7 milljarða króna og er fyrirtækið því verðmetið á um 7,4 milljarða. Hinn helmingurinn er í eigu fyrirtækis á Kýpur, Beremsco Holding.

Athygli vekur að Arctic Fish var rekið með 700 milljóna króna halla á árinu 2014 og í lok árs var eigið fé þess neikvætt um rúmar þrjú hundruð milljónir. Nú, einu og hálfu ári seinna, er verðið á fyrirtækinu mjög hátt.

„Fyrirtækið hefur frá upphafi verið í eigu erlendra aðila. Íslendingar hafa átt fimm prósent í því en eftir hlutafjáraukninguna er sá hlutur 2,5 prósent,“ segir Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri Arctic Fish.

Orri Vigfússon, formaður NASF, félags um verndun Norður-Atlantshafslaxinn, segir verðið á fyrirtækinu ekki geta byggst á neinu öðru en væntingum til framtíðar. „Það er verið að selja aðgang að íslenskum fjörðum enda hafa innlendu fiskeldisfyrirtækin sótt um heimild til eldis upp á tugi þúsunda tonna sem nánast ekkert gjald er tekið fyrir,“ segir Orri. „Til samanburðar héldu norsk yfirvöld uppboð á heimildum fyrir laxeldi í sjó og voru átta hundruð milljónir króna boðnar í ódýrustu eitt þúsund tonna framleiðsluleyfin.“

Hér á landi greiða fiskeldisfyrirtækin í svokallaðan umhverfissjóð og er greiðslan eitthvað í kringum 2,5 milljónir króna fyrir þúsund tonn.

Orri vill að umræða verði tekin í samfélaginu um erlent eignarhald á fiskeldisfyrirtækjum á sama tíma og strangar reglur eru til um eignarhald erlendra einstaklinga í sjávarútvegsfyrirtækjum hér á landi. „Því virðist augljóst að verið sé að selja ódýran eldiskvóta og íslenskur almenningur fær ekkert fyrir þá sölu í formi auðlindagjalds,“ bætir Orri við.



Forsvarsmenn Arctic Fish áforma að slátra um 8.000 tonnum árlega innan fárra ára. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

**700**

**milljóna króna tap varð á rekstri Arctic Fish á árinu 2014.**

**Því virðist augljóst að verið sé að selja ódýran eldiskvóta og íslenskur almenningur fær ekkert fyrir þá sölu í formi auðlindagjalds.**

Orri Vigfússon, formaður NASF



Sigurður segir ekki hægt að bera saman norskar aðstæður í laxeldi og svo á Íslandi. „Í Noregi hefur öll rannsóknarvinna farið fram og norska ríkið er búið að skipuleggja allt eldi í sjó. Hér þurfa fyrirtækin sjálf að greiða fyrir rannsóknir og annað sem til fellur við umsóknir um leyfi og því ekki hægt að bera saman aðstæðurnar,“ segir Sigurður.

sveinn@frettabladid.is


LANGTÍMALEIGA

NÚNA ER RÉTTA TÆKIFÆRIÐ

Núna er rétta tækifærið til að gera langtímaleigusamning hjá Átak bílaleigu. Þeir sem gera langtímasamning til **24 mánaða** eða lengur fyrir **27. ágúst** fá **30% afslátt** af fyrsta mánuðinum og **10.000 kr.** eldsneytisinneign hjá Olís.

INNIFALIÐ Í ÞJÓNUSTUNNI

Bifreiðagjöld • tryggingar • sumardekk • vetrardekk • þjónustuskoðanir dekkjaskipti • olíuskipti • hefðbundið viðhald • 2.000 km á mánuði.

Hjá okkur færðu alþrif á bílnum einu sinni í mánuði.

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 554 6040 • atak@atak.is • www.atak.is



30% 30% afsláttur af fyrsta mánuðinum

10 þús. kr. 10.000 kr. inneign á eldsneyti hjá Olís

átak BÍLALEIGA



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
SPRENGI VIKA
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.
Viðarvörn og útimálning
20% afsláttur
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
DRYGOLIN
20% afsláttur
ÖLL viðarvörn og útimálning
Allar perur
20% afsláttur
OSRAM
SPRENGIVERÐ
Á meðan birgir endast
Erikur, 3 stk.
999kr
1.797kr
44% afsláttur
ÚTSALA-ÚTSALA
1.499kr
2.690kr
Orkidea
blómaval
Byggjum á betra verði
www.husa.is

## Mannskæðustu skjálftar á Ítalíu undanfarna öld

**28.12. 1908** Skjálfti sem mældist 7,2 stig varð meira en 82 þúsund manns að bana. Miklar skemmdir urðu í Messina á Sikiley.

**13.01. 1915** Skjálfti sem mældist 7,0 stig kostaði nærri 33 þúsund manns lífið í Avezzano, sem er skammt suður af L'Aquila á Mið-Ítalíu.

**27.07. 1930** Í Irpina-héraði á Suður-Ítalíu varð skjálfti sem mældist 6,5 stig og kostaði um 1.400 manns lífið.

**06.04. 1976** Hátt í þúsund manns létu lífið þegar skjálfti, sem mældist 6,5 stig, varð í Friuli á norð-austurhluta Ítalíu.

**23.11. 1980** Meira en 2.700 manns létu lífið í 6,5 stiga jarð-skjálfta í Eboli og nágrenni.

**31.10. 2002** Jarðskjálfti, sem mældist 5,9 stig, varð í Campobasso sunnan til á Mið-Ítalíu. Þar létu 30 manns lífið.

**06.04. 2009** Meira en 300 manns létu lífið þegar jarðskjálfti af stærðinni 6,3 varð í Abruzzo-héraði austur af Róm.




## Jarðskjálftinn

Skjálftinn mældist 6,2 stig að stærð og varð í Appennína-fjallgarðinum austan til á Mið-Ítalíu.




**03.36 að staðartíma:** Upptök skjálftans voru 76 km suðaustur af borginni Perugia á tíu kílómetra dýpi.

Heimild: USGS

**40** eftirskjálftar urðu næstu klukkutímana, sá stærsti 5,5 að stærð.

**Hálft þorpið er horfið.**

Sergio Pirozzi, bæjarstjóri í Amatrice

# Gríðarlegar skemmdir eftir jarðskjálfta

Jarðskjálftinn á Ítalíu kostaði meira en 120 manns lífið hið minnsta, en óttast var að tala látinna ætti eftir að hækka. Margra var enn saknað í gær. Leitað var í rústum húsa í von um að finna fólk þar á lífi. Hundruð eftirskjálfta urðu næstu klukkutímana á eftir.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**ÍTALÍA** „Hálft þorpið er horfið,“ sagði Sergio Pirozzi, bæjarstjóri í Amatrice, við fjölmiðla í gær. „Björgunarstörf eru í gangi og þau eru afar erfið. Markmiðið nú er að bjarga eins mörgum mannslífum og unnt verður.“

Þorpið hans varð, ásamt nágrannabæjunum Accumoli og Arquata del Tronto, verst úti í jarðskjálftanum sem reið yfir í fyrrinótt. Hann sagði að heyra mætti fólk hrópa á hjálp grafið undir rústunum.

Að minnsta kosti 120 létu lífið en margra var saknað og óttast var að tala látinna ætti eftir að hækka. Vitað var um 86 látna í bæjunum Amatrice Accumoli og 34 í Markehéraði.

Amatrice er þekkt fyrir sögulegar byggingar í gamla miðbænum, sem hefur haft mikið aðdráttarafl á ferðafólk. Sjúkrahúsið í bænum skemmdist verulega svo flytja þurfti sjúklinga út á götur. Einnig þurfti að rýma dvalarheimili aldraðra.

Matteo Renzi forsætisráðherra sagði að næstu dagana yrði öll áhersla lögð á að bjarga fólki sem enn kynni að vera á lífi í rústunum.

Meðal annars var herinn kallaður út til að vinna að björgunarstörfum.

Skjálftinn varð klukkan 3.36 að staðartíma eða rúmlega hálf tvö að íslenskum tíma. Hann mældist 6,2 að stærð en upptökin voru á tíu kílómetra dýpi í fjöllunum syðst í Úmbríuhéraði á Mið-Ítalíu, tæplega 70 kílómetra suðaustur af borginni Perugia.

Hundruð eftirskjálfta urðu næstu klukkutímana, sá sterkasti um það bil klukkustund síðar og mældist hann 5,5 stig.




Skemmdirnar urðu mestar í þorpinu Amatrice, sem bæjarstjórinn segir að hafi eyðilagst að hálfu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Skjálftinn fannst nokkuð vel í Róm, sem er 150 kílómetra suðvestur af upptökum skjálftans. Hann fannst einnig allt norður til Bologna og suður til Napolí.

Bæði François Hollande Frakklandsforseti og Angela Merkel Þýskalandskanslari, sem eru nýkomin frá Ítalíu, hafa boðið fram hjálp sína: „Myndirnar sem við sjáum eru skelfilegar,“ segir Merkel. „Við verðum tilbúin til að gera hvað sem við getum til að hjálpa Ítalíu ef þörf verður á.“

Frans páfi frestaði að hluta hinni vikulegu áheyrn sinni á Péturstorginu í Róm til að minnast þeirra sem eiga um sárt að binda vegna jarðskjálftans: „Það snerti mig djúpt að heyra borgarstjórann í Amatrice segja að þorpið væri ekki lengur til og vita að á meðal hinna látnu væru börn,“ sagði páfi.

Skjálftinn er sagður álíka stór og skjálftinn mikli árið 2009, sem varð meira en 300 manns að bana. Upptök þess skjálfta voru í Abruzzo-héraði rétt hjá bænum L'Aquila, sem er aðeins 50 kílómetra suður af Amatrice.

Bandaríska jarðfræðistofnunin USGS rifjar upp að stórir jarðskjálftar hafi verið nokkuð algengir á þessum slóðum austan til á Mið-Ítalíu, á flóknum flekamótum Appennína-fjallgarðsins sem liggur eftir Ítalíu endilangri.

Skjálftar á Ítalíu hafa stundum kostað tugi þúsunda manna lífið. Þannig létu 10 þúsund manns í jarðskjálfta í Kampaníuhéraði árið 1688, 10 þúsund í Úmbríu árið 1703, nærri 30 þúsund í Kalabríu árið 1783, meira en 60 þúsund á Suður-Ítalíu árið 1908 og um 30 þúsund manns létust árið 1915 í jarðskjálfta á svipuðum slóðum og skjálftinn í fyrrinótt.

## Dómsmál vegna jarðskjálftans í L'Aquila 2009

Árið 2009 varð harður jarðskjálfti á svipuðum slóðum og skjálftinn í gær, nokkru sunnar þó. Bærinn L'Aquila varð verst úti og létu þar meira en 300 manns lífið.

Vikurnar fyrir skjálftann mikla höfðu nokkrir minni skjálftar vakið með íbúum ugg um að stór skjálfti gæti verið í vændum. Kölluð var saman nefnd til að meta hættuna.

Þann 31. mars var svo boðað til blaðamannafundar þar sem gert var lítið úr hættunni. Aðeins viku síðar, þann 6. apríl, reið stóri skjálftinn yfir. Fljótlega tók reiði að beinast að þeim, sem voru á þessum blaðamannafundi.

### Vísindamennirnir sex

Sex ítalskir jarðvísindamenn voru ákærðir fyrir manndráp fyrir að hafa lýst því yfir að engin hætta væri á ferðum. Vegna yfirlýsinga þeirra á blaðamannafundinum hefði almenningur jafnt sem stjórnvöld fyllst fölsku öryggi. Árið 2012 voru þeir allir dæmdir í sex ára fangelsi. Tveimur árum síðar voru þeir sýknaðir af áfrýjunardómstól. Sannað þótti að vísindamennirnir sex hefðu aldrei fullyrt að engin hætta væri á stórum jarðskjálfta. Þeir hefðu aðeins sagt að þeir gætu ekkert fullyrt um það.

### Yfirmaður umhverfisstofnunar Ítalíu

**Bernardo De Bernardinis**, yfirmaður ISPRA, ítölsku umhverfisstofnunarinnar, var sá sjöundi sem ákærður var fyrir manndráp. Það var hann sem fullyrti við fjölmiðla að engin hætta væri á ferðum. Vísindamennirnir hefðu fullvissað sig um



það. Hann var upphaflega dæmdur í sex ára fangelsi árið 2012 eins og vísindamennirnir, en áfrýjunardómstóll sýknaði hann ekki árið 2014 heldur mildaði dóminn. Í stað sex ára þarf hann nú að sitja tvö ár í fangelsi.



### Forstjóri almannavarna Ítalíu

**Guido Bertolaso** er forstjóri almannavarnastofnunar Ítalíu. Eftir að sex af sjö sakborningum voru sýknaðir í október árið 2012 og dómurinn yfir þeim sjöunda mildaður, var ákveðið að ákæra Bertolaso fyrir hans hlut að málinu. Upptaka af símtali leiðir í ljós að fyrir blaðamannafundinn örlagaríka talaði hann um fundinn sem fjölmiðlaviðburð. Tilgangurinn með fundinum væri að þagga niður í vísindamanninum Giampaolo Giuliani, eina manninum sem hafði opinberlega spáð stóra skjálftanum.




# BIOTHERM KYNNING

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, HOLTAGÖRÐUM, SKEIFUNNI, SPÖNGINNI, GARÐABÆ, SELFOSSI OG AKUREYRI 25. ÁGÚST TIL 31. ÁGÚST.




**20% AFSLÁTTUR AF**
ÖLLUM DÖMU- OG HERRAVÖRUM FRÁ BIOTHERM Í KYNNINGUNNI

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 kr eða meira á meðan birgðir endast.

BIOTHERM mun gefa 300 krónur fyrir hverja selda vöru í Blue Therapy línunni til samtakanna EVERY MOTHER COUNTS sem CHRISTY TURLINGTON BURNS stofnaði og hljóp til stuðnings í Reykjavíkurmaraþoninu síðasta laugardag.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# Svimi, höfuðverkur og súrefnisskortur

**Flugliðar Icelandair segja mikinn mun að fljúga með nýjustu vél félagsins en ekki er eins mikill hávaði um borð og loftið er betra. Undanfarið hefur mikið verið um veikindi meðal starfsmanna. Icelandair hefur gripið til umfangsmikilla aðgerða vegna málsins.**

Nadine Guðrún Yaghi
nadine@frettabladid.is
Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is






Áhafnir flugvéla Icelandair fengu póst á dögunum þar sem greint var frá auknum veikindum meðal starfsmanna. Flugliðar hafa veikst um borð en að sögn flugliða sem Fréttablaðið ræddi við lýsa veikindin sér í svima og höfuðverk. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRGVIN

**SAMFÉLAG** Flugliðar Icelandair sem Fréttablaðið ræddi við segja mikinn mun á að fljúga með nýjustu vél félagsins, Boeing 767, og eldri vélum í flugflota þess, þar sem ekki er eins mikill hávaði um borð í nýju vélinni og loftið er mun betra. Undanfarið hefur verið fjallað um aukin veikindi áhafna fyrirtækisins. Hilmar B. Baldursson, flugrekstrarstjóri félagsins, sendi á dögunum bréf til starfsmanna þar sem hann greindi frá því að fyrirtækið hefði gripið til umfangsmikilla aðgerða vegna aukinna veikinda starfsfólks. Þá sagði Axel F. Sigurðsson, hjartalæknir og trúnaðarlæknir Icelandair, í samtali við fréttastofu að veikindi flugliða hefðu verið þekkt vandamál hjá fyrirtækinu í áratugi. Það sé hins vegar verið að skoða það núna hvers vegna veikindi flugliða Icelandair hafi aukist undanfarna mánuði. Icelandair hefur meðal annars óskað eftir aðstoð Rannsóknarnefndar flugslysa.

Fréttablaðið hafði samband við um þrjátíu flugliða félagsins. Sumir neituðu að tjá sig um málið en þeir sem tjáðu sig vildu ekki koma fram undir nafni. Þó nokkrir flugliðar sögðust ekki hafa heyrt neitt meira af málinu en það sem kom fram í umræddu bréfi og höfðu ekki fengið neinar frekari upplýsingar. Þeir flugliðar kannast ekki við veikindi né óþægindi um borð.

Aðspurðir um einkenni veikindanna sögðu nokkrir að um væri að ræða svima, höfuðverk og súrefnisskort. Ein flugfreyja talaði um að starfsumhverfið væri krefjandi og að margir nýliðar áttuðu sig ekki almennilega á vinnuaðstæðunum fyrr en þeir kynntust vinnuumhverfinu af eigin raun. Einnig sagði hún dagsformið skipta miklu máli þar sem ekki væri æskilegt að mæta til vinnu slappur eða illa fyrir kallaður. Aðrir vildu meina að það væru ekki einungis nýliðar sem fyndu fyrir óþægindum heldur hefðu reyndir starfsmenn orðið veikir um borð.

Önnur flugfreyja var á því að áhrif vegna slappleika gætu margfaldast í háloftunum. Hún útskýrði að ómögulegt væri að komast veikur heim eftir að vélin væri komin í loftið. Hún telur því mikilvægt að hlusta á líkama sinn og fara ekki í flug illa upplagður.

Ein þeirra flugfreyja sem Fréttablaðið ræddi við veiktist um borð. Hún fann fyrir miklum óþægindum sem lýstu sér í höfuðverk, svima og súrefnisskorti. Yfirflugfreyja vélarinnar kom henni til aðstoðar og gaf henni súrefni. Henni leið strax betur í kjölfarið. Hún hefur haldið áfram störfum sínum sem flugfreyja og leggur áherslu á að eldri flugliðar hjá félaginu hvetji nýliða til að láta vita ef veikindi eða óþægindi komi upp um borð.

Þá virðast aukin veikindi starfsfólks Icelandair ekki hafa haft áhrif á farþega. Einn flugliðanna sagði ástæðuna líklega vera að allt annað væri að vera farþegi í flugvél en að vinna um borð. Farþegar finni síður fyrir einkennum.

Ekki náðist í Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúa Icelandair, við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.



RANGE ROVER EVOQUE

# HÖNNUN Í FREMSTU LÍNU

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn hrífandi nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Ný 2,0 lítra INGENIUM dísilvél Evoque er ekki einungis léttari og aflmeiri heldur nýtir hún eldsneytið að meðaltali um 17% betur og hefur að sama skapi 17% minni $CO_2$ útblástur. Við bjóðum ykkur velkomin að reynsluaka nýjum Range Rover Evoque.

Range Rover Evoque dísil, sjálfskiptur kostar frá 7.690.000 kr.

www.landrover.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Kalífinn leiddi bæn og guð ýtti á pásu

**Íslenskir ahmadyyia-múslimar heimsóttu alþjóðlega ráðstefnu trúfélagsins á Englandi um þarsíðustu helgi. Birgir Örn Steinarsson var með í för. Eini maðurinn með óþægilega nærveru á staðnum var austurrískur nýnasisti sem vildi rökræða afstöðu sína til múslima.**

Birgir Örn Steinarssom
birgirorn@365.is



Ég er staddur á akri í Hampshire, nokkra kílómetra fyrir utan smábæinn Farnborough á Englandi. Ég er umkringdur múslimum. Það er nýbúið að segja mér að þeir séu um 40 þúsund talsins.

Ef einhver utanaðkomandi myndi rata á þann stað sem ég stend á myndi sá hinn sami eflaust halda að hann væri staddur á tónlistarhátíð. Hér eru hvít tjöld úti um allt. Risatjöld sem rúma samtals yfir 20 þúsund manns, matsölubásar, aðstaða fyrir sjónvarps- og útvarpsfólk og kynningarbásar hjálparsamtaka. En hér hefur ekki verið spiluð nein tónlist í þrjá daga. Ekki ein nóta. Hér eru heldur engir vímugjafar, hvorki áfengi né gras.

Ég stend fyrir utan stærsta tjaldið þar sem kalífinn Mirza Masroor Ahmad, trúarleiðtogi ahmadyyia-múslima, er að halda lokaræðu sína á úrdú eftir þriggja daga Jalsa Salana, sem þýðir „alþjóðleg ráðstefna“. Þetta er í fimmtugasta skipti sem ráðstefnan er haldin í Bretlandi. Fyrr um daginn ávörpuðu nokkrir stjórnmálamenn samkomuna. Þar á meðal voru varaforseti Úganda og Tim Farron, formaður Frjálslyndra demókrata, sem og Matthew Bayliss, bæjarstjóri Alton í næsta nágrenni. Bretadrottning mætti ekki en sendi kveðju sem var lesin yfir hópinn.

Ég ætti að vera inni í tjaldinu að fylgjast með kalífanum ásamt þeim þremur íslensku ahmadyyia-múslimum sem ég ferðaðist með hingað og trúboðanum Mansoor Malik sem kynnti trúarbrögðin fyrst fyrir þeim í Kolaportinu. En ég þoldi illa hitann og eintóna rödd kalífans (sem yrðir einungis á fylgjendur sína á úrdú) hjálpaði ekki til við baráttu mína við að halda athygli á litla sérhannaða útvarpstækinu sem ég er með í eyranu.

### Múslimaríki bera ábyrgð

Tækið virkar líka fyrir utan tjaldið þannig að ég get átt stund með sjálfum mér en samt fylgst með því sem fram fer inni. Röddin í eyranu á mér þýðir jafnóðum hvað kalífinn er að segja. Ég stend í sólinni agndofa yfir ræðu hans. Tveir strákar eru að sparka á milli sín steinum í nokkurra metra fjarlægð frá mér og hundruð karlmanna standa fyrir utan tjaldið og ræða saman. Kalífinn að tala um ábyrgð múslimaríkja í þeirri bylgju hryðjuverka sem hefur riðið yfir Evrópu- og Afríkuríki síðasta árið.

Hann segir múslimaríki bera mestu ábyrgðina og að þau verði að finna leiðir til þess að berjast á móti öfgum í trúnni. Það sé hægt með því að einbeita sér að kjarnanum; fjölskyldunni sjálfri. Hlúa að sínu fólk, tileinka sér aukið umburðarlyndi fyrir menningarsiðum annarra. Daginn áður talaði hann í tvo klukkutíma um mikilvægi þess að ná fram kynjajafnrétti á meðal þjóða íslams. Ég hugsa með mér hversu mikilvægt sé að trúarleiðtogi um 20 milljóna múslima skuli tala við sitt eigið fólk á þennan hátt. Það kom mér svo sem ekkert á óvart því Mizra Masroor hefur síðustu ár verið fyrstur til þess að fordæma hryðjuverk sem framin hafa verið í nafni íslams. Með þá hugsun í höfði gerist svolítið stórkostlegt.

Kalífinn klárar ræðu sína og biður gesti um að fylgja sér í þögulli bæn. Allt í einu ríkir algjör kyrrð, innan tjalds sem utan. Það er eins og einhver hafi skyndilega ýtt á pásu, öll truflun á náttúrunni af mannavöldum stöðvast. Jafnvel strákarnir hætta að sparka steinunum, standa kyrrir og setja hendurnar fyrir andlitið. Ég geri það sama. Það eina sem truflar er þýðandinn í eyranu á mér sem er byrjaður að gráta yfir upplifuninni. Sólin vermir á meðan. Ef guð hefur einhvern tímann verið einhvers staðar, þá var hann þarna – á þessu augnabliki.

Kalífinn lýkur bæninni og guð ýtir aftur á play-takkann. Ég hugsa með mér að það eitt að það sé mögulegt að 40 þúsund manns geti safnast saman á þremur dögum án þess að það verði nokkurt ósætti, rifrildi, slagsmál eða nauðganir sé minniháttar kraftaverk. Á Íslandi er okkur kennt að þar sem mannfólk safnast saman í þúsundum sé það óumflýjanlegur fylgifiskur að breyskleiki mannsins rati upp á yfirborðið með ofbeldisfullum hætti. Á fáum stöðum, innan um þúsundir manna hefur mér fundist ég jafn öruggur og á Jalsa Salana.



Mizra Masroor Ahmad, trúarleiðtogi Ahmadyyia-múslima og fimmti kalífinn. Hann hefur alla tíð barist á móti öfgum í trúnni og á móti vopnavæðingu heimsins.



Bay'har innvígsluathöfnin er einn af lokapunktum Jalsa Salana árlega.

## Ahmadyyia-múslimar

Ahmadyyia-múslimar er trúarhópur sem á rætur sínar að rekja til Punjab í Pakistan undir lok 19. aldar. Trúarhópurinn byggir á sömu hugmyndafræði og aðrir múslimar og les sömu trúarrit. Helsti munurinn er að þeir trúa því að messías sá sem Múhameð á að hafa spáð um sé þegar kominn. Hann hét Mirza Ghulam Ahmad, fæddist 1835 og dó 1908. Þetta fer fyrir brjóstið á strangtrúuðum sjía- og súnní-múslimum í Pakistan og eru trúarbrögðin ólögleg þar. Þar af leiðandi hafa ahmadyyia-múslimar verið ofsóttir þar í landi. Talið er að um 20 milljónir múslima í heiminum í dag séu ahmadyyia.

**Ahmadyyia-múslimar á Íslandi**
Amadyyia-múslimar hafa verið með trúboða á Íslandi í nokkur ár og til þessa hefur þeirra helsta vígi verið í Kolaportinu. Flestir þeirra íslensku múslima sem hafa gengið í samfélagið hafa fyrst komist í snertingu við það í Kolaportinu. Ahmadyyia-múslimar hafa ekki enn skráð trúfélagið formlega hér á landi en íslenskir múslimar í samfélaginu eru færri en tíu talsins. Núverandi trúboði hér heitir Mansoor Malik en hann er Þjóðverji. Mansoor segist ætla að bíða með að skrá félagið hér á landi þar til að fleiri hafa bæst í hópinn.

**Jalsa Salana**
Jalsa Salana er alþjóðleg trúarleg samkoma ahmadyyia-múslima sem er haldin árlega víðsvegar um heim. Einkennisorð Jalsa Salana hljóma eins og þau séu úr Bítlalagi; Love for all, hatred for none. Megintilgangur samkomunnar er að styrkja trúna, auka skilning og þekkingu á atburðum núlíðandi stundar og hitta fólk af ólíkum uppruna. Árlega eru veitt friðarverðlaun á hátíðinni en í ár fékk Setsuko Thurlow verðlaunin. Hún lifði af kjarnorkuárásina á Hiroshima og hefur gert það að ævistarfi sínu að berjast fyrir því að kjarnavopn verði lögð niður á heimsvísu.

## Kalífinn

**Masroor Ahmad,** núverandi leiðtogi ahmadyyia-múslima, er sjá fjórði sem tekur við stöðunni eftir dauða messíasarins en hann er einnig barnabarnabarn hans. Eiginkona hans er svo dóttir annars kalífans. Masroor hefur einbeitt sér að því að hvetja ríki heims til þess að eyða kjarnavopnum og leggur áherslu á að sameina leiðtoga trúarbragða í friðsælum umræðum. Hann komst í heimsfréttirnar þegar hann gagnrýndi síðasta páfa fyrir vanþekkingu á íslam. Nýlega hefur hann hvatt ahmadyyia-múslima til að berjast gegn öfgum innan íslams í baráttu gegn hryðjuverkaárásum.

### Austuríski nýnasistinn

Eini maðurinn með óþægilega nærveru á staðnum var austurrískur nýnasisti að nafni Martin. Hann hitti ég á barnum kvöldið fyrir ráðstefnuna. Í ölæði sínu sagði hann mér að hann vildi banna múslima í Evrópu og gefa landamæravörðum leyfi til þess að skjóta á flóttafólk sem reyndi að komast inn í landið. Ég get aðeins ímyndað mér að hann hafi verið á staðnum til þess að njósna og fá einhvers konar staðfestingu á helsta ótta sínum. Að múslimar ætli sér að taka yfir Evrópu, ryðja vestrænum gildum til hliðar og koma á sjaría-lögum.

Seinna, eftir að yfirvöldum á svæðinu hafði verið tilkynnt um ásetning hans, var ég hissa að sjá hann á svæðinu. Hann ræðst að mér og er óður í að króa mig af í næsta horni til þess að rökræða við mig afstöðu sína til múslima. Ég segi honum eins kurteislega og ég get að ég hafi lítinn áhuga á að rökræða við hann um slík málefni á þessum stað. Slíkt þyki mér óviðeigandi sem gestur á friðsælli samkomu innan um þúsundir ólíkra manneskja sem hann hafi þegar litað sem óvini í huga sínum. Hann horfði grimmdarlega í augun á mér og sagði: „Þinn dómur mun koma ... fljótt, sjáðu til. Allah, sér til þess ... það er það sem þú trúir, er það ekki?“ Ég klappaði honum á öxlina, bauð honum að eiga góðan dag og gekk í burtu.

Seinna þegar ég spurði Mansoor trúboða hvers vegna austurríska nýnasistanum hefði ekki verið vísað af svæðinu eftir að flett var ofan af honum svaraði hann: „Ég held að hann þurfi að leggja heilmikið á sig ef hann ætlar að halda áfram að hata á svona stað. Er ekki bara betra að gefa honum mat, sýna honum kærleika og vonast til þess að hann hlusti á það sem hér er sagt?“




GILDIR ÚT SUNNUDAG

Finndu okkur á facebook

Opið til kl. 21:00 í kvöld

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## NEYTENDUR

# Er vond lykt af íþróttafötunum þínum?

**Vonda lyktin magnast ef notað er mýkingarefni við þvottinn, að því er norskur sérfræðingur greinir frá. Óhreinn íþróttafatnaður á ekki að liggja blautur í töskunni. Best er að þvo íþróttaflíkurnar eins fljótt og unnt er. Hengja á fatnaðinn upp strax eftir þvott.**

Það er kannski ekki endilega ástæða til að fleygja íþróttafatnaði úr gerviefnum sem farinn er að lykta illa. Það má grípa til ýmissa ráða áður en gefist er upp.

Á vef norska ríkisútvarpsins er haft eftir Ingun Grimstad Klepp, sérfræðingi hjá rannsóknastofnun í málefnum neytenda, að best sé að þvo allan fatnað í samræmi við þvottaleiðbeiningar. Hins vegar eigi alls ekki að nota mýkingarefni þegar föt úr gerviefnum eru þvegin. Sé mýkingarefni notað verði lyktin sterkari og marga þvotta þurfi á eftir til að ná henni úr.

Mýkingarefni hafa verið sögð draga úr eiginleikum efnisins til að hleypa út svita.

Að sögn sérfræðingsins eru efni sem draga eiga úr vexti baktería og vondri lykt sett í gerviefni við framleiðslu þeirra. Þessi viðbættu efni hverfi smátt og smátt við þvott auk þess sem virkni þeirra sé takmörkuð. Hún segir að það eina sem dugi, ætli menn ekki að þvo íþróttafatnað eftir hverja notkun, sé að æfa í ullarfatnaði. Notkun ullarfatnaðar við líkamsrækt innandyra sé orðin algengari og ein af ástæðunum sé sú að ekki kemur jafnvond lykt af honum og gervifatnaði.

Gamalt húsráð er að setja illa lyktandi íþróttafatnað í bleyti í vatn blandað ediki. **ibs@frettabladid.is**



**Það getur stundum verið erfitt að ná svitalykt úr íþróttafatnaðinum, einkum fatnaði úr gerviefnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Hengir þvottinn strax upp

Unnur Pálmarsdóttir, mannauðsráðgjafi, einkaþjálfari og hóptímakennari, hreyfir sig í margar klukkustundir á dag. Hún gætir þess að setja svitablautan íþróttafatnað eins fljótt og hægt er í þvottavélina. „Ég þvæ flíkurnar oftast á 40 gráðum þótt það standi 30 gráður á þvottaleiðbeiningunum.“

Hún kveðst stundum láta bakteríudrepandi efnið Rodalon í þvottavélina. „Svo læt ég þvottinn aldrei bíða í vélinni heldur hengi hann strax upp. Ég bý í Mosfellsbænum þar sem er mikil veðurblíða og hengi þvottinn út ef veður leyfir. Ef vélin er full set ég óhreina íþróttafatnaðinn út áður en ég þvæ hann. Ég læt hann ekki bíða blautan í töskunni því að þá festist lyktin í honum.“



**Unnur viðrar óhreina íþróttafatnaðinn fyrir þvott ef vélin er full.**

### Nokkur góð ráð

1. Ein af ástæðunum fyrir vondri lykt af íþróttafatnaði tengist bakteríuvexti. Því lengur sem flíkurnar eru blautar af svita þeim mun verra verður vandamálið. Það getur komið að gagni að viðra og þurrka svitablautan fatnað áður en hann er settur í körfuna fyrir óhreint tau ef ekki er hægt að þvo hann strax í þvottavélinni.
2. Eftir þvott á að láta flíkurnar þorna strax. Taka á út þvegnu flíkurnar úr þvottavélinni eins fljótt og unnt er eftir þvott.
3. Til þess að minnka líkurnar á vondri lykt í þvottavélinni á að hafa hana opna.



GRILL66.IS

# Kombótilboð

ENGINN VENJULEGUR BORGARI OG
EKKERT VENJULEGT TILBOÐ




## St. Louis BEIKONBORGARI

Franskar ~ COKE 0,5 L ~ FREYJU VILLIKÖTTUR

TILBOÐIÐ GILDIR
25. ÁGÚST – 3. SEPT.

GRILL 66

NORÐLINGAHOLTI
ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
MOSFELLSBÆ
SELFOSSI
HELLU
AKRANESI
BORGARNESI

STYKKISHÓLMI
SKAGASTRÖND
ÓLAFSFIRÐI
DALVÍK
SIGLUFIRÐI
HÚSAVÍK
NESKAUPSTAÐ
REYÐARFIRÐI

GRILL 66

olís ÞÚ FINNUR OKKUR Á OLÍS-STÖÐVUM

Betra grill við veginn

PIPAR\TBWA • SÍA • 163645

# SVEFNHERBERGIÐ

**30%**
AF DUNLOPILLO




**Basic +3D**
Mjúk, millistíf eða stíf dýna með Duo yfirdýnu. 849.700 kr. Nú 594.700 kr. Sérpöntun.

## Dunlopillo
What nature began we perfected – since 1929.

- Endingagóðar
- 100% náttúrulegt latex
- 7 mismunandi þægindasvæði sem veitir góða öndun og sveigjanleika
- App sem man þínar stillingar
- Fætur seldir sér

15 ára ábyrgð | Sveigjanleg
Góð öndun | 7 þægindasvæði
Ofnæmisvæn | Náttúruvæn efni

Download on the App Store
Google play

**30%**
AF NOCTURNE




**Nocturne 421 Silver**
Millistíf dýna með Duo-latex yfirdýnu. 180 x 200 cm. 499.300 kr. Nú 349.500 kr.

## NOCTURNE

- Mikið úrval - margar stærðir og mýktir
- Boxdýna eða hæðarstillanleg dýna
- Fallegt endingargott áklæði
- Mikið úrval af yfirdýnum - Celsius, latex eða pólýetersvampur
- Endingargóður rimlabotn

10-25 ÁRA ÁBYRGÐ á grind og gormum
10 ÁRA SIGÁBYRGÐ á dýnu
5 ÁRA ÁBYRGÐ á mótor

**25%**
AF SERTA

Serta®

## NÝJAR GÆÐADÝNUR FRÁ KANADA Á FRÁBÆRU VERÐI

MADE IN CANADA – FABRIQUÉ AU CANADA




**Camari**
Mjúk gormadýna með tvöföldu lagi af Serta® PillowSoft™ svamp. 152 x 203 cm. 154.700 kr. **Nú 115.900 kr.**
*Einnig til í stærðunum: 99 x 191 cm, 137 x 203 cm og 193 x 203 cm.*




**Harlyn**
Millistíf pokagormadýna með yfirdýnu úr Gel memory svamp, sem fullkomnar þægindin. Dýnan er með styrktum kanti. Til í fjórum stærðum. 152 x 203 cm. 214.700 kr. **Nú 159.900 kr.**
*Einnig til í stærðunum: 99 x 203 cm, 137 x 203 cm og 193 x 203 cm.*




**Addilyn**
Millistíf dýna sem samanstendur af Serta® PillowSoft™ svamp, Gel memory svamp og Comfort Last® Foam Core svampi sem veitir enn meiri stuðning við líkamann og veitir þér fullkomna hvíld.
152 x 203 cm. 224.700 kr. **Nú 167.900 kr.**
*Einnig til í stærðunum: 99 x 203 cm og 193 x 203 cm.*

## *Góður nætursvefn*
### OG ÞÚ VAKNAR ENDURNÆRÐUR

Við vitum að það getur verið erfitt að velja nýja dýnu. Í ILVA er sérþjálfað starfsfólk sem aðstoðar þig við val á dýnu sem hentar þér. Komdu og prófaðu dýnurnar hjá okkur og saman finnum við rétta dýnu sem hentar þér.
Rétt dýna eykur lífsgæðin og þú vaknar endurnærður.




**FRÍ HEIMSENDING UM ALLT LAND Á FATASKÁPUM OG DÝNUM TIL OG MEÐ 11. SEPTEMBER**

ILVA
SENDUM UM ALLT LAND

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

25. ágúst - 11. september




## *Hannaðu þinn eigin fataskáp*

Hágæða Svissnesk hönnun, með ótal samsetningarmöguleikum, litum og spennandi lausnum.

1. Þú velur þá stærð sem þér hentar og lit.
2. Veldu útlit sem þér finnst fallegast, viðar-, spegla- eða háglansáferð.
3. Ráðfærðu þig við sölumenn okkar og þeir leiðbeina þér með innri skipulagslausnir.

Fataskápur 300 x 202 cm
nú 127.400
SPARAÐU 54.600

# 30%
AF BIANCA FATASKÁPUM

**Bianca-fataskápur** með hvítum rennihurðum. H 303 x 202 x D65 cm. 182.000 kr. Nú 127.400 kr. Aukahlutir seldir sér.

# 30%
AF ÖLLUM SÆNGUM OG KODDUM




# 40%
AF ÖLLUM RÚMFÖTUM



## SKIPTU GREIÐSLUNNI VAXTALAUST

# 0%
**KAUPTU NÚNA**
OG SKIPTU GREIÐSLUNNI



VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró

# VIÐSKIPTI

## Ekki upplýst um kaupendur á hlut í Reitum

Ekki hefur fengist upplýst hverjir voru kaupendur á 6,38 prósenta hlut ríkisins í Reitum, sem seldur var á ríflega 3,9 milljarða króna á mánudaginn.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu er Þórhallur Arason, skrifstofustjóri ráðuneytisins og stjórnarformaður Lindarhvols ehf., sem heldur utan um söluferlið fyrir hönd ríkisins, í sumarfríi. Steinar Þór Guðgeirsson, lögmaður félagsins, er einnig í sumarfríi.

Frá Landsbankanum, sem sá um útboðið fyrir hönd ríkisins, fást þær upplýsingar að kaupendurnir hafi að stærstum hluta verið lífeyrissjóðir og verðbréfasjóðir en einnig hópur fjárfesta.

Hlutirnir voru seldir í opnu útboði en alls bárust tilboð í sem nemur 9,9 prósentum af heildarhlutafé í Reitum. Ríkið stofnaði Lindarhvol í vor og á hann að halda utan um sölu eigna sem féllu ríkinu í skaut með stöðugleikaframlögum föllnu bankanna.

Ríkið eignaðist hlut í 16 félögum, þar á meðal Reitum, Símanum, Eimskipi, Sjóvá og Dohop. – ih

**3,9**

**milljarðar fengust fyrir hlut ríkisins í Reitum.**

## Allt sama tóbakið?



Verkakonur á eyjunni Jövu í Indónesíu vefja sígarettur, þar sem tóbaki er blandað við negul. Fræðimenn í Indónesíu hafa lagt til að skattar á sígarettur verði hækkaðir verulega. Ráðherrar virðast þó hafa tekið hugmyndunum fálega og vilja vernda tóbaksiðnaðinn í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

## Ekki meiri skortur á starfsfólki frá 2007

Tvöfalt hærra hlutfall fyrirtækja telur skort á starfsfólki í sumar miðað við fyrir ári. Þetta kemur fram í könnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins sem vísað er til í Peningamálum Seðlabankans sem komu út í gær. Um 42 prósent fyrirtækja töldu vera skort á starfsfólki og hefur hlutfallið ekki verið hærra frá því í lok árs 2007. Alls töldu 60 prósent fyrirtækja í byggingariðnaði sig búa við skort á starfsfólki. Breytingin er einna mest í verslunargeiranum en ríflega 40 prósent fyrirtækja í greininni telja skort vera á starfsfólki miðað við 5 prósent fyrir ári. Seðlabankinn segir fyrirtæki virðast í auknum mæli mæta vinnuaflsskorti með því að fá starfsfólk að utan. – ih

**» Ríflega 40 prósent fyrirtækja í verslun bera við skort á starfsfólki miðað við 5 prósent fyrir ári.**

## Fjórfalt meiri viðskipti með skuldabréf

Gengi hlutabréfa í Kauphöll Íslands hækkaði verulega í gær í kjölfar þess að peningastefnunefnd tilkynnti að stýrivextir yrðu lækkaðir um 0,5 prósent. Viðskipti með skuldabréf voru fjórfalt meiri en venjulega. Forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar segir ástæðu þess vera að ávöxtunarkrafa til allra fjárfestinga lækki við þessa ákvörðun.

Úrvalsvísitalan hækkaði um 2,89 prósent í gær, en gengi hlutabréfa allra skráðra fyrirtækja á Aðallista Kauphallarinnar hækkaði. Mest var hækkunin á hlutabréfum Regins eða um 4,33 prósent í 156 milljóna króna viðskiptum. Mest voru viðskipti með bréf Icelandair Group. Hlutabréfin hækkuðu um 2,97 prósent í 653 milljóna króna viðskiptum.

Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar, segir tvo þætti vera að verki. „Í fyrsta lagi er ávöxtunarkrafa til allra fjárfestinga að lækka við þessa ákvörðun. Tryggingafélögin eiga svo í skuldabréfum sem eru þar að auki að hækka.“

Magnús segir gríðarlega mikla veltu hafa verið á skuldabréfum í gær. Veltan nam 23,8 milljörðum króna en dagsmeðaltalið á árinu hefur verið 5,8 milljarðar. Velta með hlutabréf var einnig mikil og nam 3,8 milljörðum, en dagsmeðaltal hennar hefur verið 2,2 milljarðar á árinu. – sg



# Seðlabankinn segist skammaður sama hvað

**Seðlabankastjóri segir hugsanlegt að stýrivextir hafi verið of háir. Óvarlegt hefði hins vegar verið að treysta á styrkingu krónunnar. Aðalhagfræðingur segir Seðlabankann skammaðan sama hvaða hann geri. Stýrivextir lækkaðir í gær.**

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, segir það hafa legið fyrir að Seðlabankinn myndi liggja undir skömmum sama hvort hann héldi stýrivöxtum háum eða lágum til að bregðast við launahækkunum sem fylgdu nýlegum kjarasamningum. Seðlabankinn tilkynnti í gær, mörgum að óvörum, að stýrivextir yrðu lækkaðir um 0,5 prósentustig í 5,25 prósent. „Vegna þess að þegar við bregðumst við þessum launahækkunum með því að hafa vaxtastigið hærra og segjum að okkur takist fullkomlega það sem við ætlum að gera, að halda verðbólgumarkmiði, þá munum við heyra raddirnar: Bíddu, til hvers voruð þið að þessu, verðbólgan er bara í markmiði, var þetta ekki algjör óþarfi?“ Seðlabankinn hefði fengið sömu skammir hefðu stýrivextir ekki verið hækkaðir og verðbólga hefði hækkað í kjölfarið.

Seðlabankinn hefur legið undir gagnrýni fyrir að hafa ofmetið hættuna af verðbólguhækkun og brugðist of hart við með stýrivaxtahækkunum. Seðlabankinn hækkaði stýrivexti Seðlabankans úr 4,5 prósentum í 5,75 prósent á síðasta ári til að mæta væntri hækkun verðbólgu. Verðbólga hefur hins vegar verið á niðurleið og mældist verðbólga 1,1 prósent í júlí, vel fyrir neðan 2,5 prósenta verðbólgumarkmið Seðlabankans.

Í verðbólguspá Seðlabankans frá því í maí bjóst bankinn við 1,9 prósenta verðbólgu á þriðja ársfjórðungi og 3,0 prósenta verðbólgu á síðasta ársfjórðungi þessa árs. Seðlabankinn býst nú við að verðbólga verði 2,2 prósent í lok ársins.



Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur og Már Guðmundsson seðlabankastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**1,1%**

**verðbólga mældist í júlí samkvæmt tölum Hagstofunnar.**

Peningastefnunefndin sagði lága verðbólgu erlendis, 6,5 prósenta styrkingu á gengi krónunnar og hagstæðari viðskiptakjör eiga stóran þátt í að skýra lægri verðbólgu. Auk þess hefðu stýrivaxtahækkanirnar virkað sem skyldi og stuðlað að lægri verðbólgu þar sem hærri vextir hefðu valdið hægari útlánavexti og auknum sparnaði sem dragi úr umsvifum í hagkerfinu. Það hefði stuðlað að hærri viðskiptaafgangi og sterkara gengi krónunnar. Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði hugsanlegt að stýrivextir hefðu verið of háir. Hins vegar verði að taka tillit til þess að óvarlegt hefði verið að gera ráð fyrir jafn mikilli gengisstyrkingu krónunnar og orðið hefði í sumar, upp á 6,5 prósent. Þá væru vísbendingar um að þar til nýlega hefði Seðlabankann skort trúverðugleika um að hann myndi ekki gera allt sem í hans valdi stæði til að halda verðbólgunni niðri.

ingvar@frettabladid.is

peugeotisland.is

# PEUGEOT ER Í **BRIMBORG**

Nýttu þér glæsileg frumsýningartilboð fyrir 12. september





108


208


308


308SW


508 / 508SW


2008


3008


5008


Partner Tepee


Partner Van

## FRUMSÝNINGARTILBOÐ TIL 12. SEPTEMBER

Nú stendur yfir frumsýning á glæsilegri bílalínu Peugeot. Af því tilefni eru glæsileg frumsýningartilboð til 12. september. Komdu í nýjan sýningarsal Peugeot að Bíldshöfða 8 og kynntu þér málið. Peugeot bílar eru að sjálfsögðu einnig í boði hjá Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.

**Lægra varahlutaverð og öflug verkstæðisþjónusta.** Auk lægra bílverðs hefur Brimborg hafið innflutning á varahlutum í Peugeot bíla og náð að lækka varahlutaverð með hagstæðum innkaupum beint frá framleiðanda. Brimborg býður jafnframt verkstæðisþjónustu og ábyrgðarviðgerðir fyrir alla Peugeot bíla, hvort sem þeir eru fluttir inn af Brimborg eða öðrum.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Brimborg og Peugeot áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Ekki til einskis



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Hvaða afleiðingar hefur það í samfélaginu þegar ungt fólk í blóma lífsins deyr vegna ofbingaðrar fíkniefnaneyslu? Er dauði þessara barna og ungmenna til einskis og halda meðborgarar þeirra áfram eins og ekkert hafi í skorist?

Tilvistarspurningar hafa leitað á manninn í mörg þúsund ár. Til hvers erum við hér? Hvað er mælikvarði á gott líf? Svörin við þessum spurningum eru undirorpin gildismati hvers og eins. Flest viljum við þó að á dánarstundinni sé einhver vissa til staðar um tilgang. Þetta getur verið í formi góðra vina og fjölskyldu, barna, merkilegrar arfleifðar, auðs eða í einhverju öðru formi. Það er einhvern veginn betra að deyja með þá tilfinningu í brjóstinu að lífið hafi haft merkingu og maður hafi lifað til góðs. Að maður hafi fullnýtt hæfileika sína og gert eitthvað sem skiptir máli.

Á mánudagskvöld fengu áhorfendur Stöðvar 2 að heyra sögu Ingibjargar Melkorku Ásgeirsdóttur. Hún lést aðeins 17 ára gömul eftir að hafa tekið inn eina og hálfa ecstasy-töflu. Aldrei áður hefur einstaklingur hér á landi látist eftir að hafa innbyrt jafn lítinn skammt af þessu efni. Venjulega þurfa menn að taka inn nokkrar e-töflur til þess að taka of stóran skammt. Þannig er dauði stúlkunnar í raun ótrúleg óheppni. Hins vegar er sú staðreynd að hún tók þá ákvörðun að neyta eiturlyfja engin óheppni heldur mannlegur harmleikur sem hefði mátt afstýra. Ingibjörgu Melkorku var lýst sem góðhjartaðri og kröftugri stúlku með sterka réttlætiskennd en hún glímdi við ofvirkni og athyglisbrest og varð snemma utanveltu. Það þekkja allir svona krakka úr sínu nærumhverfi. Hvatvísa krakka sem hegða sér á skjön við skólasystkini sín.

Nýjar rannsóknir sýna að 5-10 prósent barna og unglinga glíma við ofvirkni sem þýðir að 2-3 börn með þessa röskun gætu verið í hverjum bekk að meðaltali. Samfélagið hefur sem betur fer úrræði til að bregðast við vanda þeirra. Vísbendingar eru hins vegar um að lyfseðilsskyld lyf eins og rítalín hafi verið notuð í of ríkum mæli.

Mál Ingibjargar Melkorku þarf að vera vegvísir einhverra lærdóma. Svartur markaður með fíkniefni hefur margar hliðarverkanir. Ísland gætur ekki tekið forystuskref eitt vestrænna þjóða í átt til aukins frjálslyndis þegar kemur að breytingum á lögum um ávana- og fíkniefni með það fyrir augum að aftengja lífæð sölumanna dauðans. Það þarf að vera liður í alþjóðlegri stefnumörkun í málaflokknum og í samstarfi við aðrar þjóðir. Við getum hins vegar staðið okkur betur í einstaklingsmiðuðum forvörnum. Forvarnarstarfið á ekki bara að miða að því að upplýsa um skaðsemi efnanna heldur á það að snúa að hagsmunum þeirra sem tilheyra áhættuhópnum. Inni í skólakerfinu þurfa að vera til skýrir verkferlar þegar kemur að einstaklingum sem eru líklegri en aðrir til þess að prófa fíkniefni. Kannski af því að þeir eru utanveltu og finna sig ekki.

Við þurfum að gera skólakerfið betur í stakk búið til að taka strax á sérstökum aðstæðum barna eins og Ingibjargar Melkorku. Við þurfum líka að byggja upp sjálfstraust í „sérstökum“ börnum. Eftir nokkur ár þurfum við að geta sagt: dauði hennar var ekki til einskis.

> **Forvarnarstarfið á ekki bara að miða að því að upplýsa um skaðsemi efnanna heldur á það að snúa að hagsmunum þeirra sem tilheyra áhættuhópnum.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Stórpólitísk tíðindi**
**Það hefur aldeilis hlaupið á snærið hjá stofnendum Viðreisnar núna þegar Pawel Bartoszek og Þorsteinn Víglundsson hafa ákveðið að ganga til liðs við stjórnmálahreyfinguna. Viðreisn gæti orðið stjórnmálaafl sem þeir, sem vildu eitthvað annað en fjórflokkinn, geta hugsanlega sætt sig við. Því er líklegt að Viðreisn muni ekki einungis höggva í fylgi sjálfstæðismanna, Framsóknarflokks og Samfylkingarinnar. Heldur muni þeir einnig klípa fylgi af Pírötum, sem eru bæði þjakaðir af innanflokksátökum og í vondri stöðu eftir ákvörðun Helga Hrafns Gunnarssonar um að bjóða sig ekki fram.**

**Ekkert pukur**
**Landsbankinn tilkynnti það fyrr í vikunni að 6,38 prósenta hlutur ríkisins í Reitum hefði verið seldur fyrir 3,9 milljarða. Hluturinn var seldur í opnu ferli þar sem allir sem vildu fengu að bjóða. Er það vel. En ætla mætti að í ljósi sögunnar, meðal annars Borgunarmálsins, og þess vantrausts sem hefur ríkt í samfélaginu undanfarin misseri myndu bæði forsvarsmenn Lindarhvols, og Landsbankans (sem sá um söluna á hlutnum) sjá ástæðu til að svara fyrirspurnum blaðamanna um það hvaða aðilar keyptu hlutinn. Eftir það sem á undan er gengið hefur almenningur ekkert þol fyrir pukri við sölu á ríkiseignum. Og við því þarf að bregðast.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Blásið í bilað gjallarhorn



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
fv. blaðamaður

Stjórnarmeirihlutinn kann að byggja upp spennu og eftirvæntingu. Ráðherrar tilkynna eiginlega ekki um afrakstur sinnar vinnu nema á glanssýningu í Hörpu og samkvæmt orðum þeirra er þjóðarheill undir á hverju andartaki í starfi þeirra. Það var því von á miklu þegar þing kom saman í ágúst, enda höfðu ráðherrar boðað að slíkur fjöldi þjóðþrifamála væri væntanlegur að það hamlaði mögulega samþykkt þeirra ef tilkynnt yrði um það hvenær ætti að kjósa.

Stjórnarmeirihlutinn kann að byggja upp spennu og eftirvæntingu. Það sem hann kann síður er að standa undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar. Skemmst er frá því að segja að eftirtekjan er heldur rýr. Það er ekki eins og alþingismenn kikni undan vinnuálagi, í gær var ekkert á dagskrá þingsins nema umræður um störf þingsins og atkvæðagreiðslur – sem reyndar þurfti að fresta vegna fjarvista þingmanna.

Reynslumiklir menn í þingliði stjórnarflokkanna hljóta að klóra sér í hausnum yfir því til hvers verið var að kalla þing saman. Það nýtist í dag aðallega stjórnarandstöðunni, sem fær færi á að ræða hvert þingmannamálið á fætur öðru – þar sem engin mál koma frá ríkisstjórninni.

En nú hefur allavega einn stjórnarþingmaður áttað sig á þessu. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins og varaformanni fjárlaganefndar, mæltist skynsamlega í fréttum RÚV á þriðjudag. „Auðvitað þurfum við að koma okkur saman um það hvað við viljum klára. En það eru stór mál, þó það væri ekki nema bara það sem er í þingnefndum, sem væri æskilegt að klára áður en við hættum.“

Þarna afmarkar Guðlaugur Þór málin við þau sem eru þegar komin til þingnefnda. Og líklega verður það lendingin. Þau mál sem fram eru komin verða kláruð, ekki önnur. Það eru slæm tíðindi fyrir Eygló Harðardóttur, sem hefur boðað, enn einu sinni, risastór mál úr sínu ráðuneyti. Og það sem upp úr þessu þingi mun standa er líklega það að efnamikið fólk getur loksins keypt sér orlofshús í útlöndum. Þó reyndar ekki nema eitt á ári.

> **Og það sem upp úr þessu þingi mun standa er líklega það að efnamikið fólk getur loksins keypt sér orlofshús í útlöndum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@*frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Leikur að tölum

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Kringla heimsins sú er mannfólkið byggir telur nú rösklega sjö milljarða manna, sjö þúsund milljónir manns. Talan sjö er í þægileg þessu viðfangi vegna þess að samanlögð framleiðsla heimsins er nú um 70 trilljónir Bandaríkjadala á ári, eða m.ö.o. 70.000 milljarðar dala. Af þessu leiðir að meðalframleiðsla á mann á ári um heiminn í heild er nú um 10.000 dalir. Þetta er mun meiri framleiðsla en áður var eins og ráða má af því að meðalframleiðsla á mann á ári í Evrópu er um 45.000 dalir sem er þó ekki nema rösklega fjórfalt heimsmeðaltal. Hér sjáum við hvílíku Grettistaki fátækum þjóðum hefur tekizt að lyfta, einkum Indlandi og Kína þar sem rösklega þriðji hver jarðarbúi á heima, 2,7 milljarðar manna af 7,4.

### Að hefja sig upp af eigin rammleik

Þessum rösklega sjö milljörðum jarðarbúa er þægilegt að skipta í þrjá flokka. Fátækasti milljarðurinn býr í lágtekjulöndum þar sem meðaltekjur á mann eru langt undir heimsmeðaltali eða um sjöttungur. Í svo fátækum löndum fara margir næstum alls á mis. Ríkasti milljarðurinn – það erum við Evrópubúar, Norður-Ameríkumenn, Japanar, Ástralar o.fl. – býr í hátekjulöndum þar sem ýmislegt er nú orðið eins og það á að vera þótt enn sé mörgu ábótavant. Milliflokkinn fylla þeir fimm milljarðar manna sem eftir eru, þ. á m. Indverjar og Kínverjar. Miðlungstekjulöndin hófu sig flest af eigin rammleik upp úr lágtekjuflokknum (ég segi flest því sum þeirra auðguðust fyrir einskæra tilviljun, t.d. sum olíulönd). Sjaldgæft er að hátekjulönd hrapi niður um flokk, en þannig fór þó t.d. fyrir Argentínu eftir 1930 fyrir eigin mistök í hagstjórn. Fjórir af hverjum fimm reykingamönnum búa í miðlungs- og lágtekjulöndum, en fimmtungurinn býr í hátekjulöndum.

### Langlífi: Úr 2. sæti í 13. sæti

Hvítvoðungur í Kína getur nú vænzt þess að ná 76 ára aldri borið saman við 43 ár 1960. Indverskt ungabarn getur vænzt þess að ná 68 ára aldri borið saman við 41 ár 1960. Þessar tölur vitna um gríðarleg umskipti. Framfarir í efnahagsmálum lýsa sér stundum ekki síður í heilbrigðistölum en í hagtölum. Ævilíkur Íslendinga eru nú 82 ár en voru 73 ár 1960. Ísland skipar nú 13. sæti listans yfir langlífustu þjóðir heims. Heimsmetið á fólkið í Hong Kong, 84 ár skv. alþjóðlegum heilbrigðisskýrslum. Japanar, Spánverjar, Svisslendingar, Ítalar, Singapúrar, Frakkar, Liechtensteinar, Ástralar, Lúxemborgarar, Kóreumenn og Ísraelar lifa nú lengur en Íslendingar. Munurinn er að sönnu ekki mikill, hann mælist í mánuðum. En við höfum dregizt aftur úr öðrum. Við vorum næstlanglífasta þjóð heimsins 1960, næst á eftir Noregi.

Það er sjaldgæft að ævilíkur minnki, en þess eru þó dæmi, ekki aðeins í fátækum löndum sem urðu fyrir barðinu á eyðniveirunni heldur einnig í okkar heimshluta. Ævilíkur Rússa mjökuðust úr 66 árum 1960 upp í 69 ár 1988 og minnkuðu síðan niður í 64 ár 1994 og jukust síðan aftur upp í 70 ár 2012. Aðeins eitt annað dæmi um slíkt þekkist í okkar heimshluta og það er frá Bandaríkjunum þar sem ævilíkur miðaldra hvítra Bandaríkjamanna hafa farið lækkandi frá 1999 af völdum ólífnaðarsjúkdóma og sjálfsvíga. Af þessu leiðir að ævilíkur Bandaríkjamanna á heildina litið hafa aukizt hægar en ella og eru nú 79 ár. Bandaríkjamenn lifa að jafnaði tveim til fjórum árum skemur en Evrópumenn. Evrópa hefur smám saman, einkum fyrir tilstilli ESB, þokað Bandaríkjunum aftur fyrir sig í efnahagslegu og félagslegu tilliti.

### Ójöfnuður bitnar á lífskjörum

Hagfræðingar og aðrir hafa lengi gert sér grein fyrir að opinberar tölur um framleiðslu og tekjur segja ekki alla söguna um árangur þjóða í efnahagsmálum. Þess vegna notum við t.d. heilbrigðistölur eins og ég hef gert hér að framan til að draga upp skýrari mynd. Opinberar stofnanir, t.d. Sameinuðu þjóðirnar, hafa sinnt þessu kalli, m.a. með því að birta víðfeðmari vísitölur sem taka menntun og heilbrigði fólksins með í reikninginn við hlið tekna. Þannig er hún fengin

> **Hagfræðingar og aðrir hafa lengi gert sér grein fyrir að opinberar tölur um framleiðslu og tekjur segja ekki alla söguna um árangur þjóða í efnahagsmálum.**

lífskjaravísitala SÞ (e. Human Development Index) þar sem Bandaríkin skipa 8. sæti á eftir Noregi, Ástralíu, Sviss, Danmörku, Hollandi, Þýzkalandi og Írlandi.

En bíðum við. Hvers vegna skyldum við einblína á tekjur á mann, menntun og heilbrigði án tillits til þess hvernig gæðunum er skipt á meðal fólks? Í þessu ljósi birta þau hjá SÞ einnig leiðrétta lífskjaravísitölu þar sem misskipting tekna, menntunar og heilbrigðis kemur til frádráttar eftir kúnstarinnar reglum. Við þessa leiðréttingu hrapa Bandaríkin úr 8. sæti listans niður í 28. sæti. Næstum öll Evrópa er ofar á listanum.

# Aðeins um vexti og verðtryggingu



Valgerður Bjarnadóttir
alþingismaður

> **Stóra vandamálið í íslensku efnahagslífi er gjaldmiðillinn – krónan. Gjaldmiðillinn er svo lítill að hann getur hoppað og skoppað upp og niður. Þess vegna geta orðið hér verðbólguskot.**

Frumvarpið um vexti og verðtryggingu sem lagt var fram í síðustu viku er hvorki fugl né fiskur. Það er ekki einu sinni Barbabrella því slíkar brellur eru sniðugar.

Látið er líta út sem verið sé að uppfylla kosningaloforð um að afnema verðtrygginguna. Það er langt frá því að svo sé. Ef frumvarpið verður að lögum mun ákveðnum hópum í samfélaginu verða bannað að taka fjörutíu ára jafngreiðslulán. Stjórnlyndi ríkisstjórnarinnar ríður ekki við einteyming. Með boði og bönnum skal haft vit fyrir fólki. Flutningsmaðurinn er formaður Sjálfstæðisflokksins, sem á hátíðastundum vill kenna sig við frelsi einstaklingsins til orðs og athafna. – Ja, hérna segi ég nú bara.

### Að villa um fyrir fólki

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a.: *Rökin fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu felast fyrst og fremst í þeim ókostum verðtryggðra jafngreiðslulána til langs tíma að verðbótum er velt á höfuðstól lánsins og greiðslum þeirra frestað. Með þessu verður eignamyndun hægari en ella og líkur á neikvæða eigin fé lántaka aukast. Lán sem fela ekki í sér afborgun af höfuðstól, svo sem lán þar sem aðeins vextir eru greiddir (e. interest only loans) eða lán með neikvæðri höfuðstólsafborgun (e. negative amortization), þykja almennt óæskileg með tilliti til hagsmuna neytenda. Fullyrða má að neytendur séu ekki nægilega meðvitaðir um þá áhættu sem verðtryggð jafngreiðslulán bera með sér.*

Hér er verðtryggðum jafngreiðslulánum til langs tíma líkt við lán sem ekki fela í sér afborgun á höfuðstól (*e. interest only loans*) og lán með neikvæðri höfuðstólsafborgun. (*e. negative amortization*). Jafngreiðslulán (*annuities*) til langs tíma eiga ekkert skylt með hinum tveim lánsformunum. Þessi framsetning er beinlínis villandi og er hreint ekki til að uppfræða almenning, spurning hvort þetta sé viljandi gert til þess öllu heldur að rugla fólk.

Fjörutíu ára jafngreiðslulán eru ekkert sérstakt íslenskt fyrirbæri. Þau þekkjast víða. Eignamyndun hefst ekkert fyrr í fasteign sem fjármögnuð er með löngum jafngreiðslulánum í útlöndum en hér á landi. Það sem er íslenskt er hin háa verðbólga sem hér hefur verið. Og svo líka og ekki síst að ofan á verðtrygginguna bætast vextir, sem einir og sér eru háir miðað við vexti af íbúðalánum í öðrum löndum.

### Vextir, verðbólga og krónan

Vextir af verðtryggðum íbúðalánum hjá Landsbanka Íslands eru nú á bilinu 3,65% til 4,65% eftir lánshlutfalli. Þó verðbólgan sé lág, sem betur fer, er hún samt 1,1% sem veldur því að vextir af verðtryggðum lánum eru nú á bilinu 4,66% til 5,66%.

En hvað með óverðtryggð íbúðalán? Hvaða vextir eru á þeim? Þeir eru á bilinu 7,25% til 8,25%. Það þarf hvorki stærðfræðing né tryggingafræðing til að sjá að nú um stundir eru óverðtryggð íbúðalán óhagstæðari en þau verðtryggðu.

Stóra vandamálið í íslensku efnahagslífi er gjaldmiðillinn – krónan. Gjaldmiðillinn er svo lítill að hann getur hoppað og skoppað upp og niður. Þess vegna geta orðið hér verðbólguskot. Þess vegna eru vextir hér háir. Stóra áskorun stjórnmálanna er að finna leiðir til að tengjast öðrum gjaldmiðli. Þess vegna þarf að halda áfram viðræðum um aðild að Evrópusambandinu.

## SHAREHOLDERS MEETING OF CCP HF.

### MEETING INVITATION

A shareholders meeting of CCP hf., reg. no. 450697-3469, will be held on Thursday 1 September 2016 at 10am at Grandagarður 8, 101 Reykjavík.

**Following matters will be on the agenda:**

**1. Purchase of own shares**

The board of directors submits the following proposal before the meeting: "The shareholders' meeting resolves to grant the board of directors of the company the authority to purchase 1,105,413 own shares, all at once or in separate steps, provided that the company may not own more than 10% of its share capital at any time. Repayment for each share shall at minimum be USD 20 (or the ISK proceeds thereof if USD is converted to ISK to purchase own shares) and at maximum USD 25 (or the ISK proceeds thereof if USD is converted to ISK to purchase own shares). The purchase of own shares shall be a part of a scheme to reduce the share capital of the company, cf. Article 57 of the Act respecting Public Limited Companies No. 2/1995. This authority may be applied by the board of directors within one year from 1 September 2016, all at once or in steps."

**2. Proposal on amendment of the Articles of Association**

The board of directors proposes that Article 2.09 of the Articles of Association is amended to read as follows: "The board of directors of the company shall be authorized to purchase 1,105,413 own shares, all at once or in separate steps, provided that the company may not own more than 10% of its share capital at any time. Repayment for each share shall at minimum be USD 20 (or the ISK proceeds thereof if USD is converted to ISK to purchase own shares) and at maximum USD 25 (or the ISK proceeds thereof if USD is converted to ISK to purchase own shares). The purchase of own shares according to this authorization shall be a part of a scheme to reduce the share capital of the company, cf. Article 57 of the Act respecting Public Limited Companies No. 2/1995. This authority may be applied by the board of directors within one year from 1 September 2016, all at once or in steps. The company cannot provide loans with its shares as collateral. Voting rights for shares owned by the company cannot be exercised."

**Icelandic version:**

„Stjórn félagsins skal vera heimilt að kaupa 1.105.413 eigin hluti, í einu lagi eða hlutum, að því tilskyldu að félagið má ekki eiga meira en 10% af eigin hlutum á hverjum tíma. Endurgjald fyrir hvern hlut skal vera að lágmarki USD 20 (eða jafnvirði þess krónum ef krónur eru keyptar til að kaupa eigin hlutabréf) og að hámarki USD 25 (eða jafnvirði þess krónum ef krónur eru keyptar til að kaupa eigin hlutabréf). Kaup félagsins á eigin hlutum samkvæmt heimild þessari skal vera liður í að lækka hlutafé félagsins, sbr. 1. tl. 57. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Heimild þessa skal stjórnin nýta innan eins árs frá 1. september 2016, í einu lagi eða hlutum. Félagið má eigi veita lán út á hluti sína. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft."

**3. Other matters**

The agenda and final proposals will be available at the company's office for shareholders to view, before the meeting. Ballots and other documents will be delivered at the place of the meeting from 9am on the day of the meeting.

Reykjavík, 25 August 2016

**CCP´s Board of Directors**

CCP

# KRÓNAN

## Ódýrt




Vanilluís og súkkulaðiís 2L

**399** kr. pk.




Frosin bláber 250g - 996 kr.kg

**249** kr. pk.




Frosin hindber 300g - 930 kr.kg

**279** kr. pk.

## Ódýrt




Frosin jarðarber 400g - 423 kr.kg

**169** kr. pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


KRÓNAN
-40%
bláber í boxi!
299 kr. pk.
Verð áður 499 kr. pk.
Bláber í öskju 125g, Pólland
-24%
vínber
379 kr. pk.
Verð áður 499 kr. pk.
Rauð vínber í öskju 500g, Spánn
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 28. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
-25%
Grísalundir
1699 kr. kg
Verð áður 2279 kr. kg
Kjötmeistari Krónunnar mælir með...
-20%
Lamba innralæri
2999 kr. kg
Verð áður 3749 kr. kg
-20%
Lambaframhryggjasneiðar
Kryddað
2199 kr. kg.
Verð áður 3749 kr. kg.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 28. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
Gott verð!
1589 kr. kg.
Verð áður 1869 kr. kg.
Ungnautahakk
100%
UNGNAUTAHAKK
eld HÚSIÐ
Hægeldað
RIFIÐ NAUT
PULLED BEEF
500 g
Hægeldaður
RIFINN GRÍS
PULLED PORK
1499 kr. pk.
Rifinn grís og naut 500g
KRÓNAN fyrst og fremst ódýr
Kjúklingur
Kjúklinga Wok í karrí
WOK Karrí
Kjúklinga Wok Afríka
WOK Afríka
Kjúklinga Wok í hvítlauk
WOK Hvítlauks
1869 kr. kg.
Verð áður 2199 kr. kg.
Krónu kjúklinga wok
379 kr. stk.
Pastasósa með tómat og hvítlauk
Jamie Oliver
TOMATO & GARLIC PASTA SAUCE
249 kr. stk.
Spaghetti
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 28. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# Er pizzan mín eitruð, Illugi?



Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir
stúdentaráðsliði SHÍ, nefndarmeðlimur fjármála- og atvinnulífsnefndar SHÍ

**Útfærslan sem boðuð er býður upp á misskiptingu. Hún eykur greiðslubyrði barnafólks og þeirra sem verr eru settir fjárhagslega umfram þá sem vel eru settir.**

Ríkið hefur boðið þér í pizzupartí. Illugi Gunnarsson þarf að skipta pizzunum á milli allra sem biðja um hluta. Hvernig ætti hann að skipta pizzunni? Gefur hann þeim sem eru horaðastir mest? Ætlar hann að gefa manninum með börnin eina eða tvær sneiðar? Gerði hann yfirhöfuð ráð fyrir börnum, pantaði hann margarítu? Eða lætur hann alla fá jafn mikið af pizzunni sama þótt þeir haldi á pizzukassa sjálfir? Hvað ef hluti af pizzunni er eitraður?

Nú liggur fyrir frumvarp á Alþingi um nýtt lánasjóðskerfi sem er að hluta til styrkjakerfi. Því ber að fagna að loksins hafi verið hlustað á stúdenta, en er þetta kerfið sem við báðum um? Er útfærslan sem sett hefur verið fram það sem stúdentar hafa verið að kalla eftir? Útfærsla sem tekur ekki mið af félagslegri stöðu í jöfnunarsjóði sem lánasjóðurinn á að vera. Útfærsla sem stúdentum var ekki boðið að taka þátt í.

Útfærslan sem boðuð er býður upp á misskiptingu. Hún eykur greiðslubyrði barnafólks og þeirra sem verr eru settir fjárhagslega umfram þá sem vel eru settir. Hún býður námsmönnum 40 ára verðtryggð lán sem meirihluti ríkisstjórnar segir að séu eitruð lán. Útfærslan gerir ráð fyrir að allir fái styrk en þeir sem þurfa á meiri hjálp að halda fái líka lán. Útfærslan gerir því ráð fyrir að allir fái eina sneið af pizzunni, óháð þörfum.

Er þetta virkilega kerfið sem við báðum um?

# Námsmenn eiga betra skilið en Illugafrumvarpið



Óskar Steinn Ómarsson
ritari Samfylkingarinnar og nemandi við Háskóla Íslands

**Staða einstaklinga með börn á framfæri versnar mikið í nýja kerfinu, eins og kemur fram í umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands við frumvarpið.**

Ég þakka viðbrögðin sem ég hef fengið við grein minni, „Höfnum Illugafrumvarpinu“, sem birtist í Fréttablaðinu 22. ágúst sl. Þar gagnrýndi ég frumvarp menntamálaráðherra um breytingar á námslánakerfinu og benti á að þær kæmu tekjulágum, barnafólki og námsmönnum erlendis illa. Í svari Hildar Sverrisdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, við greininni fullyrti hún að orð mín stæðust ekki skoðun. Skoðum þetta nánar.

Í greiningu sem ráðgjafarfyrirtækið Summa gerði á Illugafrumvarpinu er farið yfir áhrif breytinganna á greiðslubyrði mismunandi hópa. Tökum tvö dæmi:

1. Einstaklingur sem fer í fimm ára háskólanám og fær lánað fyrir framfærslu en ekki skólagjöldum. Til þess að vera með lægri greiðslubyrði í nýju kerfi þarf viðkomandi að vera með tekjur hærri en 550 þúsund krónur á mánuði. Allir undir þeim tekjum koma verr út í fyrirhuguðu kerfi Illuga. Í þeim hópi eru m.a. stéttir leikskóla- og grunnskólakennara.

2. Einstaklingur fer í fimm ára háskólanám, fær lánað fyrir bæði framfærslu og skólagjöldum. Til þess að vera með lægri greiðslubyrði í nýju kerfi þarf viðkomandi að vera með tekjur hærri en 900 þúsund krónur á mánuði. Þessi breyting bitnar sérstaklega á þeim sem fá lánað fyrir skólagjöldum í háskólum erlendis.

Staða einstaklinga með börn á framfæri versnar mikið í nýja kerfinu, eins og kemur fram í umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands við frumvarpið. Þar segir orðrétt: „Ef litið er til 5 ára náms, þá eru flestir einstæðir foreldrar að koma verr út úr nýja frumvarpinu, burtséð frá því hvaða faggrein þeir hafa tekið sér fyrir hendur. Heildarendurgreiðsla þeirra yrði meiri í boðuðu kerfi, heldur en því sem þegar er til staðar.“

**Miklar skerðingar**

Námsmenn erlendis, sem þegar hafa mátt þola miklar skerðingar frá núverandi ríkisstjórn, koma illa út úr ýmsum breytingum frumvarpsins. Meðal þeirra breytinga sem SÍNE, Samband íslenskra námsmanna erlendis, hefur mótmælt er að afborganir lána miðist við heildarfjárhæð láns, ekki tekjur viðkomandi lánþega. Á vef SÍNE segir: „Það gefur augaleið að þetta ákvæði á eftir að bitna harðast á fjölskyldufólki sem oft þarf að taka hærri lán en aðrir og þeim einstaklingum sem sækja sér nám erlendis, en það hefur nánast undantekningarlaust í för með sér hærri kostnað, ýmist í framfærslu eða vegna skólagjalda.“

Af öllu þessu má vera ljóst að verði Illugafrumvarpið að lögum mun það hafa slæmar afleiðingar fyrir fólk með lág laun, fólk með börn og fólk sem fer í nám erlendis. Hlutverki Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem félagslegs jöfnunarsjóðs verður kippt úr sambandi. Þessum staðreyndum geta Hildur Sverrisdóttir og aðrir stuðningsmenn frumvarpsins ekki litið fram hjá. Ég er sannfærður um að hægt sé að innleiða styrki í íslensku menntakerfi án þess að gera námslán þessara hópa dýrari en þau eru í dag. Námsmenn eiga það skilið.

# Á skjön við raunveruleikann



Einar Örn Gunnarsson
stjórnarmaður í Löxum fiskeldi ehf.

**Gæti verið að þessi sofandaháttur sem Gunnlaugur sakar aðra um eigi rót sína að rekja til þess að vel menntaðir sérfræðingar séu annarrar skoðunar en hann?**

Að undanförnu hafa birst greinar í fjölmiðlum, m.a. í Fréttablaðinu, eftir Gunnlaug Stefánsson frá Heydölum þar sem hann viðrar skoðanir sínar á uppbyggingu laxeldis í fjörðum landsins. Gunnlaugur lýsir yfir verulegum áhyggjum sínum af ástandi sem hann telur í einlægni sinni vera uppi.

Mikilvægt er að menn eigi skoðanaskipti um mikilvæg málefni og fátt er hollara fyrir atvinnugreinar en að umræða sé virk um eðlisþætti þeirra og alla umgjörð. Til að slík umræða skili árangri og sé uppbyggileg þá er nauðsynlegt að hún sé upplýst og ígrunduð.

Því miður hefur öll umfjöllun Gunnlaugs haft á sér sama yfirbragð sem einkennist af fjandsamlegu viðhorfi í garð laxeldis sem virðist eiga rót að rekja til verulegrar vanþekkingar hans á málaflokknum og eðli þeirrar starfsemi sem hér um ræðir.

Við lestur greina sem tengjast nafni hans kemur fljótlega í ljós að grundvallarhugmyndir Gunnlaugs eru á skjön við raunveruleikann eins og sjá má í fullyrðingu hans um að í eldinu verði notast við „erfðabreyttan norskan lax“.

Þeir sem kynnt hafa sér málið vita að ekki stendur til að notast við erfðabreyttan lax heldur kynbættan. Stór munur er þar á.

Í viðtali í Bændablaðinu nú í sumar sagði Gunnlaugur: „Það tíðkast hvergi nema hér á landi að fyrirtækin hafa algjörlega frían aðgang að sjó, þau eru hér að setja upp ábatasama atvinnustarfsemi og hafa alveg frítt spil, helga sér svæði um alla firði án þess að greiða krónu fyrir.“

Gunnlaugi er það þyrnir í augum að félögin fái „frían aðgang að sjó“ til að setja upp ábatasama atvinnustarfsemi. Það er mikilvægt að hafa í huga að hér er um gríðarlega kostnaðarsama uppbyggingu einkaaðila á nýjum atvinnuvegi að ræða. Með tilkomu laxeldis skapast störf í hinum dreifðu byggðum, starfsemin styrkir innviði samfélaganna og er jafnframt gjaldeyrisskapandi. Félögin greiða þegar gjöld fyrir starfs- og rekstrarleyfi. Líti menn til Noregs þar sem öflugasta laxeldi í heimi er rekið þá voru veitt þar starfs- og rekstrarleyfi í áratugi gegn vægum greiðslum þar til eldið var orðið arðbær atvinnugrein þar í landi.

Á það er jafnframt að líta að félögin hafa ekki „frítt spil“ til að „helga sér svæði“.

**Gagnsætt ferli**

Stofnanir ríkisins veita aðilum heimild til að nýta mjög afmörkuð hafsvæði að vel könnuðu máli og í kjölfar umfangsmikils ferlis þar sem fjöldi hámenntaðra sérfræðinga hefur aðkomu að málinu. Þetta er gagnsætt ferli þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru kynntar opinberlega og öllum gefst kostur á að koma með athugasemdir.

Í grein í Fréttablaðinu þann 6. ágúst segir Gunnlaugur: „Verið er að undirbúa risalaxeldi í austfirskum fjörðum upp á 75 þúsund tonn. Ef öll sú framleiðsla verður að veruleika, þá munu a.m.k. 75 þúsund laxar sleppa úr austfirskum kvíum á ári.“

Hér gætir misskilnings hjá Gunnlaugi því fyrir það fyrsta eru tölur um sleppingar sem hann vísar í úr samhengi við veruleikann. Sleppingar í norsku laxeldi eru 0,06% af heildarfjölda fiska en ekki einn lax fyrir hvert framleitt tonn. Á það er jafnframt að líta að þegar rætt er um sleppingar í laxeldi þá er litið til meðaltalstalna úr heildareldi og inni í þeim tölum eru heildarslysasleppingar. Það að rekin sé eldisstöð í firði þýðir alls ekki að það sleppi að jafnaði frá henni ákveðinn fjöldi fiska árlega í hlutfalli við framleiðslu.

Í viðtali við Gunnlaug í Bændablaðinu segir hann: „Alþingismenn og íslensk umhverfissamtök, flest hver, sofa værum blundi og virðast láta sér þessa aðför að lífríki náttúrunnar í léttu rúmi liggja.“

Gæti verið að þessi sofandaháttur sem Gunnlaugur sakar aðra um eigi rót sína að rekja til þess að vel menntaðir sérfræðingar séu annarrar skoðunar en hann? Gæti verið að þeir sem kynnt hafa sér málin sjái ekki þá ógn sem leikmaðurinn Gunnlaugur upplifir?

# Lok, lok og læs



Árni Páll Árnason
alþingismaður

**Það er brýnt að nýtt þing geti breytt búvörusamningi, til samræmis við nýja stefnumörkun nýrrar ríkisstjórnar. Það þarf tafarlaust að leggja af útboð tollkvóta og úthluta honum fremur með hlutkesti eða öðrum þeim leiðum sem ekki spenna upp verð innfluttrar framleiðslu.**

Fyrir Alþingi liggur búvörusamningur til 10 ára og nýr tollasamningur við Evrópusambandið um auknar innflutningsheimildir. Í meðförum þingsins hefur komið í ljós hversu illa þetta mál hefur verið unnið af ríkisstjórninni og ekkert samráð haft um samningsmarkmið og árangur við aðra en viðsemjendur. Þess vegna er augljóst að málið er að daga uppi og þess vegna er meiri hluti stjórnarflokkanna í atvinnuveganefnd að leita logandi ljósi að einhverri leið til að koma einhvers konar búvörusamningi í gegnum þingið.

En vandinn er sá að áherslur stjórnarflokkanna eru ekki að skapa sóknarfæri fyrir innlenda framleiðslu heldur halda áfram með alla helstu ókosti hins gamla samnings og fresta því að takast á við framtíðina. Við í Samfylkingunni höfum alltaf verið fylgjandi opinberum stuðningi við landbúnaðarframleiðslu, en lykilatriði er að sá stuðningur raski ekki samkeppni meira en nauðsyn krefur og tryggi bændum og neytendum hámarksávinning.

Nú blasir við að meiri hlutinn mun leggja til að samningurinn gildi í þrjú ár og að framleiðslustýring verði ekki afnumin á þeim tíma. Hvatt er til samtals við alla hagsmunaaðila til að ná sátt um rekstrarumhverfi búvöruframleiðslunnar, sem er út af fyrir sig gott og gagnlegt en óskiljanlegt að ekki hafi verið efnt til þess áður en samningsgerð hófst.

**Víða stefnt í öfuga átt**

Við þennan bútasaum sem nú stendur yfir er hætt við að eitthvað fari úrskeiðis. Engin rök hafa verið færð fyrir því að MS eigi áfram að vera undanþegin samkeppnislögum, en enginn vilji virðist samt hjá stjórnarflokkunum að breyta því furðulega fyrirkomulagi. Þá virðist sem frekar sé ætlunin að draga úr möguleikum á innflutningi, þvert á gerða samninga.

Samhliða umfangsmiklum opinberum stuðningi hefur Ísland undirgengist víðtækt net samninga um afmarkaðan markaðsaðgang fyrir erlenda landbúnaðarframleiðslu til að veita innlendri framleiðslu aðhald jafnt í gæðum og verði. Útfærsla á útboðum tollkvóta undanfarna áratugi hefur hins vegar skipulega verið höfð með þeim hætti að hvorki hefur orðið fullnægjandi samkeppni í verði né gæðum og tollarnir frekar nýttir til að skapa viðskiptahindranir. Innlendir framleiðendur hafa getað boðið í tollkvóta og geta í reynd boðið eins hátt verð og þeim sýnist, því þeim mun hærra sem verðið er, þeim mun minni verður samkeppni við hina innlendu framleiðslu. Því hærra sem verðið er, því illmögulegra verður að kaupa gæðaframleiðslu og því leiðir útboðsfyrirkomulagið líka til þess að gæðasamkeppni verður ekki eins mikil og ella hefði verið.

Hæstiréttur hefur kveðið upp dóma um ágalla núverandi kerfis. Það er því einboðið að breyta þarf kerfinu og ákvæðum búvörulaga um útboð tollkvóta ef virða á milliríkjaskuldbindingar Íslands og áhyggjuefni að þess sér engan stað í vinnu þingsins nú að þar sé skilningur á því. Þvert á móti hefur meirihlutinn tekið undir þau sjónarmið að tollkvótar og útboð á þeim eigi að vera til tekjuöflunar fyrir stuðning við innlenda framleiðslu. Slík sjónarmið eru í beinni mótsögn við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og alþjóðleg markmið með opnun markaða með landbúnaðarvörur og sýna hversu vegavillt ráðandi öfl eru orðin þegar kemur að því flókna neti einangrunarhyggju sem illu heilli hefur verið vafið um búvöruframleiðsluna og skaðar bæði bændur og neytendur.

**Eru einhverjir talsmenn athafnafrelsis í stjórnarflokkunum?**

Nú reynir á stjórnarflokkana og það hvort þar – sem og í röðum VG, sem hvetur þá áfram í öfuga átt – séu yfir höfuð einhverjir talsmenn athafnafrelsis til. Það er brýnt að nýtt þing geti breytt búvörusamningi, til samræmis við nýja stefnumörkun nýrrar ríkisstjórnar. Það þarf tafarlaust að leggja af útboð tollkvóta og úthluta honum fremur með hlutkesti eða öðrum þeim leiðum sem ekki spenna upp verð innfluttrar framleiðslu. Ef einhverjum hluta tollkvótanna verður áfram úthlutað með útboði er afar brýnt að innlendum framleiðendum verði meinað að bjóða í kvótana. Og svo þarf að afnema undanþágu afurðastöðva í mjólkuriðnaði frá samkeppnislögum. Eru einhverjir til í þetta í stjórnarflokkunum?





# TAX FREE
# 24. – 31. ÁGÚST
# AF ÖLLUM VÖRUM

the PIER

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Fríar tannlækningar? Slæm hugmynd



Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur og kennari

Píratar samþykktu nýlega þá stefnuyfirlýsingu að tannlækningar skyldu framvegis verða niðurgreiddar að fullu. Gallinn er hins vegar sá að góðmennskan ein dugar skammt til að sjá fyrir afleiðingar hugmynda sem byggja á óskhyggju fremur en raunhyggju. Gjaldfrjálsar tannlækningar eru því miður enn eitt dæmið um slíkar hugmyndir eins og hér verður nú reifað.

### Kostnaður ríkisins snarhækkar

Ef tannhirða er góð og neyslu sælgætis og gosdrykkja stillt í hóf, þá eru takmarkaðar líkur á að fá tannskemmdir, a.m.k. af því tagi sem verða íþyngjandi vegna kostnaðar. Því er eðlilegt að fólk beri sjálft ábyrgð á tannheilsu sinni en varpi henni ekki yfir á samborgara sína. Þótt tannskemmdir einar og sér ýti við fólki til að hugsa vel um tennur sínar þá hefur kostnaður vegna hugsanlegra tannviðgerða einnig fælingarmátt. Ef sá þáttur er tekinn út, slaknar á þeirri umhirðu sem góð tannheilsa krefst. Því má búast við að tannskemmdum fjölgi í kjölfarið með tilheyrandi kostnaði fyrir skattgreiðendur.

**Skilvirkasta leiðin til að ná niður kostnaði vegna tannskemmda er að auka frelsi og samkeppni. Hér á landi hafa lengi tíðkast stífar fjöldatakmarkanir í tannlæknanám. Að minnsta kosti er ljóst að fjöldi tannlækna hér á landi væri mun meiri ef þeim flöskuhálsi væri rutt úr vegi.**

Ennfremur er sennilegt að tannlæknar muni smám saman hækka verð þar sem ekki þarf lengur að horfa beint framan í kúnnann í samkeppnisumhverfi heldur ávísa reikningnum á andlitslausa ríkisstofnun.

### Aukum samkeppni

Skilvirkasta leiðin til að ná niður kostnaði vegna tannskemmda er að auka frelsi og samkeppni. Hér á landi hafa lengi tíðkast stífar fjöldatakmarkanir í tannlæknanám. Að minnsta kosti er ljóst að fjöldi tannlækna hér á landi væri mun meiri ef þeim flöskuhálsi væri rutt úr vegi. Þá yrði samkeppni tannlækna mun meiri sem svo aftur myndi leiða til lægra verðs.




# Rangfærslur



Helgi Sigurðsson
hæstaréttarlögmaður

Í byrjun júlí sl. skrifaði ég grein í Fréttablaðið vegna þeirrar tilhneigingar eftirlitsaðila eins og Kauphallar að láta líta út fyrir að ekkert í starfsemi þeirra hafi brugðist fyrir fall bankanna, heldur séu það bankamennirnir sem einir eigi að líta í eigin barm. Heilum 6 vikum síðar birtist einhvers konar svarbréf Kauphallarinnar við greininni. Ekki er hægt að halda því fram að Kauphöllin hafi ekki gefið sér nægan tíma til að svara. Í ljósi þessa koma rangfærslur og útúrsnúningar í greininni á óvart. Hér verður látið nægja að staldra við tvö atriði, en miklu fleiri þarfnast leiðréttingar.

### Aðkoma bankanna

Í greininni er fullyrt að starfsfólk Kauphallarinnar hafi aldrei haldið því fram að aðkoma bankanna að viðskiptum hafi verið mikilvæg forsenda fyrir því að hér gæti yfirleitt þrifist hlutabréfamarkaður. Í umræddri grein minni var sérstaklega vísað til heimilda í gögnum dómsmálsins og vitnaskýrslum.

Við skýrslugjöf fyrir dómi sagði Stefán Halldórsson fyrsti forstjóri Kauphallarinnar að velta á hlutabréfamarkaði hafi verið mjög lítil fyrstu árin. Kauphöllin hafi lagt áherslu á að fá fjármálafyrirtækin til að koma að þessum kaupum bæði sem viðskiptavakar eða með því að lýsa því yfir að þeir myndu vera virkir í viðskiptum með hluti í stærstu félögunum á markaði. Þegar Stefán var spurður hvort unnt hefði verið að þróa verðbréfamarkað á Íslandi ef bankar og verðbréfafyrirtæki hefðu ekki verið þátttakendur svarar hann orðrétt: „Það hefði gengið miklu hægar, […] það þurfti að efla trú fjárfesta á honum, það þurfti að skapa þá trú að menn gætu átt viðskipti þegar þeir vildu. En ekki þyrfti að bíða eftir því jafnvel lengi að tilboð kæmi fram um kaup og sölu eftir því sem á þyrfti að halda þannig að þetta var eitt af þeim atriðum sem að var semsagt lögð mikil áhersla á að styðja að.“

Hér hefði farið betur á því að stjórnendur Kauphallarinnar hefðu kynnt sér frekar þau gögn málsins sem vísað er til í greininni (sem eru miklu fleiri en hér eru rakin), í stað þess að halda því ranglega fram að starfsfólk Kauphallarinnar hafi aldrei talið aðkomu bankanna mikilvæga fyrir íslenskan hlutabréfamarkað.

### Uppgötvun Kauphallar

Í dómi Hæstaréttar er vísað til þess að eftir breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti á árinu 2005 verði ákvæði XII. kafla laga nr. 108/2007 um verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði „skýrð á þann hátt með gagnályktun að fjármálafyrirtækjum, sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta, sé óheimilt að stunda viðskipti með eigin hluti á slíkum markaði í því skyni að greiða fyrir að markaðsverð skapist á þeim, nema um sé að ræða viðskipti í endurkaupaáætlun eða við verðjöfnun fjármálagerninga.“

Megingagnrýni mín í umræddri grein laut að því að Kauphöllin sjálf benti aldrei á, eftir að umrædd löggjöf var sett og þar til bankarnir féllu, að þessi viðskipti væru ólögleg samkvæmt gagnályktun. Þvert á móti vísar Kauphöllin þremur árum eftir að þessum viðskiptum lauk í viðurkennda markaðsframkvæmd og að viðskiptin hafi ekki verið óeðlileg. Þannig segir m.a. orðrétt í svarbréfi Kauphallarinnar til FME sem er merkt Baldri Thorlacius, öðrum greinarhöfundi: „Þekkt var að bankarnir voru hver um sig með hæsta hlutdeild í viðskiptum með eigin bréf.“ Í umfjöllun í sama bréfi um viðskipti bankanna með eigin bréf á árinu 2007 og 2008 segir m.a. að ekki sé „óeðlilegt að eigin viðskipti fjármálafyrirtækis nýti sér þær heimildir sem þau hafa til að fjárfesta í eigin bréfum. Á þessum tímapunkti þegar augljós ummerki um kauptækifæri virtust vera til staðar. Ekki virtist hafa verið gerð tilraun til að kaupa óeðlilegt magn á skömmum tíma, verðið var hvorki keyrt upp né því haldið óbreyttu, sbr. að verðið lækkaði um tugi prósenta, heldur virtist sem staðan hafi smám saman verið aukin á meðan svartsýnir, óþolinmóðir og fjárvana fjárfestar seldu bréfin.“

**Kauphöllinni var fullljóst að viðskipti bankanna með eigin bréf eftir 2005 fóru ekki fram á grundvelli endurkaupaáætlunar. Ástæða þess að Kauphöllin sem eftirlitsaðili greip ekki inn í er sú að það hvarflaði ekki að henni, frekar en starfsmönnum bankanna eða öðrum markaðsaðilum, að viðskipti bankanna með eigin bréf teldust ólögmæt á grundvelli gagnályktunar frá ákvæðum um endurkaup.**

Kauphöllinni var fullljóst að viðskipti bankanna með eigin bréf eftir 2005 fóru ekki fram á grundvelli endurkaupaáætlunar. Ástæða þess að Kauphöllin sem eftirlitsaðili greip ekki inn í er sú að það hvarflaði ekki að henni, frekar en starfsmönnum bankanna eða öðrum markaðsaðilum, að viðskipti bankanna með eigin bréf teldust ólögmæt á grundvelli gagnályktunar frá ákvæðum um endurkaup. Gagnrýni Kauphallar á umrædd viðskipti er því hrein eftiráspeki en ekki byggð á þeirri sýn sem hún hafði á viðskiptin á árunum 2005-2008. Þess vegna er meiri ástæða fyrir Kauphöllina að líta í eigin barm en umbjóðanda minn sem byggði háttsemi sína á þeim grunni sem Kauphöllin sjálf, sem lögbundinn eftirlitsaðili lagði til grundvallar. Svargrein forsvarsmanna Kauphallarinnar nú breytir engu um það.

# Loks eftirlit með hlerun



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Innanríkisráðherra hefur lagt til við Alþingi að tekið verði upp eftirlit með lögreglu þegar dómstólar veita heimild til þess að hlera eða taka upp fjarskipti einstaklings. Á það við um síma, tölvu eða önnur fjarskipti. Samkvæmt gildandi lögum er enginn sem fylgist með því hvernig lögreglan notar hlerunarheimildir.

Það eru liðin rúm 17 ár síðan sérstök nefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytisins undir forystu Bjargar Thorarensen skilaði af sér viðamikilli skýrslu um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir lögreglu. Nefndin bendir á að hlerun sé alvarlegasta röskunin á friðhelgi einkalífsins og persónuvernd og lagði til að skipaður yrði lögmaður til þess að gæta hagsmuna þess sem lögreglan fær heimild til þess að fylgjast með. Það er nauðsynlegt að mati nefndarinnar til þess að tryggja að lögreglan fylgi lagafyrirmælum og þannig verði eflt réttaröryggi borganna. Vísað er til þess að þetta fyrirkomulag sé meðal annars í Danmörku, en íslensku lögin eru byggð á dönsku löggjöfinni.

Eðlilega veit sá grunaði ekki af aðgerðum lögreglu en jafn eðlilegt er að einhver hafi eftirlit með lögreglunni og gæti þess að hún fylgi settum lögum og reglum. Þetta er aldagamalt vandamál og minna má á rómverska máltækið: hver gætir varðanna sem settir eru til þess að gæta öryggis borgaranna? Á árunum 2008-2012 samþykktu dómstólar 868 heimildir fyrir símhlerun og synjuðu aðeins 6 beiðnum. Steinbergur Finnbogason héraðsdómslögmaður skrifaði nýlega grein í Fréttablaðið og benti á alvarlega vankanta á þessu fyrirkomulagi.

### Á kostnað almennings

Ráðherrann hafnaði tillögu nefndarinnar þegar hann lagði fyrir Alþingi árið 2007 tillögur um endurskoðun á meðferð sakamála. Að þessu leyti var áfram óbreytt fyrirkomulag. Þá lagði ég fram frumvarp þar sem sett voru inn ákvæði um réttargæslumann í samræmi við ákvæði dönsku laganna. Þótt það fengi ágætar undirtektir hjá þeim þingmönnum sem til máls tóku þá réð meira andstaða „varðanna“ svo sem embætta Ríkislögreglustjóra og Ákærendafélags Íslands (Helgi Magnús Gunnarsson) og tillagan náði ekki fram að ganga. Hagsmunaaðilarnir vildu ekki una sömu starfsskilyrðum og starfsfélagar þeirra í Danmörku og Noregi búa við og fengu því framgengt að hér væri sérákvæði á kostnað réttinda borgaranna.

**Hins vegar lá það fyrir strax 1999 að það gengur ekki að láta aðila hafa eftirlit með sjálfum sér. Það þurfti ekki að bíða þennan tíma til þess að sannfærast um það. Niðurstaðan er að í fámennu þjóðfélagi ráða hagsmunaaðilar meiru um löggjöf en eðlilegt er og það er á kostnað almennings.**

Nú loksins á árinu 2016 er stuðningur við tillögur nefndarinnar frá 1999. Innanríkisráðherrann hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp um það atriði. Ráðherrann vísar til gagnrýni frá lögmönnum um takmarkað eftirlit með símahlustunum og telur þörf á því að tryggja réttaröryggi þeirra sem sæta eftirliti lögreglu. Það er svo í höndum Alþingis að afgreiða lagabreytinguna fyrir komandi kosningar. Reynslan undanfarin 17 ár hefur væntanlega breytt afstöðu aðila sem 2007 voru andvígir tillögunni en eru núna samþykkir. Hins vegar lá það fyrir strax 1999 að það gengur ekki að láta aðila hafa eftirlit með sjálfum sér. Það þurfti ekki að bíða þennan tíma til þess að sannfærast um það. Niðurstaðan er að í fámennu þjóðfélagi ráða hagsmunaaðilar meiru um löggjöf en eðlilegt er og það er á kostnað almennings.

# KLASSÍSKUR OG LITRÍKUR

**Þótt fatastíll Sindra Þórhallssonar verslunarstjóra veki eftirtekt er stutt síðan áhugi hans á tísku vaknaði. Hann klæðist yfirleitt klassískum flíkum en brýtur útlitið oft upp með litríkari og meira áberandi fötum.**



**Hér klæðist Sindri jakka og buxum frá Han Kjobenhavn, peysu frá Kenzo og skórnir eru Adidas Stan Smith Primeknit. Sólgleraugun eru í miklu uppáhaldi en þau eru frá Han Kjobenhavn.** MYNDIR/ERNIR



**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is

Áhugi Sindra Þórhallssonar á tísku kviknaði ekki fyrir alvöru fyrr en árið 2014, um það leyti sem hann útskrifaðist úr menntaskóla. Áhuginn jókst svo enn frekar þegar hann hóf störf í Húrra Reykjavík síðasta sumar en í dag gegnir hann stöðu verslunarstjóra þar. „Þar kynntist ég bæði fólki með mikla reynslu og þekkingu á tískubransanum og fór að fylgjast enn betur með, þá helst gegnum samfélagsmiðlana. Þar ber helst að nefna Instagram þar sem ég skoða bæði aðgang hjá tískumerkjum og einstaklingum sem ég hef áhuga á. Einnig kíki ég reglulega á vefsíður á borð við Hypebeast og Highsnobiety.“

Fatastíll Sindra er að eigin sögn afar fjölbreyttur. „Ég klæðist mikið klassískum flíkum en hef einnig gaman af því að brjóta upp normið og fara í litríkari og meira áberandi föt. Þá á ég það til að blanda þessu tvennu saman. Týpískur hversdagsklæðnaður hjá mér er gallabuxur, einlit hettupeysa, bomber-jakki og hvítir strigaskór en þetta getur auðvitað verið mjög breytilegt eftir dögum.“

> Í mínum huga er mikilvægast að velja flíkur sem eru vel sniðnar og vandaðar, þá er ólíklegt að þú munir sjá eftir kaupunum.
>
> Sindri Þórhallsson

## GEYMD LEYNDARMÁL

Honum finnst karlatískan í dag vera mjög skemmtileg og fjölbreytt. „Persónulega finnst mér tilkoma Húrra Reykjavíkur hafa sett mark sitt á tísku á Íslandi og menn eru byrjaðir í meira magni að velja sér vandaðri flíkur. Einnig hef ég tekið eftir að



**Sólgleraugu frá Han Kjobenhavn og ýmsir aðrir aukahlutir.**


















**Hettupeysan er samstarfsverkefni merkjanna Champion og Wood Wood, buxurnar eru frá Han Kjobenhavn og skórnir eru Adidas Stan Smith CF.**



**Skemmtilega innréttaður fataskápur undir súð.**



áhugi á strigaskóm hefur stóraukist síðastliðin ár á Íslandi.“

Þegar Sindri kaupir föt erlendis er það helst í Kaupmannahöfn og þar eru búðirnar sem eru í hliðargötum frá Strikinu best geymdu leyndarmálin að hans mati. „Uppáhaldsverslanir mínar þar eru m.a. Han Kjobenhavn, Streetmachine, Storm, Norse Projects og síðast en ekki síst Wood Wood.“

Uppáhaldsflíkin hans þessa dagana var þó keypt í París í sumar en um er að ræða gallajakka frá Kenzo. Bestu kaupin eru hins vegar buxur frá danska merkinu Han Kjobenhavn sem nefnast Tights. „Ég hef notað þær mikið undanfarna mánuði enda passa þær næstum við allt og eru í þokkabót einstaklega þægilegar. Í mínum huga er mikilvægast að velja flíkur sem eru vel sniðnar og vandaðar, þá er ólíklegt að þú munir sjá eftir kaupunum.“

**LÍST VEL Á VETURINN**

Helstu fylgihlutir sem Sindri hefur notað undanfarið eru sólgleraugu, enda veðrið verið gott á suðvesturhorninu. „Ég hef verið að vinna með sólgleraugu frá uppáhaldsmerkinu mínu, Han Kjobenhavn. Gleraugun eru framúrstefnuleg og öðruvísi í hönnun en að sama skapi stílhrein. Þegar vel liggur á mér á ég það til að nota hatta og hefur bucket-hatturinn komið sterkur inn þetta sumarið. Einnig geng ég oftast með úr á mér dagsdaglega, það setur punktinn yfir i-ið.“

Honum líst vel á tískuna í haust og vetur enda lítur hann á þetta tímabil sem skemmtilegan tíma í tískubransanum. „Þær flíkur sem koma inn á þessum tíma henta okkur Íslendingum að mörgu leyti mjög vel. Það er mikið um fallega jarðliti og efnisval er oft á tíðum mjög vandað. Þykkari flíkur líta einnig dagsins ljós sem koma sér vel þegar kalt er í veðri.“



**Hettupeysa er frá Carhartt WIP, jakkinn frá Kenzo og buxurnar frá Han Kjobenhavn. Skórnir eru Nike Air Presto Flyknit.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# innlit

Ármúla 27 - 544 8181

# Erum flutt á nýjan stað að Ármúla 27

# Rýmum fyrir nýjum vörum

## allt að 40% afsláttur












# 20%

## afsláttur

## af öllum sér-pöntunum




# DERHÚFAN KEMUR STERK INN

Lífsstílsbloggarinn **Guðrún Sigurbjörnsdóttir** hefur notið sumarsins með fjölskyldu og vinum og starfað sem flugfreyja hjá WOW air. Að undanförnu hafa mest notuðu flíkurnar í fataskápnum verið leðurderhúfa, Nike-buxur og bomber-jakki.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



SPURT & SVARAÐ

Guðrún Sigurbjörnsdóttir, lífsstílsbloggari, uppeldis- og menntunarfræðingur og flugfreyja, segist pæla mikið í því hverju hún klæðist í ræktinni. „Ég eyði oft miklu lengri tíma í að klæða mig upp í ræktina heldur en þegar ég klæði mig í venjuleg föt,“ segir hún brosandi. Guðrún hefur lengi pælt í tískunni og svarar hér nokkrum spurningum um sinn stíl.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Ég klæði mig í fremur afslöppuð föt svona hversdagslega, í gallabuxur eða íþróttabuxur við bol eða peysu.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Það fer eftir ástæðum. Ef ég er til dæmis að fara út að borða verða leðurbuxur vanalega fyrir valinu og einhver fínn bolur við en þegar ég fer á viðburði eins og til dæmis árshátíð vel ég að vera í kjól.

**Hverjar eru þrjár mest notuðu flíkurnar í skápnum?** Nike-buxurnar, fölbleiki bomber-jakkinn og leðurderhúfan.

**Eyðir þú miklu í föt?** Ég myndi ekki segja það, er oftast mjög nægjusöm og reyni að kaupa föt sem ég veit að ég mun nota mikið. En viðurkenni að ég eyði mestu í íþróttaföt.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Þessa stundina er það kremaði jakkinn minn. Hann er fremur þunnur og ég get því ekki notað hann mikið lengur en tek hann klárlega upp aftur næsta sumar.

**Bestu kaupin?** Svarti gervileðurjakkinn minn. Ég keypti hann í Primark og er búin að eiga hann í þrjú ár og hann er alltaf eins og nýr.

**Verstu kaupin?** Nokkrir háhælaðir skór sem ég er aldrei í.

**Hvað veitir þér mestan innblástur?** Árstíðirnar hafa mest áhrif á fatavalið. Þegar sumarið kemur vel ég frekar litríkari föt og léttari. Á haustin vel ég mér haustliti; vínrautt, appelsínugult og brúna liti. Á veturna er ég í dekkri litum og festist svolítið í svörtum klæðnaði.

**Hvers konar fylgihluti notarðu?** Í sumar hef ég mikið verið að nota derhúfu sem mér finnst þægilegt bæði þegar það er sól úti og rigning og við aðeins fínni tækifæri hef ég notað vinsæla choker-hálsmenið. Hversdags er ég alltaf með perlueyrnalokka.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Ég er með látlausan stíl og laðast að öllu látlausu. Ég hef verið þannig frá því ég man eftir mér. En samt sem áður alltaf haft miklar skoðanir á því hverju ég klæðist.

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir haustið?** Þar sem ég er ólétt mun ég velja mér föt sem ég get klætt mig í þá fimm mánuði sem ég á eftir af meðgöngunni og jafnvel eftir hana. Eins og þægilegar leggings og víða boli eða skyrtur.

Þeir sem vilja fylgjast með Guðrúnu geta gert það á blogginu hennar, gudrunsigur.com eða á gudrunsigur á Snapchat.



Guðrún var að klára síðasta flugið sitt hjá Wow air sem flugfreyja í bili. Hún hefur haft það notalegt með fjölskyldunni og notið veðurblíðunnar. MYND/STEFÁN








# Hrein jógúrt hreinsar vel

Hrein jógúrt þykir frábær hreinsimaski á andlitið. Mjólkursýran hreinsar burt dauðar húðfrumur svo húðin verður endurnærð og frískleg. Þá er jógúrtin rík af próteini sem sagt er að þétti og minnki svitaholur í húðinni, minnki fínar línur og gefi húðinni raka. Nuddið einfaldlega þunnu lagi af jógúrt með hringlaga strokum á andlitið og látið svo bíða í nokkrar mínútur. Hreinsið af með volgu vatni.

Ólífuolía þykir einnig næra þurra húð sérstaklega vel og gefa henni raka.



Eplaedik á að jafna sýrustig húðarinnar og virka vel á útbrot. Blandið 1 hluta ediks við 2 hluta vatns og hristið. Berið svo á húðina með bómullarskífu. Látið þorna og berið svo rakakrem á húðina.

*www.rd.com*

# Vissir þú?

...að pokabuxur með síðum rassvösum eiga rætur að rekja til fangelsis í Los Angeles en þar máttu fangar af öryggisráðstöfunum ekki ganga með belti?

...að regnhlífar voru upphaflega fundnar upp til að skýla fólki fyrir sól, ekki regni?

...að á tímum endurreisnarinnar var til siðs að raka af sér augabrúnirnar?

...að lengi vel gengu bæði karlar og konur í háhæluðum skóm. Hælarnir komu að gagni er menn riðu hestum?



...að mun fleiri karlar gegna áhrifastöðum í tískuheiminum en konur?

...að fyrstu Dr. Martens skórnir voru búnir til úr gömlum dekkjum?

...að konur klæða sig meira ögrandi í kringum egglos?

...að flestar konur klæðast aðeins helmingi þeirra fata sem þær eiga? Það á aðeins við um einn af hverjum fimm karlmönnum.

...að karlmenn eru tvisvar sinnum líklegri til að kaupa föt sem þeir hafa mátað en konur?

...að það að klæðast einum lit frá toppi til táar virkar grennandi?

## NÝIR HEIMILDARÞÆTTIR UM BRESKA VOGUE

Tökum er lokið á tveggja þátta heimildarþáttaröð um tískutímaritið British Vogue. Heimildarþáttaserían nýja heitir Absolutely Fashion: Inside British Vogue og verður frumsýnd á BBC 8. september næstkomandi.

Í heila níu mánuði fékk heimildarmyndagerðarmaðurinn Richard Macer að fylgjast með lífinu á bak við tjöldin í Vogue. Hann myndaði undirbúning starfsmanna að útgáfu tímaritsins í tilefni af hundrað ára afmæli breska Vogue.

Þættirnir veita innsýn í alla kima í starfseminnar en þar á meðal eru viðtöl við ritstjórann Alexöndru Shulman.

Fyrsti þátturinn hefst í september 2015 við lok tískusýninganna fyrir vor- og sumarlínur 2016. Þá er fylgst með störfum Shulman, tískustjórans Lucindu Chambers og listræna stjórnandans Jaime Perlman. Síðar í þættinum koma fyrir frægar stjörnur á borð við Edie Campbell, Mario Testino og Kate Moss.






# SJÖ ÁRA Í ALVÖRU SAUMAKLÚBBI

Ágústa þóra Jónsdóttir hannar prjónaflíkur undir merkinu Gústa. Ullarpeysur eru hennar uppáhaldsflíkur og á köldum vetrum í Sviss þar sem hún er búsett klæðist hún lopapeysu alla daga.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



> Ég elska prjónapeysur. Ég er í þeim allt árið á Íslandi og nota prjónapeysur sem yfirhafnir á sumrin. Nú er ég búsett í Sviss og þar eru sumrin of heit fyrir peysur og líka fyrir prjónaskap. Það er ekki hægt að sitja í þrjátíu stiga hita og prjóna úr ull.
>
> *Ágústa Þóra Jónsdóttir*

„Ég lærði að prjóna hjá ömmu Gústu sem krakki. Ég var kannski ekki afkastamikil til að byrja með en var þó í alvöru saumaklúbb, sex eða sjö ára. Þá hittumst við stelpurnar og prjónuðum saman eða saumuðum. Ekki eins og saumaklúbburinn í dag þar sem engin handavinna sést," segir Ágústa Þóra Jónsdóttir en hún hannar prjónaflíkur og uppskriftir undir merkinu Gústa.is.

Prjónapeysur eru hennar uppáhaldsflíkur og þó hátt í tuttugu stiga hiti sé úti þegar Fólk slær á þráðinn til Ágústu er hún með eina slíka með sér í töskunni.

„Ég elska prjónapeysur. Ég er í þeim allt árið á Íslandi og nota prjónapeysur sem yfirhafnir á sumrin. Nú er ég búsett í Sviss og þar eru sumrin of heit fyrir peysur og líka fyrir prjónaskap. Það er ekki hægt að sitja í þrjátíu stiga hita og prjóna úr ull," segir Ágústa, kaldir svissneskir vetur bæti það þó upp.

„Það er kaldara í húsunum þar en hér heima. Ég fer því nánast ekki úr lopapeysunum frá október og fram í apríl. Þess vegna finnst mér líka mikilvægt að eiga margar ullarpeysur."

Ágústa segist lengi hafa ætlað sér að gera prjónaskap að atvinnu og þegar fjölskyldan flutti til Sviss fyrir tveimur árum, greip hún tækifærið.

„Ég fór hægt af stað með þetta, skoðaði band og kíkti í prjónaverksmiðjur, setti svo allt í gang í fyrra. Ég handprjóna allt og úr náttúrulegu bandi. Ég fæ aðstoð her manneskja með prjónaskapinn því langmestur tími fer í hönnunina hjá mér. Ég hanna uppskriftir sem fólk getur náð í af síðunni minni og getur svo keypt bandið í flíkina. Núna eru pastellitirnir að koma sterkt inn. Sauðalitirnir finnst mér samt alltaf fallegir og hvítt band er í miklu uppáhaldi hjá mér. Svartur er ekki eins vinsæll litur í prjónapeysum, miklu frekar gráir tónar. Nú er ég að gera stór sjöl sem hægt er að sveipa um sig í garðpartíum eða leggja yfir fæturna þegar setið er úti," segir Ágústa. „Það er svo ótrúlega mikið sem mig langar að gera. Mig langar til dæmis að komast í samstarf við íslenska hönnuði. Hugmyndirnar eru svo margar en tíminn takmarkaður. Ég verð bara að marka mér ákveðna stefnu."

Þó Ágústa hafi verið með prjónana í höndunum frá því í barnæsku og lært ung af ömmu sinni segist hún ekki hafa yfirfært prjónabakteríuna á sín börn. „Nei, mér hefur ekki tekist að kenna börnunum mínum að prjóna. Ég á tvær dætur og tvo syni og ekkert þeirra prjónar. En það á kannski eftir að koma."

**Nánar má forvitnast um hönnun Ágústu á www.gusta.is.**



**Ágústa Þóra Jónsdóttir notar helst ullarpeysur allan ársins hring. Hún hannar ullarflíkur undir merkinu Gústa.** MYND/HANNA









# MEIRI HRAÐI MEÐ SSD!



ASUS

## RISASTÓR 512GB SSD DISKUR OG HRAÐUR INTEL i5!

Glæsileg og sérstaklega hröð ofurtölva með fullkomnum háskerpuskjá fyrir betri myndgæði, aukið vinnupláss og skýrari texta. Hraðvirkur 512GB SSD diskur, 8GB vinnsluminni, kraftmikill Intel i5 örgjörvi og Intel HD 520 grafíkkjarni.

INTEL i5 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 512GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR

**169.995**

ASU-F556UADM331T

## ALLT GENGUR HRAÐAR MEÐ SSD!

SSD gera það sama og hefðbundnir harðir diskar. Með honum ræsir tölvan og forrit sig upp á aðeins nokkrum sekúndum, gagnaflutningur er hraðari auk þess sem þeir þola hnjask betur. Allt gengur mun hraðar með SSD.



**84.995**

TOSHIBA

## KRAFTMIKIL MEÐ FJÓRUM KJÖRNUM

TOS-C55DC16H

Skemmtilega hönnuð 15,6" fartölva með Quad Core A6 örgjörva og 128GB SSD diski sem tryggir hraðari vinnslu.

AMD ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR



**99.995**

acer

## VINNUHESTUR MEÐ INTEL i3

ACE-NXMPGED058

Kröftugur Intel i3 örgjörvi og 128GB hraður SSD diskur. Létt og nett með langri rafhlöðuendingu.

INTEL i3 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR | 13,3" SKJÁR



i7 OG 512GB SSD

**199.995**

ASUS

ASU-F556UQDM142T

Frábærlega búin fartölvua fyrir skólann og heimilið. Intel i7 örgjörvi, 512GB SSD diskur og 2GB nVidia GT940M grafíkkjarni. Kraftmikil og hröð vinnsla. Full HD háskerpuskjár.

INTEL i7 ÖRGJÖRVI | 2GB GRAFÍKKJARNI | 512GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR



96GB SSD 1TB HDD

**119.995**

acer

ACE-NXGE6ED017

Ofursprækur Intel i5 örgjörvi og 6GB minni. 96GB SSD diskur fyrir stýrikerfið og 1TB diskur fyrir gögnin. Glæsilegur FullHD skjár.

INTEL i5 ÖRGJÖRVI | 6GB VINNSLUMINNI | 96GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR



1.23 CM 1.2 KG

**149.995**

ASUS

ASU-UX305CAFC119T

13,3" Zenbook í sérflokki. Glæsilega hönnuð og fislétt með nýja Intel M3 örgjörvanum, 128GB SSD og 8GB vinnsluminni. Háskerpuskjár og Bang & Olufsen hátalarar.

INTEL M3 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR | 13,3" SKJÁR

## FRÍ HEIMKEYRSLA Á FARTÖLVUM Í ÁGÚST!



tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Verðhrun
á útsölunni
50 - 80%
afsláttur

| | |
|---|---|
| Buxur | 1.900 - 6.900 kr. |
| Kjólar | 1.900 - 5.900 kr. |
| Pils | 500 - 3.900 kr. |
| Efri partar | 900 - 5.900 kr. |

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15
black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

SB
Glugga og hurðasmiðja SB ehf.
Starfsmenn óskast
Glugga og hurðasmiðja SB óskar eftir að ráða starfsmann í frágang á gluggum og hurðum á verkstæði fyrirtækisins. Kjörið væri ef um eldri og reyndari smið væri að ræða.
Eins óskum við eftir að ráða starfsmann í vélasal, við vinnu á tölvustýrðum trésmíðavélum.
Upplýsingar í síma: 565-4151 og á netfangi: hurdir@simnet.is eða á staðnum.
Fyrirtækið er stofnað 1974 og er sérhæft í glugga-og hurðasmíði
Hvaleyrarbraut 39, 220 Hafnarfirði
Sími: 565-4151 • hurdir@simnet.is






Vivetta Ponti í lok vel heppnaðrar tískusýningar með fyrirsætur sínar í baksýn.

# HRESSANDI LÉTTÚÐARBLÆR

Tískutímaritið Elle mælti á dögunum með að fólk kynnti sér hið skemmtilega tískumerki Vivetta úr smiðju hinnar ítölsku Vivettu Ponti.

Vivetta Ponti lærði tískufræðin í starfi sínu hjá Roberto Cavalli. Árið 2009 ákvað hún að stofna sitt eigið tískumerki undir merkjum Vivetta. Það hefur fengið fínar móttökur og þykir hver lína betri en sú síðasta.

Allar líkur eru á að fólk hafi séð glitta í fötin frá Vivettu enda skarta stjörnur á borð við Alexu Chung, Charlotte Dellal, Chiöru Ferragni og Önnu Della Russo reglulega flíkum frá þessu ítalska költmerki.

Tískulínur Vivetta einkennir hressandi léttúðarblær í bland við kvenleika. Fötin þykja ríkmannlega án þess að vera oflátungsleg, dúkkuleg en samt fullorðinsleg. Ponti segist leita innblásturs víða, til dæmis í ljóðum, dúkkum, antík, húsgagnatísku sjötta áratugarins og vefnaði frá sjöunda og áttunda áratugnum.

Fatalínan þykir töfrandi þar sem hárfín smáatriði setja punktinn yfir i-ið.



**Haustlína Vivetta er litrík og skemmtileg. Þar má finna tilvísanir í sjötta og sjöunda áratuginn sem er Vivettu Pinto hugleikinn.**

# Taktu þátt í Pågen snúðaleik

Þú finnur þátttökuseðil á flestum sölustöðum Pågen snúða og...

## þú gætir unnið Fjallraven bakpoka




Pågen smásnúðar eru með dásamlegri kanilfyllingu og alltaf mjúkir




Pågen

Dregið verður um 100 Fjallraven bakpoka 5. sept. nk.

## 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR SPARIBAUKUR**
Honda civic árg 98 ek.147 þús, sjálfskiptur, sk.17, nýleg tímareim,nýtt púst, góður bíl sem lýtur vel út og eyðir litlu, verð 380 þús möguleiki á 100% láni S.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ‘01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Mótorhjól



Kawasaki KX 250F. Árg’ 11, Ekið 45 tíma. Topphjól. 700þ staðgreitt. Uppl í s: 6938777

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Bátar




## Aukahlutir í bíla

Webasto olíumiðstöð. Ný og ónotuð. Fæst á 125þ. Uppl. í s:6938777

# ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is

Alhliða garðyrkja. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Önnur þjónusta




# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri




# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Sharpei hvolpar til sölu. Einstakt got og einungis tveir rakkar eftir af 6 hvolpum. Hvolparnir eru undan margsýndum meisturum. Ættbók frá HRFÍ. Kortalán. Uppl. í s. 821-9262

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**HERBERGI TIL LEIGU**
Hlíðarnar, 105 R. Tilvalin fyrir skólann.Sameiginlegt bað og eldhús og einungis kvenkyns. Fyrirspurnir sendist á gismo80@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500



**SÓMAFÓLK!**

**GÆÐASTJÓRI**
Sómi er að leita að öflugum Sómamanni eða Sómakonu í hópinn með ástríðu fyrir ferskleika, gæðum og gómsætum samlokum.

HELSTU VERKEFNI
- Umsjón með verkferlum
- Næringarútreikningar
- Umsjón með innihaldslýsingum og texta á vörum fyrirtækisins
- Umsjón með uppskriftum
- Innra eftirlit
- Eftirfylgni ábendinga
- Vinna eftir gæðahandbók fyrirtækisins

HÆFNISKRÖFUR
- Menntun sem tengist matvælaiðnaði
- Þekking á og reynsla af næringarútreikningi
- Góð tölvukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar
- Áhugi á mat og matvörum

Vinnutími er frá 8.00 til 16.00 virka daga.

Umsóknir óskast sendar á **siggi@somi.is**. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

SÓMI

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



















**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HELGARVINNA**
Starfskraftur óskast í bakarí í Breiðholti aðra hvora helgi. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**MÖTUNEYTI 365 ÓSKAR EFTIR STARFSKRAFTI**
Það að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum eftir :

-Brosmildi

-Jákvæðni

-Góðri þjónustulund

-Reynsla af veitingastörfum er kostur.

Vinnutími 2-2-3 vaktir
**Uppl. sendist á oley@365.is merkt "mötuneyti"**

**BAKARÍ / AÐSTOÐAMAÐUR**
Óskum eftir vönum og duglegum aðstoðarmanni eða bakara. Krefjandi vinna.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**VILT ÞÚ VINNA MEÐ OKKUR.**
Óskum eftir hressu, þjónustulunduðu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í bakaríinu okkar í Mosfellsbæ. Vinnutíminn er frá 13:00 - 18:30 alla virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Hægt er að fylla út umsókn á staðnum eða á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA**
óskar eftir að ráða þjóna í fullt starf, 11-11 vaktir.
Ath. lágmarksaldur 18 ár og íslenskukunnátta er skilyrði.
Upplýsingar aðeins veittar á staðnum í dag og næstu daga.

Leitum eftir dugmiklum starfskröftum á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar. 18 ára aldurstakmark. Fyllið út umsókn á dekkjahollin.is

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

**VANUR GRÖFUMAÐUR MEÐ ÖLL RÉTTINDI ÓSKAR EFTIR VINNU.**
Erum með einnig. Smiði, aðstoðarmenn við smiði, verkamenn, menn vana vegavinnu, dekkjamenn, pípulagningamenn og aðra iðnaðarmenn. Við finnum réttu mennina fyrir þig.
Verkleigan sími:780-1000
e:vinna@verkleigan.is

**HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA**
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Guðrúnargata 1 - Reykjavík**
**Opið hús fimmtudaginn 25. ágúst milli 17.30-18.00.**

Hraunhamar fasteignasala kynnir tvær eignir, mjög góða 125,7 fermetra íbúð á annarri hæð ásamt íbúð í risi og 74,5 fermetra jarðhæð í góðu þríbýli við Guðrúnargötu 1 í Norðurmýrinni í Reykjavík. Húsið var tekið í gegn að utan 2015.




**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

# Suðurgata 31





Glæsilegt 200 fm einbýlishús með stórum suðurgarði

Aðalhæð: eldhús, þrjár stofur, út um borðstofu gengið út í skjólgóðan suðurgarð.

Ris: tvö svefnherbergi og baðherbergi, háaloft að auki

Kjallari sem er með útgengi út í garð, og möguleika á að gera 3ja herb íbúð

Húsið stendur á 450 fm eignarlóð og því fylgja tvö bílastæði

**Tilboð óskast**



**Jason Kristinn Ólafsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is



**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**JÖFUR** ATVINNUHÚSNÆÐI
**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**




## TIL SÖLU

**Hveragerði**
Álfafell lóð, stærð 4.753,9 fm.
Hlíðarhagi lóð, stærð 13.230 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Til sölu er lóðin Álfafell sem er 4.753,9 fm. að stærð, skráð sem iðnaðar- og athafnalóð. Á lóðinni standa pökkunarhús og bílskúr sem eru í slæmu ástandi. Til sölu lóðin Hlíðarhagi sem er 13.230 fm. íbúða- og atvinnulóð. Á lóðinni stendur 215,3 fm. íbúðarhús.
Áskilinn er réttur seljanda til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum án sérstaks rökstuðnings.

## LIND Fasteignasala kynnir:

# Garðatorg 2a

*Einstök útsýnishús*

Einstök útsýnishús, aukin lofthæð í öllum íbúðum, allt að 3,30m. Húsin eru álklædd að utan, vandaðar innréttingar og granít. fullbúin sýningaríbúð. 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir.
Verð frá 39,5 millj. kr.







**Opið hús fimmtudaginn 25.ágúst frá kl 17:30-18:00**

Allar nánari upplýsingar veita:

Byggingaraðili: ÞG-VERK www.tgverk.is



**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
**699 5008**
hannes@fastlind.is



**Stefán Jarl Martin**
Lögg. leigumiðlari.
Aðstoðarmaður fasteignasala
**892 9966**
stefan@fastlind.is



**Kristján Þ. Hauksson**
Aðstoðarmaður fasteignasala.
**696 1122**
kristjan@fastlind.is



**Gunnar Valsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala.
**699 3702**
gunnar@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6, 201 Kópavogur

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**




## MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT




# APPLE TV 4 Á 0 KR.

Í þrjátíu ár höfum við verið í fararbroddi við að færa þér gæðaefni með nýjustu tækni. Árið 1986 biðu tilvonandi áskrifendur okkar í röðum eftir myndlyklum þegar fyrsti myndlykillinn kom til Íslands. Frá þeim tíma hefur hvergi verið hnikað og hver tæknibreytingin tekið við af annarri. Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir skemmtunarinnar á sem bestan hátt og stígum nú enn eitt skrefið og kynnum **365 sjónvarp á Apple TV.** Meiri hraði, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið þér Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365.




Tilboðið gildir með völdum sjónvarpspökkum 365 til 31. ágúst 2016.

Nánar á 365.is eða í síma 1817.

EPLI VALITOR

Í samstarfi við Epli og Valitor

PIPAR\TBWA / SÍA

**365** er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; að sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 400 manns.

365

HBO® and related service marks are the property of Home Box Office, Inc.

## Stjörnustúlkur með fimm stiga forskot á toppi Pepsi-deildar kvenna



*Á flugi* Harpa Þorsteinsdóttir skoraði venju samkvæmt fyrir Stjörnuna í gær en Stjarnan hefur það náðugt á toppi deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hópurinn á að ráða við þetta

**Breiðabliki tókst ekki að vinna serbneska liðið Spartak Subotica í Meistaradeild Evrópu í fyrradag þrátt fyrir mikla yfirburði. Blikar þurfa að svara fyrir sig með sigri, og það helst stórum, gegn NSA Sofia í dag.**

**FÓTBOLTI** Íslands- og bikarmeistarar Breiðabliks taka þessa dagana þátt í forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Blikar eru með Spartak Subotica frá Serbíu, NSA Sofiu frá Búlgaríu og Cardiff Met. frá Wales í riðli sem er leikinn á heimavelli síðastnefnda liðsins í Cardiff. Efsta liðið í riðlinum kemst áfram í 32-liða úrslit Meistaradeildarinnar.

Blikar fóru illa að ráði sínu í fyrsta leiknum gegn Spartak Subotica í fyrradag. Breiðablik var miklu sterkari aðilinn en pressa liðsins skilaði aðeins einu marki, sem Berglind Björg Þorvaldsdóttir gerði á 69. mínútu, en Spartak Subotica jafnaði svo metin í uppbótartíma.

„Maður er enn að reyna að átta sig á þessu," sagði Hallbera Guðný Gísladóttir, vinstri bakvörður Breiðabliks, í samtali við Fréttablaðið í gær.



Hallbera og stöllur hennar stefna á að komast upp úr riðlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Þær komust ekki fram yfir miðju**

„Við vorum miklu betri en þetta lið og þær komust ekki fram yfir miðju í seinni hálfleik, þannig að yfirburðir okkar voru mjög miklir. En þær fengu fast leikatriði og nýttu það. Þær þurftu ekki meira," bætti Hallbera við.

Þrátt fyrir yfirburði Blika í leiknum í fyrradag kann serbneska liðið ýmislegt fyrir sér og náði m.a. jafntefli við þýska stórliðið Wolfsburg í Meistaradeildinni í fyrra.

„Ég held að þetta hafi átt að vera sterkasta liðið fyrir utan okkur. Þær voru mjög skipulagðar og vörðust sem heild. En þær voru ekki komnar til að sækja þrjú stig og fögnuðu eins og þær hefðu orðið Evrópumeistarar þegar flautað var af," sagði Hallbera.

Blikar fá lítinn tíma til að sleikja sárin eftir vonbrigðin í fyrradag því þær eiga leik í dag gegn NSA Sofia sem tapaði 4-0 fyrir Cardiff í fyrsta leik sínum. Blikar þyrftu helst að vinna búlgarska liðið stórt og vonast svo eftir jafntefli í leik Spartak Subotica og Cardiff.

„Við verðum að sjá hvernig þessi leikur á morgun [í dag] fer. Þetta búlgarska lið er ekki líklegt til afreka en ég held að Cardiff gæti gert eitthvað. Það yrði mjög fínt fyrir okkur ef hinn leikurinn endaði með jafntefli," sagði Hallbera og bætti við að Blikar þyrftu samt aðallega að einbeita sér að sínum leik.

Það er leikið þétt í forkeppninni, eða þrír leikir á sex dögum. Hallbera segir líklegra en ekki að það verði gerðar breytingar á Blikaliðinu milli leikja.

**Smá stífleiki**

„Ég held að það verði að gera það. Maður er smá stífur og svona. En við erum búnar að fá Hildi [Antonsdóttur] og Selmu Sól [Magnúsdóttur] til baka eftir meiðsli svo hópurinn á alveg að ráða við þetta," sagði Hallbera.

Leikmannahópur Breiðabliks tók nokkrum breytingum um mitt sumar þegar þrír lykilmenn, Guðrún Arnardóttir, Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir og Ásta Eir Árnadóttir, fóru í nám til Bandaríkjanna. Í staðinn fengu Blikar Berglindi Björgu, Hildi og nýsjálenska miðjumanninn Oliviu Chance.

„Við erum með nógu stóran hóp til að ráða við þetta en það er auðvitað erfitt þegar hálft liðið fer út á miðju tímabili. Það kemur alltaf eitthvað rót á liðið þótt maður treysti leikmönnunum sem koma inn," sagði Hallbera.

Nýju leikmennirnir, Berglind Björg og Olivia, reyndust Breiðabliki vel í bikarúrslitaleiknum gegn ÍBV á dögunum þar sem þær skoruðu báðar.

„Þetta var mjög sætt enda einn skemmtilegasti leikur ársins," sagði Hallbera en Blikar unnu bikarúrslitaleikinn nokkuð sannfærandi, 3-1. Hallbera og stöllur hennar voru þó ekki nógu fljótar að koma sér niður á jörðina því þær gerðu jafntefli við Þór/KA í næsta deildarleik sínum.

„Við fengum að finna fyrir því fyrir norðan og settum Íslandsmeistaratitilinn í hendurnar á Stjörnunni. Nú verðum við að treysta á önnur úrslit sem er erfitt," sagði Hallbera.

**Tökum víkingaklappið**

„Maður verður að setja deildina heima til hliðar meðan við erum hérna úti. Það yrði auðvitað frábært að lengja tímabilið og komast áfram," sagði Hallbera en hún og leikmenn Blika ætla að skella sér á völlinn á laugardaginn og sjá Aron Einar Gunnarsson og félaga í Cardiff City taka á móti Reading.

„Við ætlum að reyna að kíkja á Aron Einar og taka víkingaklappið," sagði Hallbera og hló. „Það er búið að taka það nokkrum sinnum á okkur." **ingvithor@365.is**

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Stjarnan - ÍBV 2-1**
Harpa Þorsteinsdóttir, Donna Kay Henry - Cloe Lacasse.

**KR - Þór/KA 0-1**
- Sandra María Jessen.

**ÍA - Fylkir 0-1**
- Eva Núra Abrahamsdóttir.

**FH - Valur 0-4**
- Dóra María Lárusdóttir 2, Margrét Lára Viðarsdóttir, Málfríður Eiríksdóttir.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 34 | FH | 13 |
| Breiðablik | 29 | Fylkir | 13 |
| Valur | 27 | Selfoss | 10 |
| Þór/KA | 22 | ÍA | 8 |
| ÍBV | 21 | KR | 6 |

### ÚLFAR HÆTTIR

Úlfar Jónsson lætur af störfum sem landsliðsþjálfari í golfi í lok ársins. Auk þess að gegna starfi landsliðsþjálfara er Úlfar íþróttastjóri GKG. Hann segir að það sé erfitt að samrýma þessi tvö störf.

„Það hefur margt breyst á undanförnum fimm árum og með hverju árinu sem líður er alltaf erfiðara og erfiðara að vera í tveimur krefjandi störfum. Starfsemin hjá GSÍ er alltaf að stækka og einnig í mínu aðalstarfi sem íþróttastjóri GKG. Það eru spennandi tímar fram undan á báðum vígstöðvum, en nú tel ég rétt að velja á milli og einbeita mér að öðru hvoru," er haft eftir Úlfari á heimasíðu GSÍ.

Úlfar, sem hefur gegnt starfi landsliðsþjálfara frá 2011, segir mikilvægt að næsti landsliðsþjálfari verði í fullu starfi.

### EIÐUR SMÁRI TIL INDLANDS

Eiður Smári Guðjohnsen gerði stuttan samning við indverska liðið Pune City FC en mun þó spila með liðinu út núverandi tímabil. Tímabilið í Indlandi hefst í október og stendur yfir í aðeins rúma tvo mánuði. Eiður samdi til loka tímabilsins. Magnús Agnar Magnússon, umboðsmaður Eiðs, segir að Eiður Smári hafi valið að fara til Indlands því að honum hafi litist best á það.

„Eiður er ekki tilbúinn að hætta og honum finnst þetta áhugavert. Þetta tilboð var þannig að það hentaði honum og fjölskyldu hans vel," sagði Magnús Agnar.

Pune City var stofnað fyrir tveimur árum síðan og er að hluta í eigu eins þekktasta Bollywood-leikara Indlands, Hrithik Roshan.



Liðið leikur í Indian Super League sem var sett á laggirnar árið 2013. Deildin er ekki hluti af hefð-bundinni deildar-keppni og stendur tímabilið yfir í aðeins rúma tvo mánuði, frá október til desember ár hvert.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **16.00** | **Meistarad. dráttur** | Sport |
| **17.50** | **Selfoss - Grindavík** | Sport 2 |
| **18.00** | **Demantamótaröðin** | Sport |
| **18.00** | **The Barclays** | Golfstöðin |

**18.00** **Keflavík - Haukar**
**18.00** **Selfoss - Grindavík**
**18.00** **Leiknir R. - Fram**




Lenovo Y700
Kraftmikil og skemmtileg fyrir leikina
Verð frá: 189.900 kr.



Lenovo IDEAPAD 100
Góð og nett fartölva
Verð frá: 64.900 kr.



Lenovo YOGA 3
Hraður og öflugur SSD diskur
Verð frá: 99.900 kr.



BAKPOKAR, TÖSKUR OG UMSLÖG
Einstakt úrval fyrir góða námsmenn.



FRÁBÆR ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL
Frá Bose, Audio Technica, Plantronics og Sony.



Canon
WI-FI PRENTARAR,
BLEK OG PAPPÍR



Í NETVERSLUN.IS ER ÚRVAL AF GRÆJUM
SEM HJÁLPA ÞÉR AÐ LEYSA SKÓLAVERKEFNIN

NÝHERJI / BORGARTÚNI 37, MÁN.-FÖS. KL. 9-18 & LAU. KL. 11-15 / KAUPANGI AKUREYRI, MÁN.-FÖS. KL. 9-17 / NETVERSLUN.IS

# Vildi finna fótboltagleðina aftur

**Ragnar Sigurðsson hefur bæst í hóp þeirra íslensku landsliðsmanna sem spila nú á Englandi eftir að hann samdi við Fulham. Sumarið hefur verið erfitt hjá Ragnari sem hefur beðið eftir tækifærinu til að komast til Englands allan sinn feril.**

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is





Ragnar sló í gegn á EM í sumar. Hér er hann í baráttu við Jamie Vardy, leikmann Englands. Kári Árnason fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Ragnar Sigurðsson er hæstánægður með að vera kominn í ensku B-deildina en hann gekk frá tveggja ára samningi við Fulham í fyrradag, með möguleika á eins árs framlengingu. Með félagaskiptunum rættist gamall draumur en Ragnar hefur stefnt á að spila á Englandi allan sinn feril.

Ragnar sló í gegn með íslenska landsliðinu á EM í sumar. Frammistaða hans í 2-1 sigurleiknum á Englandi í 16-liða úrslitum vakti heimsathygli en Ragnar, sem skoraði fyrra mark Íslands, var valinn maður leiksins og þótti frammistaða hans ein sú besta sem miðvörður hefur sýnt í íslenskum landsliðsbúningi.

Þessi þrítugi Árbæingur fór aldrei leynt með það að hann vildi komast að á Englandi. Hann sagði það fyrir EM í sumar og ítrekaði það svo á meðan á keppninni stóð. Eftir EM fóru af stað ýmsar sögusagnir um að ensk úrvalsdeildarlið væru með hann í sigtinu.

### Áhugi en engin tilboð

„Þetta var mjög erfitt sumar. Mig langaði svo rosalega mikið til að komast í ensku deildina en vissi um leið að það væri ekkert til í helmingnum af þessu slúðri. En það kveikti samt ákveðnar hugsanir og það tók á að þurfa að bíða svona lengi eftir þessu,“ sagði Ragnar í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann neitar því ekki að hann hafi stefnt að því að komast að hjá liði í ensku úrvalsdeildinni. Hann, eins og aðrir, stefnir eins hátt og mögulegt er.

„Það voru lið sem höfðu sett sig samband við umboðsmanninn minn en þau voru greinilega aldrei viss því tilboðin komu aldrei. Fulham var eina liðið sem kom með alvöru tilboð. Það var því ekki erfið ákvörðun fyrir mig. Fulham er flottur klúbbur í flottri borg.“

### Liverpool tók nafna

Ragnar fór ekki leynt með þann draum sinn að fá tækifæri hjá Liverpool, félagi sem hann hefur stutt alla sína ævi. Ragnar taldi það ekki svo fjarlægan draum eftir EM í sumar.

„Ég veit ekki hvort það hafi verið einhver vitleysa í manni en mér fannst allt eins líklegt að eitthvert lið eins og Liverpool myndi vilja skoða mig eftir EM. Mér fannst möguleikinn á því allavega vera til staðar,“ sagði Ragnar en Liverpool var í miðvarðaleit í sumar og valdi að lokum nafna hans, Eistlendinginn Ragnar Klavan.

„Eftir því sem ég best veit var ég aldrei nálægt því að komast til Liverpool. En það var samt smá högg fyrir mig að þeir tóku nafna minn í staðinn. Og vissulega mjög fyndið.“

### Var að tapa gleðinni

Hann ber Krasnodar vel söguna og segir að félagið hafi alla tíð komið vel fram við sig, líka þegar kom að viðskilnaðinum.

„Þeir vissu að það var alltaf markmiðið hjá mér að komast að á Englandi. Tíminn minn í Rússlandi var fínn þó svo að það hafi ýmislegt einkennilegt komið upp, enda mikill menningarmunur í Rússlandi. En það var gott að fá að spila með einu besta liði Rússlands og í Evrópudeildinni þar að auki.“

Það má þó heyra á Ragnari að það hafi verið komin ákveðin þreyta í hann eftir tveggja og hálfs árs dvöl í Rússlandi.

„Ég vil ekki segja neitt neikvætt um Krasnodar en ég vildi komast á stað þar sem ég hefði gaman af fótbolta aftur. Ég var byrjaður að tapa aðeins gleðinni fyrir íþróttinni og ég var viss um að ef mér tækist að komast í gott lið á Englandi myndi það kveikja aðeins í áhuganum á nýjan leik,“ segir Ragnar hreinskilinn.

### Njóta þess að spila

Hann segist ekki hugsa um annað en að standa sig vel með Fulham úr þessu. Liðið hefur byrjað tímabilið vel á Englandi, er með átta stig eftir fjórar umferðir og er enn taplaust.

„Þetta er flottur klúbbur sem á góða möguleika á að komast upp. Ef það tekst ekki er þetta góður gluggi fyrir mig enda mjög sterk deild. En fyrst og fremst ætla ég að njóta þess að spila hér í vetur og svo mun ég sjá til eftir það.“



## Alltaf spenntur fyrir landsliðinu

**Ragnar Sigurðsson** segir að það sé engin landsliðsþreyta í honum eftir frábært gengi á EM í sumar og hann hlakkar til að takast á við nýjar áskoranir í landsliðstreyjunni. Það byrjar eftir tæpar tvær vikur þegar Ísland mætir Úkraínu ytra í undankeppni HM 2018.

„Ég er alltaf gríðarlega spenntur fyrir því að spila með landsliðinu og hitta strákana aftur,“ segir Ragnar sem segir að mikið hafi breyst eftir að Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson tóku við liðinu. „Þá varð íslenska landsliðið að liði,“ bætir hann við.

Heimir stendur nú einn eftir sem landsliðsþjálfari og er með Helga Kolviðsson sér við hlið sem nýjan aðstoðarþjálfara.

„Mér líst vel á Heimi og Helgi er töffari. Hópurinn lítur líka mjög vel út og það verður gaman að byrja á nýrri undankeppni.“




SPORT | Föstudag kl. 18:30 - Bein útsending
Bundesliga: Bayern München - Werder Bremen
Hörkuleikur í þýska boltanum á föstudagskvöld.




SPORT | Laugardag kl. 11:20 - Bein útsending
Enski boltinn: Tottenham - Liverpool
Harry Kane og félagar hans í Tottenham taka á móti rauða hernum á White Hart Lane




SPORT | Sunnudag kl. 19:30 - Bein útsending
Pepsídeildin: Valur - KR
Valur tekur á móti Vesturbæjarveldinu á Hlíðarenda.




SPORT | Messan
Mánudagskvöld kl. 21:00
Gummi Ben og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport fara yfir leiki helgarinnar í enska boltanum.

Sportið **um helgina**

Tryggðu þér áskrift á **365.is** eða í síma **1817**




APPLE TV 4 Á 0 KR.
með 12 mánaða áskrift að Sportpakkanum.
365
*Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is.


TCHAIKOVSKY
Évgení Ónegin
Tímalaus rússnesk ástarsaga
MARGVERÐLAUNAÐUR ÓPERULEIKSTJÓRI
STJARNA FRÁ BOLSHOJ LEIKHÚSINU Í TITILHLUTVERKI
MIÐASALA HAFIN Á WWW.OPERA.IS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI BENJAMIN LEVY · LEIKSTJÓRI ANTHONY PILAVACHI
ANDREY ZHILIKHOVSKY · ÞÓRA EINARSDÓTTIR · ELMAR GILBERTSSON · NATHALÍA D. HALLDÓRSDÓTTIR
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR · ALINA DUBIK · RUNI BRATTABERG · SNORRI WIIUM
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR · LEIKMYND: EVA SIGNÝ BERGER
LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON · BÚNINGAR: MARÍA TH. ÓLAFSDÓTTIR
22. OKTÓBER · 29. OKTÓBER · 6. NÓVEMBER · 12. NÓVEMBER
#íslenskaoperan
ÍSLENSKA ÓPERAN
HÖNNUN: HGM


markhönnun ehf
nettó
Ódýrt og gott
Dúnmjúkar kjúklingalundir
-25%
KJÖTSEL
GRILL BLÁBERJA LAMBAINNLÆRI
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
2.999 KR KG
-30%
Danpo
CHICKEN INNER FILLET
18% ADDED WATER
DANPO KJÚKLINGALUNDIR
FROSNAR - 700 G
ÁÐUR: 1.689 KR/PK
1.182 KR PK
-34%
SS
LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
ÁÐUR: 2.998 KR/KG
1.979 KR KG
-40%
ÍSFUGL
KALKÚNAGRILLSNEIÐAR
ÁÐUR: 2.947 KR/KG
1.768 KR KG
Beikon- og skinkubitar,
tilbúnir beint í pastað eða pizzuna
-50%
KJÖTBORÐ
BEIKON- OG SKINKUTENINGAR
ÁÐUR: 1.498 KR/KG
749 KR KG
-20%
SS
LAMBALÆRI, STUTT - 2 STK
ÁÐUR: 1.498 KR/KG
1.198 KR KG
-20%
BRILLIANT CLEANING
EVEN ON WHITES
Daz
DAZ ÞVOTTAEFNI, 65 ÞV. - 4,2 KG
ÁÐUR: 2.998 KR/PK
2.398 KR PK
Frugt til smoothie
Ananas - mango - papaya
Frugt til smoothie
DIT VALG SMOOTHIE MIX - 450 G
ÁÐUR: 579 KR/PK
479 KR PK
Tilboðin gilda 25. – 28. ágúst 2016
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

-34%



NAUTA RIB Y Í HEILU
LÍTIL STK, FROSIN - ERLENT
~~ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~
**1.979** KR KG

-33%

KJÖTSEL



KRYDDAÐ LAMBALÆRI
~~ÁÐUR: 2.078 KR/KG~~
**1.392** KR KG

-30%

KJÖTSEL

*Allt fyrir grillveisluna...*



GRÍSASNITSEL Í RASPI - FROSIN
~~ÁÐUR: 1.899 KR/KG~~
**1.329** KR KG

ÍSFUGL

-40%



KALKÚNAPYLSUR - 10 STK
~~ÁÐUR: 1.849 KR/PK~~
**1.109** KR PK

*Ferskt mangó*

-50%



MANGÓ
~~ÁÐUR: 498 KR/KG~~
**249** KR KG

-30%

GOÐI



LAMBABÓGSTEIK
Í SVEPPAMARINERINGU
~~ÁÐUR: 3.498 KR/KG~~
**2.449** KR KG




COCA COLA - 4 X 2 L
~~ÁÐUR: 1.036 KR/PK~~
**989** KR PK

*Nýbakað bakkelsi*

-40%



OSTASLAUFUR 2 X 100 G
~~ÁÐUR: 398 KR/PK~~
**239** KR PK

-35%



PIZZASNÚÐAR 2 X 100 G
~~ÁÐUR: 398 KR/PK~~
**259** KR PK




WEETOS - 500 G
**569** KR PK

*Fyrir skólanestið...*




CALYPSO
APPELSÍNU- & EPLASAFI
~~ÁÐUR: 79 KR/STK~~
**69** KR STK

## 90 ára afmæli



**Einar Guðmundsson**
frá Kvígindisfirði

varð 90 ára þann 27. júlí síðastliðinn. Haldið verður upp á afmælið hans laugardaginn 27. ágúst í safnaðarheimili Árbæjarkirkju milli kl. 15 og 18. Ættingjar og vinir eru velkomnir. Allar gjafir vinsamlegast afþakkaðar.

# Norðurslóðamál mikilvæg

**Unnur Brá Konráðsdóttir var kjörin formaður Vestnorræna ráðsins á ársfundi í Qaqoroq á Suður-Grænlandi. Ráðið var stofnað árið 1985 og í ráðinu sitja átján þingmenn.**



Unnur Brá var kjörin formaður Vestnorræna ráðsins á ársfundi þess um helgina.

Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, var á dögunum kjörin formaður ráðsins á ársfundi þess.

Fundurinn fór fram í Qaqortoq á Suður-Grænlandi 21. og 22. ágúst. Á fundinum hélt Unnur Brá ræðu þar sem hún lagði meðal annars áherslu á mikilvægi þess að ráðið héldi áfram að vinna að nánara samstarfi vestnorrænu landanna um málefni norðurslóða, þar á meðal á vettvangi Hringborðs norðurslóða og með því að tryggja að umsókn ráðsins um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu verði samþykkt. „Við höfum verið að leggja áherslu á aukið samstarf í norðurslóðamálum því það er í rauninni stóra málið fyrir þessi þrjú lönd á næstu árum og áratugum. Við í Vestnorræna ráðinu trúum því að af því að við búum nú á norðurslóðum þá eigum við sem kjörnir fulltrúar að hafa skoðun,“ segir Unnur Brá.

Á fundinum var meðal annars samþykkt að hvetja stjórnvöld á Grænlandi, í Færeyjum og á Íslandi til þess að vinna sameiginlega að rannsókn um umfang plasts í Norður-Atlantshafinu og hver áhrif þess á lífríki hafsins séu. „Þetta er líka mjög skemmtilegt, það er ekki oft sem Ísland er stærsti aðilinn í svona ráðum en í þessu erum við stóri bróðirinn og í því er fólgin ábyrgð,“ segir Unnur og tekur undir að starf ráðsins sé mikilvægt.

Í ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju landi. Ráðið var stofnað árið 1985 í Nuuk á Grænlandi. Ráðið var stofnað af Lögþingi Færeyja, landsþingi Grænlands og Alþingi sem samstarfsvettvangur þinganna þriggja og var samstarf landanna þriggja formfest.

Markmið ráðsins er að starfa að hagsmunum landanna, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landstjórna Vestur-Norðurlanda, auka samstarf innan norrænnar samvinnu og vera þingræðislegur tengiliður á milli samvinnuaðila innan Vestur-Norðurlanda og annarra fjölþjóðlegra hagsmunahópa og ríkjasamtaka.

Unnur tekur við embættinu af Lars-Emil Johansen, forseta grænlenska Landsþingsins. En Unnur hefur verið formaður Íslandsdeildarinnar allt kjörtímabilið sem embætti forseta ráðsins rúllar á milli landanna. Auk Unnar Brár skipa Íslandsdeild ráðsins Páll Jóhann Pálsson varaformaður, Oddný G. Harðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Páll Valur Björnsson og Þorsteinn Sæmundsson.

gydaloa@frettabladid.is

---



Elskulegi eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Hannesson**
byggingameistari,
Víðilundi 5, Akureyri,

lést á heimili sínu 14. ágúst. Hann verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri.

**Soffía Georgsdóttir**
**Svanhildur Sigurðardóttir** **Júlíus Kristjánsson**
**Helga Sigríður Sigurðardóttir**
**Valgerður Sigurðardóttir** **Hans Gerald Häsler**
**Guðrún Inga Sigurðardóttir** **Steingrímur Bogason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Janus Hafsteinn Engilbertsson**
(Haddi)

lést á HSS 19. ágúst síðastliðinn. Útför fer fram í Keflavíkurkirkju mánudaginn 29. ágúst kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gunnella Jóhannsdóttir**
**Sigtryggur Hafsteinsson** **Jóhanna Halldórsdóttir**
**Eygló Hafsteinsdóttir**
**Agnar Hafsteinsson** **Sigurborg Þorvaldsdóttir**
**Lovísa Hafsteinsdóttir** **Massimo Luppi**
**Hafdís N. Hafsteinsdóttir** **Karl Gústaf Davíðsson**
**Alda Hafsteinsdóttir** **Jón Þór Maríusson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hrefna Finnbogadóttir**
bóndi,
Neðri-Presthúsum,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 11. ágúst sl. Útförin fer fram frá Reyniskirkju laugardaginn 27. ágúst kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristín Einarsdóttir** **Sigurjón Rútsson**
**Elísa Berglind Adolfsdóttir**
**Klemens Árni Einarsson**
**Heiða Dís Einarsdóttir** **Snorri Snorrason**
**Signý Einarsdóttir** **Flosi Arnórsson**
**Haukur Einarsson** **Sóley Rut Ísleifsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Magnús Þorbergur Jóhannsson**
Hólmavík,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Hólmavík miðvikudaginn 17. ágúst 2016. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 15.00.

**Svandís G. Magnúsdóttir** **Lárus Kristinn Lárusson**
**Jóhann S. Magnússon** **Bára Benediktsdóttir**
**Þorbjörg Magnúsdóttir** **Magnús H. Magnússon**
**Kristbjörg R. Magnúsdóttir** **Ásmundur H. Vermundsson**
**Sigfríður Magnúsdóttir** **Eiríkur Snæbjörnsson**
**Jón Magnús Magnússon** **Anna Jóna Snorradóttir**
**Dagrún Magnúsdóttir** **Þórður Halldórsson**
**afabörn og langafabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóna Sólveig Ólafsdóttir**
(Solla á Grund)

lést 11. ágúst á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Reykjavík. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju föstudaginn 26. ágúst og hefst athöfnin kl. 14.00.

**Guðbjörg Sigurgeirsdóttir** **Magnús Gestsson**
**Ólafur Ingi Sigurgeirsson** **Sigríður Björnsdóttir**
**Sigmundur G. Sigurgeirsson** **Sigríður Bogadóttir**
**Einar Logi Sigurgeirsson** **Arnheiður S. Þorvaldsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

**Gunnlaugur Þröstur Höskuldsson**

lést á heilbrigðisstofnun Suðausturlands 16. ágúst. Útförin fer fram í Hafnarkirkju, laugardaginn 27. ágúst kl. 11.00.

**Linda Helena Tryggvadóttir**
**Rannveig Gunnlaugsdóttir**
**Haukur Gunnlaugsson**
**Drífa Gunnlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingileif Guðjónsdóttir**
Höfn,
Eyrarbakka,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 18. ágúst. Hún verður jarðsungin frá Langholtskirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 15.00.

**Ólafur Leifsson**
**Sigurður Már Ólafsson**
**Guðrún Sigríður Ólafsdóttir** **Jón Ágústsson**
**Ingileif Valdís Jónsdóttir**

---



Ástkær móðir okkar,

**Jóhanna Björnsdóttir**
húsfreyja, Skarfshóli í Miðfirði,

lést 16. ágúst sl. Hún verður jarðsungin frá Melstaðarkirkju laugardaginn 27. ágúst kl. 14.00.

**Kristín Dóra Margrét Jónsdóttir**
**Jón Ívar Jónsson**
**Magnús Ari Jónsson**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Haukur Sigurðsson**
sagnfræðingur,
Austurbergi 14, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 18. ágúst. Hann verður jarðsunginn frá Grensáskirkju föstudaginn 26. ágúst klukkan 13.00.

**Örn Hauksson** **Margrét Sigurðardóttir**
**Sigurjón Hauksson**
**Haukur Jón Arnarson** **Helgi Þór Arnarson**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

**Helmout Karl Kreidler**
sjóntækjafræðingur,

varð bráðkvaddur 19. ágúst. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 2. september klukkan 13.00.

**Steinunn Kristjánsdóttir**
**Einar Victor Karlsson**
**Dagur Freyr Einarsson**
**Eydís Lára Einarsdóttir**

# PIZZUVEISLA!

*Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.*
*Gildir um allar pizzur*



**5 Fyrir 4**
*af öllum pizzum*

**399** kr. stk.
THIN & CRISPY OG DEEP PAN PIZZUR

**899** kr. stk.
CHICAGO TOWN TAKEAWAY PIZZUR

**599** kr. stk.
ICELAND STONE BAKED

**Verð frá 399** kr. Pk.
CHICAGO TOWN PIZZUR 2 Í PAKKA

**799** kr. stk.
ICELAND STUFFED CRUST

**599** kr. stk.
ICELAND WOOD FIRED

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Hæg norðlæg átt og skúrir, einkum síðdegis, en norðaustanstrekkingur og rigning með suðaustur- og austurströndinni. Hiti 10 til 17 stig, hlýjast vestan til.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 7° | 9° |
| ↘ 3 | ↙ 6 | ↓ 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10° | 13° | 10° |
| ↓ 3 | ↖ 3 | ↓ 5 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 7° | 7° |
| ↑ 5 | ← 8 | ↘ 1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 10° | 9° |
| ↗ 2 | ↙ 1 | ↑ 2 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. eining
6. í röð
8. hár
9. þangað til
11. lést
12. vegsama
14. varðveita
16. ekki
17. hélt á brott
18. angan
20. golf áhald
21. gróft orð

**LÓÐRÉTT**
1. stöngulendi
3. í röð
4. aldaskil
5. nögl
7. lindýr
10. gerast
13. meðal
15. einsöngur
16. trjátegund
19. þurrka út

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. stak, 6. rs, 8. ull, 9. uns, 11. dó, 12. mikla, 14. geyma, 16. ei, 17. fór, 18. ilm, 20. tí, 21. klám. **LÓÐRÉTT:** 1. brum, 3. tu, 4. aldamót, 5. kló, 7. snigill, 10. ske, 13. lyf, 15. aría, 16. eik, 19. má.

### Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Lengyel átti leik gegn Portisch í Malaga árið 1964.

**1. ... Dg4+! 2. Kh6 Dg5+!** Jafntefli samið þar sem patt verður ekki umflúið. **2. Kf6** er svarað með **2. ... De6+!**

**www.skak.is:** Allar nýjustu fréttir.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | | 3 | | | |
| 6 | 7 | | 2 | | | | 5 | 9 |
| | | 5 | | 7 | | | 2 | |
| | | | 5 | 8 | 7 | 9 | | |
| 9 | 3 | 2 | | | 6 | | | |
| 5 | | | 9 | | | 6 | 1 | |
| | | | 4 | | | | 8 | 6 |
| 3 | 1 | 6 | | | | | | |
| 4 | 2 | | | | 5 | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | 6 | | | 8 |
| | | 5 | | 1 | 3 | | 2 | 9 |
| 4 | 9 | | | | | | 5 | |
| | | 6 | 5 | 3 | 2 | | | |
| 7 | 8 | | | | 1 | | | 5 |
| 5 | | 4 | | | | | 6 | |
| | | | | | | 4 | | |
| | | | | 9 | | | | |
| 6 | | 3 | | 7 | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 9 | | | |
| | | 4 | | 2 | 5 | 7 | | |
| | 5 | | | | 3 | 6 | 8 | |
| | 1 | | 3 | 5 | | | 2 | |
| 4 | | | | | 2 | 5 | 1 | |
| | | 5 | 9 | | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | |
| | | 8 | 4 | 1 | 6 | | | |
| | 9 | 2 | | | | | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 8 | 7 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 |
| 7 | 6 | 1 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 6 |
| 4 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 7 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 3 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 8 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 |

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






90 ára afmæli Frón

# Kauptu Matarkex




Kexverksmiðjan Frón var stofnuð 12. júní árið 1926, þremur árum eftir að fyrsta kröfugangan á Íslandi fór fram.

Fyrsta verksmiðja fyrirtækisins var í húsi Betaníu við Laufásveg. Matarkexið frá Frón leit dagsins ljós sama ár og má segja að Frón hafi verið með landsmönnum á leiksviði lífsins frá stofnun.

Með tilkomu Matarkexins var stórt skref stigið í iðn- og matvælasögu þjóðarinnar enda var þetta fyrsta íslenska kextegundin sem framleidd var hér á landi. Hún hefur því komið við sögu íslendinga í 90 ár. Fáðu þér bita af sögunni og kauptu þér Matarkex í dag.

# Vertu á leiksviðinu með kexi frá Frón í dag




## Kremkex

Sæmundur í sparifötunum hefur lengi verið eitt allra vinsælasta kremkex landsins.




## Póló

Póló er ómissandi virka daga. Um helgar er alltaf gott að eiga Póló í eldhússkápnum.




## Mjólkurkex

Ungir sem aldnir hafa brotið Mjólkurkexið til helminga og drukkið ískalda mjólk með.

*Kemur við sögu á hverjum degi í 90 ár*

Frón




Þær unnu handritið að sýningunni saman, Auður Haralds rithöfundur og Magnea Björk leikstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Sýningin er óður til **Skólavörðuholtsins**

**Ef þú bara vissir er sýning með um 50 þátttakendum sem fram fer utan dyra í grennd við Skólavörðuholtið á laugardaginn. Mæting er heima hjá leikstjóranum, Magneu Björk Valdimarsdóttur, á Vitastíg 14.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við ferðumst bæði í tíma og rúmi og kynnumst ýmsum leynistöðum í gamla Austurbænum," segir Magnea Björk Valdimarsdóttir leikstjóri um sýninguna Ef þú bara vissir. Viðburðurinn er undir hennar stjórn og er hennar hugarfóstur en Auður Haralds rithöfundur skrifaði textann með henni. Sýningin er liður í hátíðinni Everybody's Spectacular sem fram fer í borginni þessa dagana.

Fjöldi fólks kemur fram í Ef þú bara vissir. Þar eru leikarar, tónlistarfólk, myndlistarfólk, dansarar, rithöfundar, eldri borgarar og börn og fólk á aldrinum þar á milli, alls um 50 manns. Undirtitillinn er Afslappað tímaflakk um Austurbæinn og Magnea Björk segir um óð til Skólavörðuholtsins að ræða en gefur samt ekkert upp um efni verksins.

„Sýningin byrjar heima hjá mér á Vitastíg 14. Áhorfendur mæta þangað, klæddir eftir veðri, og það eina sem þeir vita er að þeir eru að fara í ferðalag, en þó ekki erfiða göngu," segir hún íbyggin. Hún telur upp tónlistarmennina Sigurð Guðmundsson og Benna Hemm Hemm, leikkonurnar Birgittu Birgisdóttur og Margréti Guðmundsdóttur og dansarann Natöshu Monay Royal sem dæmi um þátttakendur í viðburðinum sem tekur um það bil klukkutíma.

Magnea Björk er menntuð leikkona og var að flytja heim frá Marseille í Frakklandi þar sem hún var að ljúka námi í kvikmyndagerð. Hún vann um tíma sem sjálfboðaliði á eyjunni Lesbos í vetur, við að aðstoða flóttafólk og gerði stutta heimildarmynd um þá reynslu eftir að hún sneri aftur í skólann. Einnig hefur hún unnið að gerð heimildarmynda um fólkið í miðbænum og segir þessa sýningu nokkurs konar framhald af þeim.

**ÉG ÓSKA HELST BÆÐI EFTIR SÓL OG REGNI ÞVÍ REGNBOGI MUNDI TOPPA STEMNINGUNA.**

„Ég bjó í mjög sjarmerandi hverfi í Marseille. Þar er bílaumferð lítil en þess meiri saga og ég var búin að tengjast íbúunum vel. Þar hafði ég hugsað mér að setja upp svipað verk og þetta. En þar sem ég hef starfað sem leiklistarkennari barna hér í mínu hverfi í Reykjavík og kynnst fólki gegnum það og líka gert heimildarmyndir í þessum bæjarhluta, fann ég að hér væri ekki síðri efniviður í svona sýningu."

Nú krossar Magnea Björk fingur og biður um gott veður. „Ég óska helst bæði eftir sól og regni því regnbogi mundi toppa stemninguna," segir hún glaðlega.

Þrjár sýningar verða á Ef þú bara vissir – afslappað tímaflakk um Austurbæinn – á laugardaginn, 27. ágúst. Sú fyrsta klukkan 12.30, önnur klukkan 14 og klukkan 15.30 er sú síðasta. Ókeypis er á viðburðinn en það verður að panta miða á hann á tickets@spectular.is.

## Fegurð í ljótleika og stærð í einfaldleika

**BÓKADÓMUR**

**Draumar Ólafs**
**Annar hluti þríleiks**
★★★★★
**Jon Fosse**
**Þýðing:** Hjalti Rögnvaldsson
**Útgefandi:** Dimma
**Prentun:** Litlaprent
**Síðufjöldi:** 85
**Kápa:** Högni Sigurþórsson

Draumar Ólafs er annar hluti þríleiks hins norska Jon Fosse en höfundurinn hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir þríleikinn á síðasta ári. Draumar Ólafs eru framhald Andvöku en síðasti hluti leiksins, Kvöldsyfja, kom út fyrir skömmu. Þó svo að þríleikurinn myndi eina heild þá leið langt á milli þessara þriggja bóka hjá Fosse. Skýringuna er kannski að finna í hversu krefjandi og fínlegur texti er hér á ferðinni. Texti sem flæðir punktalaus um vitund aðalpersónanna og fer á stundum ótrúlega frjáls um í tíma og rúmi. Texti sem Hjalti Rögnvaldsson hefur þýtt og gert það listavel.

Í Draumum Ólafs snúa Ási og Alda aftur til sögunnar eftir biblíulega þrautagöngu um hart samfélag Noregs fyrr á tímum. „Hann fer krókinn, og þegar hann er kominn fyrir krókinn sér hann út á fjörðinn, hugsar Ólafur, því nú er hann Ólafur, ekki Ási, og nú er Alda ekki Alda, heldur Ásta, nú eru þau Ásta og Ólafur Vík," Svona er upphafið að Draumum Ólafs og eftir að hafa lesið Andvöku þá sogast lesandinn rakleiðis inn í frásögnina aftur. Sogast inn í hinn naumt orðaða og fljótandi söguheim. Með sama hætti dregst maður að þessum aðalpersónum sem eru í senn einfaldar, fyrirsjáanlegar og mannlegar.

Draumar Ólafs hverfast að mestu leyti um Ólaf, örlög hans og drauma. Fosse beitir svo vitund, ímyndun og draumum Ólafs með listilegum hætti til þess að ferðast um tíma og jafnvel rúm söguheimsins, fylla í eyður og dýpka persónur.

Það er ekki rétt gagnvart lesendum að láta of mikið uppi um örlög persónanna, ekki síst í ljósi þess að Fosse nær að gera þessa ljóðrænu og fallegu frásögn spennandi. Því þó að Fosse sæki um margt í norskan bókmenntaheim og öreigabókmenntir þá er þar líka að finna fleiri eiginleika. Margt við texta Fosse ber t.d. af því sterkan keim hversu mikið hann hefur fengist við að skrifa fyrir leikhús og tónlistin er einnig sterkur strengur í heild verksins. Verks sem er fallegt í ljótleika sínum og stórt í einfaldleika.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Þessi annar hluti af þríleiks Fosse gefur þeim fyrri ekkert eftir nema síður sé.




## KRÍT




**Galini Sea View**

**Frá kr. 97.595 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 97.595 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 119.595 m.v. 2 fullorðna í herb. Flugsæti á 2fyrir1 tilboði m/gistingu.

29. ágúst í 10 nætur.




**Toxo Apartments**

**Frá kr. 72.145 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 72.145 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 79.195 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. Flugsæti á 2fyrir1 tilboði m/gistingu.

29. ágúst í 10 nætur.




**Pella Steve I**

**Frá kr. 70.645 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 70.645 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 71.495 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. Flugsæti á 2fyrir1 tilboði m/gistingu.

29. ágúst í 10 nætur.



**Stökktu +**

**Frá kr. 64.995 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 64.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íb/hb/st. Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna í íb/hb/st.

29. ágúst í 10 nætur.

## COSTA DEL SOL




**Aguamarina Apartments**

**Frá kr. 73.565 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 73.565 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 91.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. Flugsæti á 2fyrir1 tilboði m/gistingu.

1. september í 11 nætur.




**Sol Principe Hotel**

**Frá kr. 131.545 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 131.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fj.herb. Netverð á mann frá kr. 140.395 m.v. 2 fullorðna í herb. Flugsæti á 2fyrir1 tilboði m/gistingu.

1. september í 11 nætur.




**Hotel Roc Flamingo**

**Frá kr. 119.180 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 119.180 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 136.645 m.v. 2 fullorðna í herb. Flugsæti á 2fyrir1 tilboði m/gistingu.

1. september í 11 nætur.




**Hotel Ms Tropicana +**

**Frá kr. 120.915 m/morgunmat innif.**

Netverð á mann frá kr. 120.915 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 138.745 m.v. 2 fullorðna í herb. Flugsæti á 2fyrir1 tilboði m/gistingu.

1. september í 11 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM76927

Heimsferðir

# Þrúgandi spenna og áhersla á smáatriði

**Hell or High Water**

★★★★☆

**Leikstjóri:** David Mackenzie

**Handritshöfundur:** Taylor Sheridan

**Framleiðendur:** Peter Berg, Sidney Kimmel

**Aðalhlutverk:** Chris Pine, Ben Foster, Jeff Bridges

Oft má fyrirgefa klisjur, litlar sem stórar, ef efniviðurinn veit hvar áherslurnar liggja og það á svo sannarlega við um Hell or High Water, sem best má lýsa sem svokölluðum „neo-vestra“. Myndin er skólabókardæmi um hvernig hægt er að móta eitthvað grípandi og skemmtilegt úr hundgamalli formúlu. Þetta er einföld og á marga vegu fyrirsjáanleg saga en henni tekst að yfirstíga þann galla með markvissri leikstjórn, beittu handriti og flottum leik.

Myndin gerist í vesturhluta Texas og segir frá bræðrunum Toby og Tanner. Toby er fráskilinn faðir sem þráir betra líf fyrir syni sína. Bankinn stefnir á að loka búgarði fjölskyldunnar. Toby leitar þá til bróður síns, fyrrverandi fanga og vandræðagrips, og í sameiningu ákveða þeir að ræna banka í litlum bæjum. Planið virðist vera skothelt þangað til að ríkislögreglufulltrúinn Marcus Hamilton byrjar að fylgja fast á eftir þeim. Eftir því sem ránunum fjölgar verður fulltrúinn nær því að hafa hendur í hári þeirra.



Chris Pine fer með eitt af aðalhlutverkunum í myndinni.

Helsti styrkleiki myndarinnar liggur tvímælalaust í litlu, hljóðlátari augnablikunum en ekki söguþræðinum beint. Leikstjórinn David Mackenzie og handritshöfundurinn Taylor Sheridan (sem seinast skrifaði hina mögnuðu Sicario) hafa meiri áhuga á því að skilja persónur sínar, fletta rólega ofan af þeim og fikta við gráu svæðin frekar en að dæma þær. Myndin snýst minna um plottið og meira um smáatriðin í samspili, drifkrafti og sambönd-um karaktera, þrátt fyrir að öll uppbygging og spenna ríghaldi í þrúgandi andrúmslofti.

Mackenzie heldur þétt um taumana og keyrir söguna alveg fitusnauða. Yfirbragðið er blákalt og dramatískt en handritið nýtir sér fjölmörg tækifæri til þess að lauma inn húmor á þrælskemmtilegan hátt. Leikararnir eru sömuleiðis miklar hetjur og smellpassa á sinn stað, meira að segja aukaleikarar hafa aflestir einhverju við að bæta.

Chris Pine leikur brotnari einstakling en yfirleitt og ber sig vel án þess að tapa þeim sjarma sem á til að leka af honum. Ben Foster er óútreiknanlegur og líflegur sem eldri bróðir hans og fáir komast upp með það að muldra af eins miklum töffaraskap og Jeff Bridges þegar hann er í gírnum. Hann er feiknagóður sem lögreglustjórinn sem á stutt í eftirlaun og gæti mögulega verið fullhrifinn af rasistabröndurum. Eitt af betri atriðum myndarinnar viðkemur veitingastað þar sem Bridges loksins mætir persónu sem trompar sérvisku hans.

Útkoman minnir svolítið á No Country for Old Men ef Coenbræður hefðu fengið að bæta sínu kryddi við. Það helsta sem hittir ekki í mark er litla predikunin sem hún á til að daðra við í tengslum við grimmd banka og valdaleysi litla mannsins. Fjárhagsörðugleikar bræðranna hrinda gjörðum þeirra af stað og hafa í senn litað líf þeirra beggja frá æsku en Mackenzie dregur útrás sína skrefi lengra og fer allt annað en lúmskt að skilaboðunum sem hann sækist eftir. En að þessu frátöldu er Hell or High Water þrumugóður nútímavestri, strengdur saman úr áhugaverðum persónusamskiptum og skrúfar fastar og fastar því lengra sem á líður.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Myndin er fagmannlega gerð, spennandi og stórvel leikin. Hér er skýrt dæmi um hvernig er hægt að matreiða eitthvað ferskt úr gömlum klisjum.



Aude sér um skipulag sundbíósins í ár en í þetta skiptið ákvað hún að leita langt aftur í tímann í leit að hinni réttu kvikmynd til að sýna. Frankenstein er frá árinu 1931. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Frankenstein og Greppibarnið sýnd í sundbíói RIFF

**Hið árlega sundbíó kvikmyndahátíðarinnar RIFF verður ekki af verri endanum í ár. Bíóið fer fram 1. október en þá verða sýndar kvikmyndirnar Greppibarnið og Frankenstein.**

Þann 1. október næstkomandi fer fram árlegt sundbíó á kvikmyndahátíðinni RIFF. Þetta árið verða samtals sex sýningar en þeim er skipt upp í barna- og fullorðins sýningar. Sundbíóið fer fram í Sundhöll Reykjavíkur í ár. Myndirnar sem verða sýndar eru Greppibarnið fyrir börnin og svo Frankenstein sem sýnd verður um kvöldið fyrir fullorðna. Miðasala hefst í dag en æskilegt er að áhugasamir næli sér strax í miða enda seldist upp á örskömmum tíma á seinasta ári. Sundlaugin í Sundhöllinni rúmar aðeins 50 manns á hverri sýningu.

Aude Busson sér um skipulagningu viðburðarins en hann verður með öðru sniði en síðustu ár. „Núna verðum við með allt í Sundhöllinni og einnig með fjórar sýningar fyrir börn og fjölskyldur. Í ár ætlum við að sýna teiknimyndina Greppibarnið. Þá mun barnalaugin breytast í snjóþungan skóg í nokkrar klukkustundir á meðan fylgst er með ævintýrum greppibarnsins sem stelst út í stóra dimma skóginn. Svo munu óma skógarhljóð um Sundhöllina og hver veit nema stóra vonda músin gæti birst á veggjunum. Þetta er falleg saga um hugrekki og það er gaman að búa til þetta andrúmsloft til þess að örva ímyndunarafl barnanna.“

Tvær sýningar verða fyrir fullorðna en þá verður Frankenstein sýnd. „Við reynum alltaf að hafa klassískar myndir í sundbíóinu. Í ár leituðum við í aðeins eldri mynd, en Frankenstein er frá árinu 1931. Hún er í svarthvítu en er samt með tali. Það má segja að sú mynd hafi verið upphafið að hryllingsmyndum og okkur langaði að sýna það. Það verða leikarar og alls konar leikmunir á bakkanum til þess að koma gestum inn í andrúmsloft myndarinnar.“

Miðasala hefst í dag á riff.is en miðarnir á Frankenstein kosta 2.000 krónur. Á barnasýninguna kostar 1.000 krónur fyrir fullorðna, 500 krónur fyrir börn og það er frítt inn fyrir tveggja ára og yngri. Sýningartímar á Greppibarninu eru klukkan 13.00, 14.00, 15.00 og 16.00. Frankenstein verður sýnd klukkan 20.00 og 22.00. gunnhildur@frettabladid.is




# LITUM ALLAN SKÓGINN!

## TÖFRANDI NÝ LITABÓK FRÁ BASFORD




**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.499.-

Fyrst kom Leynigarðurinn,
svo Týnda hafið
og nú Töfraskógurinn!




**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.499.-




**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.499.-

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gildir 25. ágúst, til og með 28. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
Níu líf
Hell or High Water
Sausage Party
Nerve
Bad Moms
Leynilíf Gæludýra

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| NÍU LÍF | 4, 6 |
| HELL OR HIGH WATER | 5:50, 8, 10:10 |
| SAUSAGE PARTY | 8, 10:10 |
| NERVE | 10:10 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ÍSL.TAL | 4, 6 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ENS.TAL | 4 |
| BAD MOMS | 8 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Frá James Wan, leikstjóra The Conjuring 1 og 2, kemur einn magnaðasti spennutryllir ársins!
77%
WASHINGTON POST CHICAGO TRIBUNE
lights out
Þorir þú?
Frá þeim sömu og færðu okkur The Jungle Book
ROGEREBERT.COM
LOS ANGELES TIMES
VARIETY
86%
PETE'S DRAGON
Fullkomin mynd fyrir alla fjölskylduna
SUICIDE SQUAD
Stærsta mynd sumarsins er komin

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| LIGHTS OUT | KL. 6 - 8 - 10 - 10:40 |
| LIGHTS OUT VIP | KL. 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D VIP | KL. 5:20 - 8 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| JASON BOURNE | KL. 8 - 10:40 |
| STAR TREK BEYOND 2D | KL. 8 |
| THE BFG | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 - 11:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 - 6:40 |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 5:20 - 8 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 9 |
| THE LEGEND OF TARZAN 2D | KL. 10:40 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| LIGHTS OUT | KL. 6 - 8 - 10:30 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 - 8 - 10 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JASON BOURNE | KL. 10:20 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 8 |
| HELL OR HIGH WATER | KL. 10:10 |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| LIGHTS OUT | KL. 10:10 - 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 - 8 |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 5:20 - 8 |

Leynilíf Gæludýra
Frá leikstjóranum Steven Spielberg
BFG
VARIETY
MATT DAMON JASON BOURNE

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
THE SHALLOWS
Níu líf
FORSALA HAFIN michael bublé HÁSKÓLABÍÓI 25. SEPTEMBER
TURANDOT 15. september í Háskólabíói
PARTY LIKE A MOTHER BADMOMS
Leynilíf Gæludýra
SAUSAGE PARTY
T.V. - BÍÓVEFURINN
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is



Kött Grá Pjé spilar ásamt Grísalappalísu á Húrra en báðar þessar sveitir eru þekktar fyrir tryllingslega sviðsframkomu.

## 25. ÁGÚST 2016

### Tónlist

**Hvað?** Stebbi og Eyfi – Nína 25
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hlégarður, Háholt 2
Stebbi og Eyfi fagna 25 ára afmælis Nínu. Stiklað verður á stóru í gegum Eyrovision-söguna, gamanmál og gleðisöngvar úr ýmsum áttum flutt. Lagið hefur svo sannarlega lifað góðu lífi hér á landi þrátt fyrir að hafa ekki slegið eins rækilega í gegn hjá Evrópubúum. Þeim félögunum til fulltingis á tónleikunum verður Þórir Úlfarsson. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Árbrautar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Hjalti og Lára eru að senda frá sér plötuna Árbraut og af því tilefni halda þau útgáfutónleika á Græna hattinum í kvöld.

**Hvað?** Svafa Þórhallsdóttir og Sandra Mogensen
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Norræna húsinu
Svafa Þórhallsdóttir söngkona og Sandra Mogensen píanóleikari koma fram á Arctic Concerts tónleikaröðinni í kvöld. Þær munu m.a. flytja verk eftir Sigvalda Kaldalóns, Edvard Grieg og fleiri. Þetta eru síðustu tónleikarnir í Arctic Concerts tónleikaröðinni. Aðgangseyrir er 2.500 krónur.

**Hvað?** Sönglög – Maístjarnan
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kaldalón, Hörpu
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir sópran og Eggert Reginn Kjartansson tenór flytja íslenskar sönglög perlur við meðleik Sólborgar Valdimarsdóttur.



Högni Egilsson og fleiri dýravinir koma saman í Hvalasafninu á samstöðutónleikum gegn hvalveiði.

**Hvað?** Útgáfutónleikar – Techno 1
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Gunnlaugur (Gulli) Björnsson gítarleikari gefur út plötuna Techno 1 og ætlar að halda tónleika í tilefni þess.

**Hvað?** Síðsumardjass
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Ingibjörg Fríða Helgadóttir og Kjartan Valdemarsson ætla að flytja djass með síðsumarsþema. Almennt verð á tónleikana er 2.000 krónur.

**Hvað?** Ohara Hale og Wesen
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Loft hostel
Þær stöllur Júlía Hermannsdóttir og Ohara Hale munu taka lagið saman á Lofti og verður það hið glæsilegasta sjónarspil.

**Hvað?** DJ KrBear
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Tivoli
Plötusnúðurinn KrBear ætlar að spila nokkrar skemmtilegar plötur á Tivoli þennan fagra fimmtudag.

**Hvað?** DJ Óli Dóri
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó
Óli Dóri sér um tónlistina á Bravó í kvöld. Margir þekkja hann sem manninn bak við útvarpsþáttinn Straum.

**Hvað?** Ágústdjass, Tríó Andreu Gylfa
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Andrea Gylfa flytur djass með tríóinu.

**Hvað?** Grísalappalísa og Kött Grá Pjé
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Seiðkarlinn Kött Grá Pjé og villtu drengirnir í Grísalappalísu sameina krafta sína á Húrra í kvöld og það er eiginlega algjörlega bókað mál að það verði tryllingur, að minnsta kosti mun Kött rífa sig úr að ofan ... eða jafnvel að neðan.

**Hvað?** Beige Boys
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið
Drapplitu drengirnir stíga á svið í fjörkofanum Prikinu og munu hrista húsið.

**Hvað?** Gunnar Jónsson Collider
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hlemmur Square
Gunnar Jónsson spilar á alls kyns hljóðfæri og gerir tilraunir með hinar og þessar tónlistarstefnur. Hann ætlar að gera þetta allt saman í kvöld undir einu þaki.

**Hvað?** DJ Raggi
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Lebowski bar
Raggi ætlar að



Andrea Gylfa syngur djass á Café Rósenberg í kvöld.

# Tónleikar innan um tuttugu og tvær hvalategundir í fullri stærð

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni listamannanna sem koma fram og hafa stutt dyggilega við undirskriftasöfnunina The International Fund for Animal Welfare og IceWhale.

„Ég styð undirskriftasöfnunina, sem snýst í meginatriðum um að fá túrista til að skrifa undir yfirlýsingu um að þeir muni ekki borða hvalkjöt á Íslandi, en það er eftirspurn frá þeim sem knýr áfram hvalveiðar. Sjálf borða ég ekki kjöt eða aðrar dýraafurðir,“ segir Sóley Stefánsdóttir tónlistarkona, en hún kemur fram á tónleikunum Hvalir Live, sem haldnir verða í einstöku umhverfi Hvalasafnsins og hefjast þeir klukkan níu í kvöld.

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni listamannanna sem koma fram og hafa stutt dyggilega við undirskriftasöfnunina, til verndar hvölum við Íslandsstrendur, en nú þegar hafa safnast hátt í hundrað

**Á LAUGARDAGINN ÆTLA ÉG ÁSAMT STÓRRI HLJÓMSVEIT AÐ SPILA Á SKEMMTISTAÐNUM MENGI. ÞAR ÆTLUM VIÐ AÐ PRÓFA GLÆNÝTT EFNI FYRIR NÝJU PLÖTUNA MÍNA.**

þúsund undirskriftir, frá bæði Íslendingum og erlendum ferðamönnum.

„Hvalveiðar eru sérstaklega ómannúðlegar. Hvalir eru klár og mögnuð dýr og mikilvægir fyrir vistkerfið okkar. Hvalir eru spendýr eins og við og hafa líklega miklar tilfinningar. Það eru algjör forréttindi að fá að taka þátt í verkefni sem stendur manni nærri,“ segir Sóley.

Fjölmargir þekktir tónlistamenn koma fram á tónleikunum ásamt leynigesti..

„Ég mun koma fram ásamt Högna, hljómsveitinni Sin Fang og DJ Margeiri,“ segir hún og bætir við að hún hlakki mikið til að koma fram í Hvalasafninu, enda einstakt rými að spila í.

Nóg er um að vera hjá Sóleyju en sem stendur er hún önnum kafin við að semja nýja plötu sem væntanleg er í verslanir á næstunni.

„Á laugardaginn ætla ég ásamt stórri hljómsveit að spila á skemmtistaðnum Mengi. Þar ætlum við að prófa glænýtt efni fyrir nýju plötuna mína,“ segir Sóley. gudrunjona@frettabladid.is



spila það heitasta úr plötusafninu sínu á Lebowski.

**Hvað?** Hvalir live!
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hvalasafnið
Nokkrir tónelskandi dýravinir ætla að koma saman í Hvalasafninu og halda þar tónleika. Um ræðir Sóleyju, Högna, Sin Fang og DJ Margeir – einnig verður leynigestur. Miðaverð 2.900 krónur.

**Hvað?** Endless Dark, Conflictions & Aaru
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn
Metalveisla á Gauknum þar sem nokkrar trylltar málmsveitir halda uppi öskrandi góðu stuði. 1.000 krónur inn.

**Hvað?** Saudaá Group og Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Deiglan, Akureyri
Saudaá Group er franski tónlistarmaðurinn Alexis Paul. Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir spilar á píanó, syngur og leikur á klarínett.

## Leiðsögn

**Hvað?** Listamannaspjall – Bára Kristinsdóttir og Ólöf Nordal
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Listakonurnar ræða um verk sín á sýningunni Ríki – flóra, fána, fabúla. Aðgöngumiði á safnið gildir.

**Hvað?** Leiðsögn um sýninguna Arkitektúr á Akureyri
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Ketilhúsið, Akureyri
Haraldur Ingi Haraldsson veitir leiðsögn um sýninguna Arkitektúr á Akureyri. Aðgangur er ókeypis.

## Ljóð

**Hvað?** Komdu – 100 ára skáldafmæli Davíðs Stefánssonar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Davíðshús
Í Davíðshúsi í dag verður þess minnst að 100 ár eru nú liðin frá því að fyrstu ljóð Davíðs Stefánssonar birtust á prenti. Valgerður H. Bjarnadóttir, húsfreyja í Davíðshúsi, ætlar að fara yfir sögu fyrstu ljóða Davíðs og fleira.

**Hvað?** Listasýning
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla sundlaugin, Hótel Eddu, Skógar
Listamenn sem starfað hafa á Hótel Eddu á Skógum í sumar sýna afraksturinn og slá upp listasýningu. Allir velkomnir.






# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Litlu Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Jamie's 30 Minute Meals
**10.45** Marry Me
**11.10** World's Strictest Parents
**12.15** Lífsstíll
**12.35** Nágrannar
**13.00** Lífsstíll
**13.20** Inside Llewyn Davis
**15.10** The Little Rascals Save the Day
**16.50** Litlu Tommi og Jenni
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Friends
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Marry Me
**19.40** The New Girl
**20.05** Masterchef USA
**20.50** Person of Interest
**21.35** Tyrant
**22.20** Ballers
**22.50** The Tunnel Önnur syrpan af þessum bresk-frönsku spennuþáttum sem byggðir eru á dansk-sænsku þáttaröðinni Brúnni. Hjónum er rænt í göngunum undir Ermarsundið sem tengja England og Frakkland. Breski lögreglumaðurinn Karl Roebuck og franska lögreglukonan Elise Wassermann fá það hlutverk að rannsaka málið og þau þurfa að taka höndum saman til að hafa uppi á ræningjunum og bjarga hjónunum áður en það verður of seint.
**23.40** The Third Eye Önnur syrpan af þessum hörkuspennandi og vönduðu norsku þáttum um rannsóknarlögreglumanninn Viggo Lust. Tvö ár eru liðin frá því að dóttir hans hvarf sporlaust í hans umsjá og líf hans snúið á hvolf. Hann hefur nú slitið öll tengsl við fortíðina og hafið störf á nýjum vettvangi hjá lögreglunni. En þegar hann verður sjálfur vitni að glæp þá þarf hann að vinna með fyrrum félögum sínum á ný til að upplýsa það mál.
**00.30** Aquarius
**01.15** The Maze Runner Spennutryllir sem segir frá dularfullu lífi 60 unglingspilta sem lokaðir eru inni í litlu samfélagi sem er umlukið völundarhúsi. Þeir muna ekki hvernig þeir lentu á þessum stað og trúa staðfastlega að völundarhúsið sé leið þeirra út í frelsið. En að komast í gegnum það er hægara sagt en gert því við sólsetur fara undarlegar og stórhættulegar verur á stjá inni í völundarhúsinu og enginn vill lenda í þeim. Á 30 daga fresti birtist nýr strákur í samfélaginu en í eitt skiptið kemur stelpa. Koma hennar í samfélagið breytir öllu.
**03.05** NCIS: New Orleans
**03.50** Inside Llewyn Davis

## STÖÐ 2 SPORT

**07.40** West Ham - Bournemouth
**09.30** Sunderland - Middlesbrough
**11.15** Messan Leikirnir í enska boltanum gerðir upp og mörkin og marktækifærin krufin til mergjar.
**12.45** FH - Stjarnan
**14.35** Pepsi-mörkin
**16.20** Stjarnan - ÍBV
**18.00** Demantamótaröðin - Lausanne Bein útsending
**20.00** Markaþáttur Pepsi-deildar kvenna
**20.45** Premier League World
**21.15** Watford - Chelsea
**23.00** Selfoss - Grindavík
**00.40** WBA - Everton

## STÖÐ 3

**17.50** Raising Hope
**18.15** The Big Bang Theory
**18.35** Modern Family Fimmta syrpan af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim.
**19.00** Fóstbræður Íslenskt gæðagrín eins og það gerist best, hér fara hinir goðsagnakenndu Fóstbræður á kostum með sprenghlægilegu og frumlegu gríni.
**19.25** Entourage
**19.50** Hið blómlega bú 3
**20.25** Geggjaðar græjur
**20.45** Burn Notice
**21.30** Drop Dead Diva Fimmta þáttaröðin um Jane Bingum sem er föst í sál bráðhuggulegrar fyrirsætu sem föst er í líkama lögmannsins Bingum. Þær eiga sífellt auðveldara með að deila sál og líkama, og komast að ýmsu í fortíð hvor annarrar.
**22.10** NCIS: New Orleans
**22.55** Fóstbræður
**23.25** Entourage
**23.50** Hið blómlega bú 3
**00.20** Geggjaðar græjur
**00.40** Burn Notice
**01.20** Drop Dead Diva
**02.05** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Kalli á þakinu
**07.25** Ævintýri Tinna
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Ævintýraferðin
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Lína langsokkur
**10.25** Gulla og grænjaxlarnir
**10.37** Stóri og litli
**10.49** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Kalli á þakinu
**11.25** Ævintýri Tinna
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Ævintýraferðin
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Lína langsokkur
**14.25** Gulla og grænjaxlarnir
**14.37** Stóri og litli
**14.49** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Kalli á þakinu
**15.25** Ævintýri Tinna
**15.47** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Ævintýraferðin
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Lína langsokkur
**18.25** Gulla og grænjaxlarnir
**18.37** Stóri og litli
**18.49** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Hrúturinn Hreinn

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Wyndham Championship
**13.40** PGA Tour 2016 - Highlights
**14.35** The Open Championship
**17.35** Inside the PGA Tour
**18.00** The Barclays
**22.00** PGA Championship

## BÍÓSTÖÐIN

**09.45** My Girl
**11.30** Ocean's Thirteen
**13.30** The Amazing Spider-Man 2
**15.50** My Girl Sígild og afar áhrifamikil fjölskyldumynd um hana Vöndu sem er ellefu ára og á eftirminnilegt sumar framundan. Pabbi hennar er sérvitur ekkjumaður sem rekur útfararþjónustu og má ekki vera að því að sinna henni. Sem betur fer kynnist hún Thomasi J. sem reynist henni einstakur vinur.
**17.35** Ocean's Thirteen
**19.40** The Amazing Spider-Man 2
**22.00** Mission: Impossible III
**00.05** Man of Steel Stórmynd frá 2013 um ungan mann með ofurkrafta. Hann kom frá framandi plánetu sem ungbarn og ólst upp á sveitabæ en komst fljótt að því að hann var öðruvísi en önnur börn. Núna er hann orðinn fullorðinn og notar hæfileika sína til að berjast gegn illum öflum. Það er Henry Cavill sem leikur Superman í þessari ævintýra- og hasarmynd.
**02.25** Getaway
**03.55** Mission: Impossible III

## RÚV

**17.05** Violetta
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Eðlukrúttin
**18.12** Vinabær Danna tígurs
**18.25** Með okkar augum I
**18.50** Bækur og staðir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.00** Heimilismatur með Lorraine Pascale
**20.30** Síðasti tangó í Halifax
**21.25** Erfðabreytt matvæli - Alið á ótta
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.00** Ráðgátur Murdochs – Varúlfar
**23.45** Kastljós
**00.05** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.45** Secret Street Crew
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Telenovela
**13.55** Survivor
**14.40** America's Funniest Home Videos
**15.05** The Bachelor
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
**20.15** Girlfriend's Guide to Divorce
**21.00** BrainDead
**21.45** Zoo
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Harper's Island
**00.35** Law & Order: Special Victims Unit
**01.20** American Gothic
**02.05** BrainDead
**02.50** Zoo
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





FRÁBÆRT
FIMMTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

**MASTERCHEF**
Skemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.



**PERSON OF INTEREST**
Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður taka saman höndum um að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



**TYRANT**
Þriðja serían af þessum hörkuspennandi þáttum um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.



**BURN NOTICE**
Hörkuspennandi þáttur um njósnarann Michael Westen sem er enn á brunalistanum en það er listi yfir njósnara sem er ekki lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda.



**MISSION IMPOSSIBLE 3**
Þriðja myndin í hinni ótrúlega vinsælu myndaröð um hrikalega hættuleg og nánast óleysanleg verkefni leyniþjónustumannsins Ethans Hunt.



Krakka stöðin
**HRÚTURINN HREINN**
Þegar hjólhýsi þar sem bóndinn sefur rúllar stjórnlaust inn í borgina neyðist hrúturinn Hreinn til að bregðast við og koma karlinum aftur heim áður en hann vaknar. Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is







*Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.*

IS AG 17 678




32
SKOÐUNAR-
STÖÐVAR UM
LAND ALLT

## Bifreiðaskoðanir

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu.
Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.
Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuprófa á Íslandi.
Ökuprófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is




*- örugg bifreiðaskoðun um allt land*

# Siðareglur líkamsræktarstöðvarinnar



Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is

**Haustið nálgast og þá er kominn tími til að taka saman sólbekkinn, dusta mylsnuna af maganum og rjúka í næstu líkamsræktarstöð. En hægan, hægan, þar gilda ákveðnar reglur. Hér verður farið yfir nokkrar þeirra svo við getum öll bólgnað út af vöðvum sársaukalaust.**

Það getur verið hræðandi að koma inn á líkamsræktarstöð í fyrsta sinn. Þarna er fullt af fólki í alls konar undarlegum stellingum að gera hluti sem sumir hafa aldrei séð framkvæmda áður og ekki einu sinni gert sér í hugarlund að hverju einhver ætti að vilja framkvæma téða hluti. Sveitt fólk öskrandi og æpandi og mörg tonn af járnum að skella í gólfinu svo allt leikur á reiðiskjálfi. Þetta er þó ekkert miðað við allar óskrifuðu reglurnar sem gilda á líkamsræktarstöðvunum – fyrir að brjóta þær er refsingin miklu verri en hver hefðbundin refsing réttarríkisins, nefnilega illt auga og möguleg félagsleg útskúfun. Við skulum líta aðeins á þessar reglur.



## Spyrja hvort þú megir taka á milli og mikilvægi þess að fara í rétta röð

Í troðfullri líkamsræktarstöðinni er mjög mikilvægt að á stöðum eins og bekk, beygjurekka og fleirum ríki ákveðin samstaða og að það sé hægt að fá að koma á milli setta. Að sama skapi er oft röð í tæki og þá skiptir máli að hún sé rétt – það er að segja að sá sem er fyrstur í röðinni sé það í raun og veru. Þetta hljómar mjög einfalt en stundum virðist ríkja misskilningur um að það sé hægt að „hleypa“ vinum sínum eða „arfleiða“ þá að tækinu sem þú ert í þó að það séu hundrað aðrir að bíða. Pro tip: til að það sé enginn vafi um hver sé fremstur í röðinni er gott að spyrja manneskjuna sem er að nota tækið hvort að það sé „mikið eftir“ og þá ættu skilaboðin um að þú sért að bíða að vera komin til skila. Ef einhver bíður eftir tækinu er mikilvægt að hleypa næsta að og passa að enginn annar troði sér fram fyrir – þannig getum við skapað betri heim saman og komið á heimsfriði.



## Þurrka upp svitapollinn

**Það er yfirleitt alltaf hægt að fá handklæði í líkamsræktarstöðvum og ástæðan fyrir því er sú að meirihluti fólks í gymminu er eðli málsins samkvæmt að fara að rennsvitna yfir allt og alla og því þurfa allir að þurrka upp eftir sig. Pollur af annarra manna svita er ekki eitthvað sem fólk vill þurfa að athafna sig í – jafnvel þó að í svita séu alls kyns hormónar.**



## Taka saman eftir sig

**Þetta er ekki flókin regla og frekar augljós, en ástandið í flestum líkamsræktarstöðvum segir aðra sögu. Málið er að þegar þú ert búin/n að nota búnað í ræktinni áttu að skila honum á sinn stað/þangað sem þú náðir í hann. Það er argasti dónaskapur að láta þann næsta ganga frá eftir þig eða að skilja lóð eftir þannig að fólk þurfi að leita þau uppi. Það á ekki að þurfa mynd af Bjössa í World Class með krosslagða arma til að fólk átti sig á þessu.**

## Klefinn er ekki herbergið þitt

Sveitt föt, sveittar nærbuxur og sveittar töskur eiga ekki að vera úti um allt. Sumir virðast hoppa úr fötunum inni í klefa og kasta þeim út um allt – svona eins og manneskjan hafi sprungið í loft upp og ekki skilið neitt eftir nema ræktarfötin. Það er fólk sem vill mögulega nota bekkina til að sitja á, til dæmis eldri borgarar og/eða fólk sem var að taka gríðarlega þungar hnébeygjur.



## Og síminn

**Talandi um símann, þá er fáránleg hegðun að ganga um líkamsræktarstöð talandi hástöfum í símann. Flestar líkamsræktarstöðvar takmarka símanotkun að einhverju leyti, sérstaklega myndatöku, og það er auðvitað rugl að taka sjálfu inni í sal og hvað þá myndir af ókunnugu kafrjóðu og sveittu fólki í misgóðu líkamlegu formi. Margir nota samt alls kyns öpp í símanum í ræktinni og hlusta á tónlist – það er í lagi.**

## Ekki stynja of mikið

Átökum fylgja stundum búkhljóð en þessar stunur sem gæinn í upphitunarsettinu sínu af curls er að gefa frá sér eru mjög stórt vandamál fyrir okkur hin og valda hugrenningatengslum sem enginn á að þurfa að búa við í líkamsræktarstöð. Öskur eru eiginlega ekki í lagi nema að þú sért að toga upp metþyngd í réttstöðulyftu.



## Bannað að nota mörg tæki í einu og taka frá

Ef líkamsræktarstöðin er nánast tóm er allt í góðu að gera margt í einu með mörgum lóðum og teygjum og pöllum og öllu þessu – svona ef það er af einhverjum ástæðum það sem þú vilt gera. En það er gjörsamlega óþolandi fyrir alla ef þú ert að hlaupa á milli handlóða, í bekk og hnébeygjurekkann og tekur síðan langar hvíldartarnir á milli allra þessara átakamiklu setta sem þú eyðir svo aðallega í að banna fólki að nota allt dótið sem þú ert með í gíslingu. Einnig er illa séð að taka frá tæki í lengri tíma á meðan þú ert að spjalla við kunningja eða í símanum – klósettferðir sleppa.


Mannakorn
í Eldborg,
1. október
Mannakorn er ein ástsælasta hljómsveit landsins og kemur nú fram í Eldborgarsal Hörpu í fyrsta sinn.
Sveitinni til halds og trausts er fantagóð strengja– og blásturssveit sem mun gæða öll bestu lög sveitarinnar einstökum blæ.
Miðasala hefst í dag kl. 10:00 á tix.is, harpa.is og í miðasölu Hörpu.
DÆGURFLUGAN
HARPA

# Grímur, dulúð og nafnleynd

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Hljómsveitir með meðlimi undir nafnleynd er ekki nýtt fyrirbæri. Stuðmenn voru í upphafi ferils síns leyniband og ferðuðust um landið með grímur. Hljómsveitin Slipknot hefur ávallt komið fram með sínar sérstöku grímur og hefur mætt jakkafataklædd á rauða dregilinn með grímurnar á sér og ótal önnur dæmi. Við heyrðum í íslenskum (mis)leynilegum hljómsveitum og tónlistarfólki og reyndum að fræðast örlítið meira um þau og ástæður leyndarinnar.

## GANGLY



MYND/MÁNI SIGFÚSSON

*Var það meðvituð ákvörðun að gefa ekki upp hverjir eru í hljómsveitinni?* Nei, ekki beint. Við vissum að fólk myndi komast að því fyrr eða síðar hverjir væru í bandinu. Bara gaman að prófa og sjá hvað myndi gerast með því að henda lagi á netið án nokkurra upplýsinga.

*Nú eruð þið öll tónlistarmenn úr öðrum böndum – er leyndardómsfullt yfirbragð ákveðin leið til að fjarlægja persónu ykkar frá þessu nýja verkefni?* Nei, myndi ekki segja það. Þetta var bara næs leið til að búa til einhvern filing í kringum tónlistina sem Gangly gerir.

*Hvernig tónlist eruð þið að gera?* Þetta er einhvers konar skrítið fljótandi elektrónískt RnB popp.

*Hvað er svo fram undan?* Erum að fara gefa út fjögur ný lög á eins til tveggja mánaða fresti. Fyrsta lagið í þessari syrpu kemur út núna um miðjan september.

**VIÐ VISSUM AÐ FÓLK MYNDI KOMAST AÐ ÞVÍ FYRR EÐA SÍÐAR HVERJIR VÆRU Í BANDINU. BARA GAMAN AÐ PRÓFA OG SJÁ HVAÐ MYNDI GERAST MEÐ ÞVÍ AÐ HENDA LAGI Á NETIÐ ÁN NEINNA UPPLÝSINGA.**

## VAGINABOYS




MYND/MAGNÚS ANDERSSEN

*Hvers vegna kjósið þið að fara leynt með hverjir eru í hljómsveitinni?* Við gerum tónlist vegna þess að við elskum tónlist. Til þess að koma sköpun á framfæri þarf maður að koma fram opinberlega. Við erum spéhræddir svefndrukknir unglingar sem kæra sig ekki um frægð og frama svo við kjósum að koma fram nafnlaust án persónulegrar tengingar við verkin. Verkin tala fyrir sig og eru ekki um ákveðna persónu eða það sem gerist í okkar lífi, heldur frekar allt sem gerst hefur, mun gerast og gæti kannski gerst.

*Var það meðvituð ákvörðun frá upphafi að leyna persónum meðlima hljómsveitarinnar?* Já, þetta er ákveðinn þægindarammi sem við kjósum að stíga ekki út fyrir þar sem dulúð er eitt það kynþokkafyllsta sem við vitum um. Svipað og þegar sveimhugar sjá fallega veru í fjarska og ná augnsambandi og finna tengingu en vita ekki af hverju og átta sig kannski aldrei á því. Sú dulúð sem maður upplifir í augum viðkomandi er eins óljós og framtíð íslensku krónunnar. Gerist það eitthvað mikið kynþokkafyllra en það?

*Eruð þið nokkuð með ljót leyndarmál sem er verið að fela? Jafnvel líkamleg lýti?* Já, við höfum gert mistök en mistök eru til þess að læra af og við huggum okkur við það að við verðum öll dauð eftir hundrað ár svo það þýðir ekki að gráta lengi. Líkamlegu lýtin okkar hafa öll verið fjarlægð af reyndustu lýtalæknum landsins svo þau eru ill sjáanleg síðan tekjurnar fóru að streyma inn í búið.

*Hjálpar leyndin til við tónlistarsköpun og/eða flutning?* Já, það er þægilegt vera ekki stoppaður þegar maður er að bíða eftir pulsu með engri pulsu og strætó í Mjóddinni og þurfa ekki að tala við fólk sem maður þekkir ekki til þess að útskýra verk sem maður skilur ekki. Frjálslegra að vera bara maður sjálfur, óþekktur svefndrukkinn unglingur sem ekkert veit eins og við höfum alltaf verið.

*Hvað er svo fram undan hjá Vagina Boys?* Við ætlum að vera með flottustu tónleika heimsins ársins á heimsvísu í Hörpu í desember þar sem við ætlum að vera með lifandi vídeóverk á bak við eins og á Sonar og vonandi leisersjó, það verður veisla veislanna. Við stefnum að því að hefja miðasölu 1. september og það verða örfáir miðar í boði. Þar kemur fram önnur nafnlaus hljómsveit í fyrsta skiptið að ég held sem er frá Höfn og fjallað hefur verið um. Svo er það náttúrulega árshátíð íslenskra tónlistarmanna, Iceland Airwaves, í nóvember þegar einn meðlimur sveitarinnar á afmæli og fagnar 16 árunum með vinum og fjölskyldu.

*Eitthvað sem þið viljið bæta við?* Áfram alls konar! Okkar helsta markmið er að vera okkur sjálfum og fjölskyldum okkar til sóma. Við viljum gera okkar besta til að koma góðum skilaboðum á framfæri og styðjum réttindabaráttu minnihlutahópa. Það verður gaman í vetur og kósí undir sæng því við erum komnir með streymisveitu sem ætlar að leyfa okkur að horfa á sjónvarpsþætti og myndir og mjög flott stöff á bara eitthvað mánaðargjald á mánuði. Lífið heil og sjáumst í Hörpunni í desember. Vonandi verður þessi texti ekki rifinn úr samhengi og settur óklipptur á forsíðu dagblaðs en við elskum ykkur samt.

**ÞETTA ER ÁKVEÐINN ÞÆGINDARAMMI SEM VIÐ KJÓSUM AÐ STÍGA EKKI ÚT FYRIR ÞAR SEM DULÚÐ ER EITT ÞAÐ KYNÞOKKAFYLLSTA SEM VIÐ VITUM UM.**

## HIGHDEE



MYND/HIGHDEE

*Hver er Highdee?* Ég er UPPVAKiN, ég er HiGHDEE.

*Hvernig byrjaðir þú í bransanum og hvernig tónlist gerir þú?* Tónarnir hafa leikið við mig frá því að ég man eftir mér og hafa skapað með mér minningar síðan. Draumkenndar modern djass hiphop chill-bylgjur.

*Hverjir eru helstu áhrifavaldar þínir?* Töfrarnir koma frá náttúrunni, ég er undir áhrifum hennar og eilífu ástarinnar.

*Nú varstu að gefa út myndband við þitt fyrsta opinbera lag, FiNNDU MiG – hvaða fólk var með þér í þessu lagi og myndbandi?* Það eru þeir hæfileikAríku og yndislegu vinir mínir EMiL ANDRi EMiLSSON og HERMaNN HERMaNNSSON BRiDDE – myndefnið tók myndefnisgaldrakarlinn besti hjartans vinur minn og sá einnig um alla eftirvinnslu.

Í gegnum tíðina hef ég einungis unnið með vinum mínum, þeir eru mitt teymi og eru þeir sem hafa hvatt mig áfram. Það eru forréttindi að hafa fengið að mótast og vaknA upp hægt og rólega í þessu litríkA, töfrandi og skapandi umhverfi. Ég er þeim ævinlegA þakklát.

Það er alltaf flæði í ástinni, lífið er okkar ævintýri og ég mun vonandi aldrei hættA að segja ykkur frá því héðan í frá.

*ÉG ER BETRi MEÐ ÞÉR/*
*ALLT SEM ÉG ER/*
*HEiMURiNN SÉR/*
*ALLT MEÐ MÉR/*
*ÉG ER ALLT MEÐ ÞÉR/*
*ÞÚ ERT EiTT MEÐ MÉR/*
*EKKERT ER EiTT OG SÉR/*




# FÁÐU ÞÉR ÁRSKORT!

**5** PARTÝ **+ 3** JÓGATÍMAR Á VIKU · **200** ZUMBA PARTÝ **+** 100 JÓGA TÍMAR

EINNIG KLIPPIKORT - 5, 10 EÐA 20 TÍMA







**LÍNUDANS**
BYRJENDUR Á ÞRIÐJUDÖGUM KL. 19

JÓGA
*með Theu*

SAMKVÆMIS-
DANSAR

DANS & JÓGA

**DANS & JÓGA · VALSHEIMILIÐ HLÍÐARENDA · WWW.DANSOGJOGA.IS**








Salka Valsdóttir er einn af heilunum bak við sýninguna Reykjavíkurdætur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Ekki endilega söngleikur Reykjavíkurdætra

**Reykjavíkurdætur** vinna þessa dagana að sýningu fyrir Borgarleikhúsið sem mun verða frumsýnd í maí á næsta ári. Hvað þessi sýning á nákvæmlega að vera er ekki alveg víst á þessum tímapunkti og hún gæti þess vegna endað sem söngleikur, en samt ekki.

Við vorum boðaðar á fund og okkur var boðið litla sviðið, budget, tæknimenn og að við megum bara gera það sem við viljum. Þetta er bara massívt opið fyrirbæri – svona eins og þetta er núna. Það er ekki verið að biðja okkur um að halda tónleika eða að skrifa leiksýningu endilega, ekki einu sinni verið að biðja okkur að leika í þessu sjálfar – það er bara verið að biðja okkur um að taka þetta rými og gera það sem við viljum með það.

Ég get samt sagt það að við ætlum að nýta hópinn – nota hann eins og fjársjóðskistu. En það gæti verið að allur hópurinn verði bak við tjöldin á endanum,“ segir Salka Valsdóttir úr Reykjavíkurdætrum og heilinn á bak við sýninguna Reykjavíkurdætur, sem verður frumsýnd í maí á næsta ári í Borgarleikhúsinu spurð um hvers lags sýningu sé nú eiginlega að ræða.

„Við erum með teymi innan Reykjavíkurdætra núna sem við formuðum eftir að ég, Kolfinna og Blær fórum á fundinn með leikhússtjóra. Við tókum ábyrgð á þessu verkefni og fengum svo með okkur fleiri stelpur úr hópnum. Núna erum við að sinna rannsóknar- og verkefnavinnu sem er leidd af Kolfinnu sem er í raun leikstjórinn að verkefninu. Við erum að sýna hver annarri myndir og hugmyndir – þetta er á algjöru frumstigi enn þá.

Við erum að fara að kynna verkefnið fyrir starfsfólki og listrænum stjórnendum í Borgarleikhúsinu núna á mánudaginn. Þannig að við erum búnar að vera að vinna í því að setja saman grunnþemu og hugmyndir sem við höfum verið að vinna í í sumar. Við eigum alveg ótrúlega mikið af skemmtilegu efni núna sem væri hægt að setja upp sem viðmið. Þetta er samt svona sýning sem á ekki eftir að verða ljóst hvernig verður nákvæmlega fyrr en svona viku fyrir sýningu.“



Reykjavíkurdætrahópurinn er skipaður fjölbreyttum hópi kvenna úr ýmsum áttum.

> **NÚNA ERUM VIÐ AÐ SINNA RANNSÓKNAR- OG VERKEFNAVINNU SEM ER LEIDD AF KOLFINNU SEM ER Í RAUN LEIKSTJÓRINN AÐ VERKEFNINU. VIÐ ERUM AÐ SÝNA HVER ANNARI MYNDIR OG HUGMYNDIR – ÞETTA ER Á ALGJÖRU FRUMSTIGI ENN ÞÁ.**

Þann 3. september næstkomandi verða útgáfutónleikar Reykjavíkurdætra en þær gáfu nýlega út sína fyrstu plötu. Þar má búast við miklu sjónarspili.

„Útgáfutónleikarnir okkar verða mikið og stórt sjó sem við erum að plotta. Þeir verða kannski meira eins og Reykjavíkurdætur: Söngleikurinn heldur en leikritið á svo eftir að enda. Það verður samt kannski einhvers konar referens að því leyti að þarna verður stór hópur að performa – þetta gæti gefið einhvern forsmekk að því hvernig þetta á eftir að líta út hjá okkur, en kannski ekki,“ segir Salka dularfull, spurð hvort við fáum ekki smá smakk á tónleikunum.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



Domino's
MEGAVIKA
ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
1.490 KR.
PÖNNUPIZZA: 1.590 KR.
EF ÞÚ SÆKIR, VIKUNA 22.–28. ÁGÚST 2016
www.dominos.is
sími 58 12345
domino's app
Coca-Cola
PIPAR\TBWA • SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Takk, konur

Nýverið upplifði ég stórkostlegustu stund lífs míns. Það eru engar ýkjur. Á fæðingardeild Landspítalans fæddi unnusta mín frumburðinn okkar, heilbrigðan og hraustan dreng, og ég var viðstaddur. Þessi upplifun er auðvitað ekkert einstök í veröldinni. Sem betur fer eru þeir margir sem kynnast þessu á lífsleiðinni.

Það breytir því ekki að mín persónulega reynsla var stórfengleg. Eitthvað sem ekkert gat búið mig undir. Allar lýsingar og frásagnir sem ég hafði áður heyrt fölnuðu í samanburði við hinn raunverulega viðburð.

Að fylgjast með sjálfri fæðingunni er það magnaðasta sem ég hef nokkru sinni gert. Samt var ég bara að fylgjast með. Reyna að vera til staðar. Það var unnusta mín sem sá um allt erfiðið. Hún gekk með barnið og fór í gegnum allskyns breytingar í níu mánuði áður en hún svo fæddi það með tilheyrandi átökum. Það er svo magnað.

Þannig gerist stórkostlegasta kraftaverk náttúrunnar. Kona fæðir í heiminn dreng og hann smátt og smátt verður að sjálfbjarga einstaklingi sem vex og dafnar með degi hverjum. Þetta gerði unnustan rétt eins móðir mín og systir gerðu á sínum tíma og konur munu gera eins lengi og mannkynið heldur velli.

Hlutverk mitt á fæðingardeildinni var léttvægt. Eiginlega algert aukaatriði. Þar var starfsmaður spítalans, ljósmóðir, sem sá til þess að allt færi rétt fram. Hún var líka stórkostleg. Allar þessar konur eru djásn náttúrunnar. Ekkert fæðist án móðurinnar. Og ég er orðinn svo væminn að það rignir glimmeri og englahárum yfir lyklaborðið mitt. Takk fyrir mig konur. Ég rata út.








